

SÁLFRÆÐIRITID

27. ÁRGANGUR 2022

ICELANDIC JOURNAL OF PSYCHOLOGY

**Hvatningarleikur
til bekkjarstjórnunar:**
Áhrif á námsástundun
og hegðun nemenda

**Próffræðilegir eiginleikar
íslenskrar þýðingar GAD-7
í klínísku úrtaki**

**Siðanefnd Sálfræðingafélags
Íslands:** Hlutverk nefndarinnar
og erindi til hennar á árunum
1995-2022

**Réttmætisathugun á íslensku
útgáfu HEXACO-60**

**Íslensk útgáfa Bergen kaup-
fíknivæðans og sálfélagslegar
skýringar á kaupfíkn**

Eftirmæli um Pál Magnússon

Titlar lokaritgerða í sálfræði



**SÁLFRÆÐINGAFÉLAG
ÍSLANDS**



Til greinahöfunda

1. Sálfræðiritið er vettvangur fyrir vandaða og metnaðarfulla fræðilega umræðu um sálfræði og skyldar greinar. Að öllu jöfnu skulu greinar vera á íslensku og áhersla er lögð á að notuð séu íslensk fræðiheiti, sé þess kostur. Í undantekningartilvikum er tekið við greinum á ensku. Þetta á við erlenda fræðimenn sem stunda rannsóknir hérlandis og óska eftir að kynna íslenskum lesendum rannsóknir sínar.
2. Sálfræðiritið kemur út í október ár hvert og þær greinar sem eiga að koma til álita í ritinu þurfa að berast ritstjóra fyrir 1. febrúar sama ár.
3. Sálfræðiritið birtir bæði rannsóknarritgerðir og yfirlitsgreinar. Allt aðsent efni sem tengist sálfræði með einum eða öðrum hætti metur ritnefnd og skoðar með tilliti til útgáfu.
4. Þær kröfur eru gerðar til greinahöfunda að þeir lúti viðteknum venjum um fræðilega framsetningu efnis og vísindaleg vinnubrögð. Greinum sem ekki standast kröfur um framsetningu og efnistök hafnar ritnefnd hvort sem um er að ræða innsendar greinar eða boðsgreinar.
5. Ákvörðun um birtingu byggir á faglegri umsögn um gæði greina og möguleika höfunda til að bregðast við athugasemdum. Innsent efni sem tekið er til ritrýningar fær umsögn þriggja sérfræðinga sem allir skulu vera utan ritnefndar. Umsagnir eru nafnlausar og ritrýnendur fá ekki að vita nöfn höfunda og höfundar fá ekki að vita nöfn ritrýna. Umsögn fylgir ákvörðun um birtingu eða synjun. Algengast er að grein sé samþykkt með fyrirvara um að brugðist sé við ábendingum og tilmælum um breytingar. Eftir að greinarhöfundur hefur brugðist við athugasemdum er grein hans lesin yfir að nýju og honum sendar nýjar ábendingar, fyrri ábendingar ítrekaðar eða hann látinn vita að grein hans sé endanlega samþykkt með áorðnum breytingum.

Framsetning efnis

1. Handrit greina skal senda í tölvupósti til ritstjóra ásamt bréfi frá höfundi. Ef tveir eða fleiri eru höfundar þarf að koma fram í bréfinu hver þeirra verði í forsvari fyrir greinina ásamt yfirlýsingu um að handritið sé sent með samþykki allra höfunda og þeir séu samþykkir röð höfunda eins og hún birtist í handritinu.
2. Innsendar greinar skulu ekki hafa birst í öðrum tímaritum og ekki vera í skoðun hjá öðrum ritnefndum. Undantekning er gerð ef ritnefnd telur greinar sem birst hafa í viðurkenndum erlendum fagtímaritum eftirsóknarverðar til birtingar á íslensku.
3. Miða skal við að framsetning efnis sé í samræmi við nýjustu reglur bandaríska sálfræðingafélagsins (APA) hverju sinni. Greinahöfundar skulu að auki taka mið af fyrri greinum í Sálfræðiritinu varðandi eftirfarandi: Útdráttur skal einnig vera á ensku, og honum fylgir titil greinar og efnisorð á ensku svo og upplýsingar um höfunda á ensku. Athygli er vakin á því að vitna skal til skírnar- og föðurnafns íslensks höfundar en ekki föðurnafns eingöngu eins og gildir um erlenda höfunda. Í Handbók Sálfræðiritsins má finna gagnlegar leiðbeiningar um framsetningu efnis, uppsetningu og fleira.
4. Nauðsynlegt er að höfundar gefi til kynna í handriti hvar þeir vilja að töflur og myndir séu settar. Höfundar skulu takmarka fjölda viðauka og einungis nota neðanmálsgreinar í undantekningartilvikum.
5. Stafabil í texta eiga aldrei að vera fleiri en eitt. Þegar þau þurfa að vera fleiri (t.d. við töflugerð) skal nota dálklykil á lykilorði. Skammstafanir tölfraðiheita skal skáletra. Ensk orð sem höfð eru innan sviga skal einnig skáletra.
6. Greinahöfundar fá senda próförk af uppsettum greinum til skoðunar. Höfundar leiðrétta þá villur en ekki er ætlast til að gerðar séu efnislegar breytingar á próförk. Litið er svo á að þegar höfundar samþykkja að grein fari í umbrot sé hún endanleg frá þeirra hendi. Ritnefnd áskilur sér rétt til að breyta orðalagi eða stafsetningu ef nauðsyn krefur við lokafrágang ritsins.
7. Allar nánari upplýsingar um uppsetningu greina er að finna á heimasíðu Sálfræðingafélags Íslands, www.sal.is

SÁLFRÆÐIRITID

TÍMARIT SÁLFRÆÐINGAFÉLAGS ÍSLANDS

27. ÁRGANGUR

2022

Sálfræðiritið – Tímarit Sálfræðingafélags Íslands er gefið út einu sinni á ári. Áskrift að tímaritinu er hægt að panta hjá ritstjóra (ritstjorn@sal.is) eða hjá Sálfræðingafélagi Íslands (sal@sal.is, sími 595-5190). Tilkynningum um breytt heimilisföng er hægt að koma áleiðis eftir sömu leiðum.

Upplýsingar um ritið eru á vef Sálfræðingafélags Íslands (www.sal.is).

Efni þessa tímarits má ekki afrita með neinum hætti, svo sem ljósmyndun, ljósritun, prentun, hljóðritun eða á annan sambærilegan hátt, að hluta eða í heild, án skriflegs leyfis höfunda og útgefanda.

Sálfræðiritið – Tímarit Sálfræðingafélags Íslands

© Sálfræðingafélag Íslands, Borgartúni 6, 105 Reykjavík.

ISSN 1022-8551

Icelandic Journal of Psychology

© Icelandic Psychological Association, Borgartúni 6, 105 Reykjavík, Iceland.

ISSN 1022-8551

For more information see the publisher's website (www.sal.is)

SÁLFRÆÐIRITIÐ

Tímarit Sálfræðingafélags Íslands
27. árgangur, 2022

Ritstjórar: Guðmundur Skarphéðinsson, Sigurður Viðar og Brynjar Halldórsson

Efnisyfirlit

Frá ritstjórum <i>Guðmundur Skarphéðinsson, Sigurður Viðar og Brynjar Halldórsson</i>	5
Ritrynt efni	
Hvatningarleikur til bekkjarstjórnunar: Áhrif á námsástundun og hegðun nemenda <i>Jónína Klara Pétursdóttir, Anna-Lind Pétursdóttir og Bergljót Gyða Guðmundsdóttir</i>	7
Próffræðilegir eiginleikar íslenskrar þýðingar GAD-7 í klínísku úrtaki <i>Daney Harðardóttir, Vaka Vésteinsdóttir, Ragnhildur Lilja Ásgeirsdóttir, Hafrún Kristjánsdóttir og Fanneý Þórsdóttir</i>	25
Siðanefnd Sálfræðingafélags Íslands: Hlutverk nefndarinnar og erindi til hennar á árunum 1995-2022 <i>María K. Jónsdóttir, Ingibjörg Markúsdóttir, Guðrún Oddsdóttir, Hörður Þorgilsson og Matthías Matthíasson</i>	39
Réttmætisathugun á íslensku útgáfu HEXACO-60 <i>Emma E. Evudóttir og Guðmundur T. Heimisson</i>	49
Íslensk útgáfa Bergen kaupfíkniværðans og sálfélagslegar skýringar á kaupfíkn <i>Ragna B. Garðarsdóttir og Fjóla Huld Sigurðardóttir</i>	61
Eftirmæli um Pál Magnússon sem lést í september 2021	79
Titlar lokaritgerða í námi á meistara- og doktorsstigi í sálfræði við Háskóla Íslands og Háskólann í Reykjavík haust 2021 til haust 2022	81

ICELANDIC JOURNAL OF PSYCHOLOGY

Journal of the Icelandic Psychological Association

Volume 27, 2022

Editors: Guðmundur Skarphéðinsson, Sigurður Viðar and Brynjar Halldórsson

Content

Editorial

Guðmundur Skarphéðinsson, Sigurður Viðar and Brynjar Halldórsson 5

Peer-reviewed content

The Good Behavior Game for classroom management: Effects on student disruptive and on-task behavior

Jónína Klara Pétursdóttir, Anna-Lind Pétursdóttir and Bergljót Gyða Guðmundsdóttir 7

Psychometric properties of the Icelandic version of GAD-7 in a clinical sample

Daney Harðardóttir, Vaka Vésteinsdóttir, Ragnhildur Lilja Ásgeirsdóttir, Hafrún Kristjánsdóttir and Fanney Þórsdóttir 25

The ethics committee of the Icelandic Psychological Association: The committee's role and ethical complaints from 1995 to 2022

Maria K. Jónsdóttir, Ingibjörg Markúsdóttir, Guðrún Oddsdóttir, Hörður Þorgilsson and Matthías Matthíasson 39

Testing the psychometric properties of the Icelandic version of HEXACO-60

Emma E. Evudóttir and Guðmundur T. Heimisson 49

An Icelandic version the Bergen Shopping Addiction Scale and psychosocial determinants of shopping addiction

Ragna B. Garðarsdóttir and Fjóla Huld Sigurðardóttir 61

Obituary of Páll Magnússon who passed away in September 2021 79

Titles of Master's theses in psychology from the University of Iceland

and Reykjavík University fall 2021 to fall 2022 81

Frá ritstjórum

Þessi útgáfa er 27. Árgangur Sálfræðiritisins – Tímarit Sálfræðingafélags Íslands. Í ritinu er fjallað um fjölbreytt efni í fjórum ritrýndum greinum auk eftirmæla um Pál Magnússon sálfræðing, Jónína Klara Pétursdóttir, Anna-Lind Pétursdóttir og Bergljót Gyða Guðmundsdóttir leggja mat á áhrif tákstyrkjaútgáfu Hvatningaleiksins á hegðun og námsástundun nemenda á yngsta stigi grunnskóla. Hvatningaleikur er samkeppnisleikur þar sem nemendur vinna í hópum að því að fylgja tilteknum reglum og vinna sér inn umbun eða stig. Leikurinn nýtir sér aðferðir hagnýtrar atferlisgreiningar og er verkfæri kennara til þess að styðja við æskilega hegðun og draga úr óæskilegri hegðun í skóla. Daney Harðardóttir, Vaka Vésteinsdóttir, Ragnhildur Lilja Ásgeirsdóttir, Hafrún Kristjánsdóttir og Fanney Þórsdóttir fjalla um próffræðilega eiginleika íslensku þýðingar GAD-7 sjálfsmatslistans í klínísku þýði. Emma E. Evudóttir og Guðmundur T. Heimisson fjalla próffræðilega um HEXACO-60 persónuleikapróf sem byggir á orðasafnsrannsóknnum, hefur verið þýtt á fjölmörg tungumál og er aðgengilegt netinu og án kostnaðar fyrir notendur. María K. Jónsdóttir, Ingibjörg Markúsdóttir, Guðrún Oddsdóttir, Hörður Þorgilsson og Matthías Matthíasson tóku saman yfirlit yfir kvartanir sem bárust síðanefnd árin 1995-2022. Alls bárust síðanefndinni 81 tæk erindi vegna hugsanlegs brots félaga í Sálfræðingafélagi Íslands á síðareglum. Í greininni má sjá hvaðan tilkynningar til síðanefndarinnar koma (t.d. frá skjólstaðingum, fagaðilum), starfsvettvang þeirra sálfræðinga sem hafa verið tilkynntir og alvarleiki brotanna skilgreindur. Ragna B. Garðarsdóttir og Fjóla Huld Sigurðardóttir leggja mat á íslenska útgáfu Bergen kaupfíknivardans og sálfélagslegar skýringar á kaupfíkn. Í grein sinni rekja höfundarnir að óæskileg kauphegðun geti birst sem einkenni margra mismunandi geðraskanna og mikilvægt að leggja mat á slíka hegðun. Til að mynda er þekkt að óhófleg kaup eru algennt

einkenni í oflæti og í söfnunaráráttu. Þátttakendur í rannsókninni voru 624 háskólanemar og sýndu niðurstöður rannsóknarinnar að mælitækið hefur góða próffræðilega eiginleika og fylgni við mælingar sem ætlar var að meta hugsniðaréttmæti. Einnig sýndu niðurstöður rannsóknarinnar fram á að samkvæmt klínískum viðmiðum listans voru rúmlega 11% þáttkenda með kaupfíkn. Eins og áður eru svo birtir titlar lokaritgerða í sálfræði á framhaldsstigi (bæði masters- og doktorsritgerðir) sem unnar voru við Háskóla Íslands og Háskólann í Reykjavík síðan síðasta hefti ritsins kom út. Enn og aftur viljum við minna á að það hafa orðið miklar breytingar á lestri vísindagreina þar sem fagfólk væntir þess að hafa rafrænan aðgang að greinum. Við teljum mikilvægt að efni í Sálfræðiritinu verði eins aðgengilegt og hægt er. Stjórn Sálfræðifélagsins er að vinna að því að koma ritinu á rafrænt form. Það er von okkar að það gerist á árinu 2023. Þannig verður auðveldara að birta efni á ritinu í rafrænu formi og um leið og búið er að samþykkja. Ritstjórar vilja þakka öllum þeim sem komu að ritinu, hvort það var með því að senda inn grein, ritrýna eða prófarkalesa greinar. Við hvetjum alla sem hafa áhuga á að birta í Sálfræðiritinu að hafa samband við ritstjórn. Frá upphafi hefur það verið stefna Ritsins að fjalla um öll sálfræðileg viðfangsefni. Ritstjórar vilja minn á að ritið tekur ekki eingöngu á móti ritrýndum vísindagreinum. Við hvetjum alla félaga að senda inn pistla eða hugrenningar um efni sem tengist sálfræði eða heilbrigðismálum. Við fögnum sérstaklega pistlum eða endurminningum sálfræðinga um faglegt starf í fortíð og þeirra þátt í uppbyggingu á þjónustu sem talin er sjálfsöögð nú en var ekki áður.

Með kveðju,
Guðmundur Skarphéðinsson
Sigurður Viðar
Brynjar Halldórsson
Ritstjórar

Hvatningarleikur til bekkjarstjórnunar: Áhrif á námsástundun og hegðun nemenda

Jónína Klara Pétursdóttir, Anna-Lind Pétursdóttir og Bergljót Gyða Guðmundsdóttir
Háskóli Íslands

Markmið þessarar rannsóknar var að meta áhrif tákinstyrkjaútgáfu Hvatningarleiksins (e. Good Behavior Game) á hegðun og námsástundun nemenda á yngsta stigi grunnskóla. Þátttakendur voru fimm stúlkur og sjö drengir á aldrinum 7-11 ára í grunnskóla á höfuðborgarsvæðinu með langa sögu um hegðunarerfiðleika. Óæskileg hegðun (ráp, truflandi hljóð, neikvætt orðbragð og ýgi) og námsástundun var mæld með bilskráningu í kennslustundum hjá umsjónarkennara. Margfalt grunnskeiðssnið og ABAB-vendisnið sýndi að með Hvatningarleiknum dró úr óæskilegri hegðun samhliða því sem námsástundun jókst. Að meðaltali kom óæskileg hegðun fyrir í 23% áhorfsbila á grunnskeiði en í 0,1% áhorfsbila meðan á leiknum stóð (jafngildir um 100% lækkun). Á sama tíma jókst námsástundun úr 57% í 94% áhorfsbila (64% aukning að meðaltali). Framfarir þátttakenda í hegðun og námsástundun héldust þó að Hvatningarleikurinn væri lengdur úr 10 mínútum í 15 og loks í 20 mínútur. Í spurningakönnun í lok rannsóknar tjáðu allir þátttakendur að þeim þætti Hvatningarleikurinn skemmtilegur, að hann hjálpaði bekknum þeirra að læra og að þeir myndu vilja halda áfram í leiknum. Niðurstöður benda til að Hvatningarleikurinn geti gagnast kennurum við bekkjarstjórnun, allavega til að auka námsástundun og draga úr óæskilegri hegðun meðan á leiknum stendur.

Efnisorð: Hvatningarleikurinn, bekkjarstjórnun, hegðunarvandi, námsástundun, forvarnir.

Kennarar um heim allan leita að leiðum til þess að skapa styðjandi skólaumhverfi þar sem allir nemendur geta blómstrað. Þetta er vandasamt verkefni, sérstaklega vegna þeirra áskorana sem tengjast hegðun og námsástundun nemenda (Samband íslenskra sveitarfélaga og Félag grunnskólakennara, 2012). Erfið hegðun barna getur haft mismunandi birtingarmyndir (Westling, 2010) og íslenskir kennarar hafa í rannsóknum áætlað að um tíundi hver nemandi (Ingvar Sigurgeirsson og Ingibjörg Kaldalóns, 2006) og jafnvel fjórði hver (Snæfríður Björgvinsdóttir og Anna-Lind Pétursdóttir, 2014) eigi í hegðunarvanda í grunnskóla. Meðal þess sem bent hefur verið á er að ef til vill hafi skólarnir ekki úr nægilega áhrifaríkum úrræðum að ráða til þess að mæta þessum nemendum (Anna Dóra Steinþórsdóttir, 2009). Einnig hafa hlutfallslega fleiri kennarar á mið-/unglingastigi hérlendis lýst yfir þörf fyrir starfsþróun á sviði hegðunar og bekkjarstjórnunar, miðað við til dæmis kennara á hinum Norðurlöndunum (OECD, 2019). Það er brýnt að skólakerfið geti fyrirbyggt eða brugðist

fljótt við hegðunarvanda á áhrifaríkan hátt þar sem erfiðara er að breyta hegðun sem hefur verið viðvarandi í langan tíma (Bradley o.fl., 2008).

Jónína Klara Pétursdóttir útskrifaðist haustið 2021 með M.Ed. gráðu á sviði kennslu yngri barna frá Deild kennslu- og menntunarfræði við Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Anna-Lind Pétursdóttir, Ph.D., er prófessor við Deild heilsuefingar, íþróttar og tómstunda við Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Bergljót Gyða Guðmundsdóttir, Ph.D., er dósent við Deild menntunar og margbreytileika við Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Fyrirspurnum um greinina skal beina til Önnu-Lindar Pétursdóttur, Menntavísindasviði Háskóla Íslands, Stakkahlið, 105 Reykjavík. Netfang: annalind@hi.is. Grein þessi byggist á rannsókn sem var hluti af meistaranámi Jónínu Klöru í kennslu yngri barna í grunnskóla við Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Rannsóknin var unnin í samstarfi við Guðrúnu Helgu Guðlaugsdóttur sem í meistaraverkefni sínu kannaði áhrif námskeiðs og handleiðslu á framkvæmd Hvatningarleiksins og áhrif hans á samskipti kennara við nemendur og hávaða í kennslurýminu. Rannsóknin var styrkt af Nýsköpunarsjóði námsmanna. Sjóðnum, þátttakendum og samstarfsaðilum eru færðar bestu þakkir.

Námsástundun er lykilatriði í skóla án aðgreiningar

Það er almenn vitneskja að þátttaka í námi er mikilvæg til þess að ná árangri. Námsástundun spáir fyrir um námsárangur og nemendur sem eru virkir í námi eiga síður í hegðunarvanda (Lei o.fl., 2018; Rangvid, 2018; Reyes o.fl., 2012). Námsástundun er hægt að skilgreina sem þá hegðun sem stuðlar að námi nemenda, til dæmis að hlusta, skrifa, lesa og vinna verkefni (Apter, 2016). Þannig sýna nemendur námsástundun með því að vera virkir í verkefnum kennslustundar (e. *on-task*) frekar en óvirkir (e. *off-task*). Harrop og Swinson (2000) tala um að nemendur sýni virka námsástundun þegar þeir fylgjast með í kennslu, fylgja fyrirmælum, svara spurningum kennara og taka virkan þátt í umræðum. Nemendur teljast hins vegar óvirkir ef þeir fylgja ekki fyrirmælum kennara, sýna hegðun sem er ekki tengd verkefnavinnu og nýta kennslustund í eitthvað annað en þau verkefni sem þeim er ætlað að sinna (Apter, 2016).

Nýlegar rannsóknir á námsástundun nemenda á Ítalíu og í Bretlandi benda til þess að almennt sýni grunnskólanemendur í dæmigerðum bekk virka námsástundun um 50-90% þess tíma sem þeir verja í kennslustofunni (Apter, 2016; Sulla, 2015). Það þýðir að þeir séu óvirkir í allt að 50% af tímanum sem þeir verja í kennslustofunni, sem er áhyggjuefni (Sulla, 2015). Bent hefur verið á að fari hlutfall námsástundunar undir 70% sé nauðsynlegt að endurskoða námsumhverfið og skoða hvað veldur því að nemendur eru ekki virkir í námi. Til þess að nemendur nýti kennslustundir til náms þurfi að skapa jákvætt og hvetjandi andrúmsloft í kennslustofunni. Námsástundun sem fer yfir 90% hlutfall telst mjög góð og bendir til þess að nemendur séu virkir í náminu, fylgi fyrirmælum kennara og aðstæður í kennslustofunni séu til fyrirmyndar (Sulla, 2015).

Mikilvægi árangursríkra forvarna í skólum fyrir liðan barna

Margir einstaklings- og umhverfisþættir hafa áhrif á liðan og geðheilsu barna, þeirra á meðal skólaumhverfið. Skólar bjóða upp á kjöraðstæður fyrir forvarnir þar sem flest börn og unglingar sækja skóla í tugi klukkustunda í hverri viku

(Durlak o.fl., 2011). Gagnreyndar bekkjarstjórnunaraðferðir eru árangursrík vinnubrögð sem hafa verið staðfest með niðurstöðum vandaðra og endurtekinna samanburðarrannsókna (Malete, 2007; Parsonson, 2012). Fjölmargar rannsóknir hafa sýnt að gagnreyndar aðferðir innan skólaumhverfisins geti stutt við jákvæða hegðun nemenda, dregið úr hegðunarerfiðleikum (Anna-Lind Pétursdóttir, 2011; 2017; Joslyn o.fl., 2019) og stuðlað að alhliða farsælum þroska þeirra (Durlak o.fl., 2011). Auk þess geti jákvæð áhrif vissra gagnreyndra aðferða varað fram á fullorðinsár (Kellam o.fl., 2014; Taylor o.fl., 2017), þannig að jafnvel sé hægt að líkja þeim við eins konar atferlislega „bólusetningu“ fyrir alvarlegum erfiðleikum (e. *behavioral vaccine*) (Embry, 2002).

Ef ekki er stuðst við árangursríkar forvarnir og stuðning til þess að sporna við langvarandi hegðunarvanda í skólum getur það reynst samfélaginu dýrt þar sem það dregur úr framtíðarmöguleikum nemenda (Gornik o.fl., 2022; Goulter o.fl., 2022). Hegðunarvandi getur haft djúpstæð neikvæð áhrif á bæði námsástundun nemenda og samskipti þeirra við samnemendur og starfsfólk skóla. Langtímarannsóknir hafa sýnt að nemendur með langvarandi hegðunarvanda eigi frekar á hættu að sýna lakari námsárangur, séu oftast fjarverandi úr skóla, hætti frekar í námi, eigi í erfiðleikum með félagsleg samskipti við jafnaldra og fái færri atvinnutækifæri (Bradley o.fl., 2008; Wagner, 1995).

Hvatningarleikurinn

Eitt af lykilatriðum áhrifaríkrar bekkjarstjórnunar er að skapa jákvætt umhverfi í kennslustofunni sem hvetur nemendur til náms og virkrar þátttöku (Emmer og Stough, 2001). Hvatningarleikurinn (e. *Good Behavior Game*) er dæmi um margrannsakaða og gagnreynda aðferð til bekkjarstjórnunar sem felur í sér aðferðir úr hagnýtri atferlisgreiningu (e. *applied behavior analysis*) til þess að styðja við og styrkja jákvæða hegðun og samskipti nemenda (Embry o.fl., 2017). Hvatningarleikurinn varð fyrst til í Bandaríkjunum og áratuga rannsóknir sem hafa verið gerðar á áhrifum hans á hegðun og námsástundun nemenda þvert á þjóðir, menningu og tungumál benda til þess að leikurinn henti sem

bekkjarstjórnunaraðferð víða um heim (Groves og Austin, 2017; Tingstrom o.fl., 2006). Enn fremur sýna niðurstöður rannsókna að ástæða þessara jákvæðu áhrifa Hvatningarleiksins sé sú að leikurinn byggist á gagnreyndum aðferðum og reglum sem nemendur þekkja og skilja (Groves og Austin, 2017).

Hvatningarleikurinn gengur út á það að nemendur einbeita sér að því að fylgja þeim reglum sem gilda í viðkomandi umhverfi í ákveðinn tíma og vinna sér inn umbun fyrir að ná tilteknu markmiði. Hópnum er skipt upp í jöfn lið og fyrst um sinn er leikurinn leikinn í skamma stund en smám saman getur kennarinn lengt leiktímann. Það er mikilvægt að nemendur séu meðvitaðir um það að fleiri en eitt lið geta unnið leikinn og að leik loknum fá þau lið sem náðu settu markmiði smávægilega umbun, sem í flestum tilfellum felur í sér félagslega viðurkenningu (Embry, 2002).

Barrish og félagar (1969) voru fyrst til þess að sýna fram á að Hvatningarleikurinn drægi úr óæskilegri hegðun og styddi við æskilega hegðun í skólastarfi. Einnig reyndust bæði nemendur og kennarinn hafa ánægju af leiknum (Barrish o.fl., 1969). Í rannsókninni fylgdust rannsakendur með hegðun 24 nemenda í 4. bekk í grunnskóla. Bekknum var skipt í tvö lið og kennarinn gekk á milli nemenda og hrósaði þeim fyrir að fylgja reglunum en veitti liðum sjónræn sektarstig (e. *response cost*) á töflu ef meðlimir þeirra brutu reglu. Ef lið sýndi viðeigandi hegðun, þannig að sektarstig voru innan ákveðins hámarks, vann það leikinn og fékk umbun, til dæmis að fara fyrr út í frímínútur (Barrish o.fl., 1969). Í upprunalegu útgáfu leiksins var því stuðst við mismunastyrkingu lágrar tíðni óæskilegrar hegðunar (e. *differential reinforcement of low rates of behavior*).

Einn af kostum Hvatningarleiksins er sveigjanleiki við framkvæmd hans. Í upprunalegu útgáfunni sem og Barrish og félagar (1969) rannsökuðu, beitir kennarinn sektarstigum á þá hegðun sem er á skjön við bekkjarreglur. Til þess að vinna leikinn verður hvert lið að halda óæskilegri hegðun innan ákveðinna marka. Ef nemendum verður á að brjóta reglu veitir kennarinn liðinu sektarstig en hvetur jafnframt til hegðunar í samræmi við reglur.

Í annarri útgáfu leiksins, sem stuðst er við í þessari rannsókn, er hann leikinn á sama hátt og upprunalega nema að því leyti að í stað þess að fá sektarstig fyrir brot á reglum, safna nemendur táknstyrkjum (e. *token*) fyrir æskilega hegðun en óæskileg hegðun er hunsuð. Í táknstyrkjaútgáfunni notar kennarinn því mismunastyrkingu viðeigandi hegðunar sem er ósamrýmanleg hinni óæskilegu (e. *differential reinforcement of incompatible behavior*). Nemendur vinna þannig leikinn með því að safna tilteknum fjölda táknstyrkja fyrir það að fylgja settum reglum (Tanol o.fl., 2010).

Þótt fleiri rannsóknir þurfi til að skera úr um hvaða þættir Hvatningarleiksins skýra helst jákvæð áhrif hans á hegðun hafa nokkrir líklegir áhrifavaldar verið nefndir til sögunnar. Í samantekt sinni bentu Joslyn og félagar (2020) meðal annars á að sennilega hefðu reglustýrð hegðun (e. *rule-governed behavior*), áður nefnd mismunastyrking viðeigandi hegðunar sem er ósamrýmanleg óæskilegri hegðun og félagslegir styrkingarskilmálar innan bekkjarins (e. *social contingencies*), það er, ef athygli samnemenda beinist síður að óæskilegri hegðun meðan leikurinn er leikinn, mikið að segja. Einnig mætti telja líklegt að stigin/táknstyrkjarnir sem kennarinn veitir meðan leiknum er beitt séu greinireiti (e. *discriminative stimuli*) sem gefa til kynna hvort sigur í leiknum/verðlaun séu innan seilingar og sem skilyrtir styrkjar eða sektir (e. *reinforcers/punishers*), eftir því hvaða útgáfu leiksins er beitt (Joslyn o.fl., 2020). Í upprunalegri (Barrish o.fl., 1969) og sennilega algengustu útgáfu leiksins er stuðst við innbyrðis háða hópstyrkingarskilmála (e. *interdependent group contingency*), þar sem allir meðlimir hvers liðs þurfa að fylgja reglum og ná settu viðmiði til þess að liðið vinni leikinn. Á sama hátt vinnur því liðið ekki leikinn þótt aðeins einn liðsfélagi (eða fleiri) nái ekki settu viðmiði.

Áhrif Hvatningarleiksins á hegðun og námsástundun barna

Síðan fyrsta rannsóknin á Hvatningarleiknum birtist fyrir rúmlega 50 árum (Barrish o.fl., 1969) hafa ótal rannsóknir verið gerðar á áhrifum hans (t.d. Bowman-Perrott o.fl., 2016; Flower, McKenna, Bunuan o.fl., 2014; Joslyn o.fl.,

2019) sem hafa almennt sýnt að með Hvatningarleiknum megi draga úr óæskilegri hegðun í skólaumhverfinu með því að leggja áherslu á jákvæða hegðun í samræmi við fyrirfram ákveðnar reglur. Einnig hefur beiting leiksins reynst bæta námsárangur nemenda, sér í lagi stráka og þeirra sem standa höllum fæti í námi eða sækja skóla í hverfum þar sem meira ber á félagslegum vanda og fátækt (Weis o.fl., 2015).

Svo virðist sem markviss notkun Hvatningarleiksins á fyrstu árum grunnskóla geti haft viðtæk fyrirbyggjandi áhrif. Í langtímarannsókn Kellam og félaga (2014) voru verndandi áhrif Hvatningarleiksins, til dæmis á áhættuhegðun nemenda, metin. Þátttakendur voru nemendur í fyrsta og öðrum bekk í grunnskólum í Bandaríkjunum. Nemendum í tilrauna- og samanburðarhópi var fylgt eftir og þegar þeir voru orðnir 19-21 árs var staða þeirra metin með viðtölum og stöðluðum matstækjum. Í ljós kom að þeir sem höfðu verið í bekkjum þar sem kennarinn notaði Hvatningarleikinn stóðu mun betur heldur en samanburðarhópur. Þannig notuðu helmingi færri karlar fíkniefni, 68% færri karlar notuðu tóbak, 35% færri karlar og konur misnotuðu áfengi, 32% færri karlar höfðu brotið af sér, 40% færri karlar þurftu á aðstoð að halda vegna fíkní- eða geðheilsuvanda og helmingi færri konur glímdu við sjálfsvígshugsanir. Hvatningarleikurinn hafði meiri langtímaáhrif á karla en konur, sérstaklega þá sem höfðu sýnt mikla truflandi og árásargjarna hegðun í fyrsta bekk (Kellam o.fl., 2014). Með hliðsjón af langtímarannsóknum áætluðu Fruth og Huber (2015) að hver kennari sem notar Hvatningarleikinn með hópi 25 nemenda á hverju ári í 30 ár geti haft þau áhrif að 109 fleiri nemendur ljúki skyldunámi, 102 fleiri sækji háskóla, 72 færri glími við fíknivanda og sjö færri lendi í fangelsi fyrir ofbeldisbrot, borið saman við kennara sem styðst ekki við Hvatningarleikinn.

Áhrif Hvatningarleiksins hafa einkum verið rannsökuð í almennu grunnskólaumhverfi, en svo virðist sem þetta einfalda hópúræði geti líka gagnast í sérskólum fyrir nemendur með mikla þörf fyrir stuðning. Rubow og félagar (2018) rannsökuðu áhrif Hvatningarleiksins á hegðun kennara og nemenda í sérskóla fyrir nemendur með mikinn tilfinninga- og hegðunarvanda.

Þátttakendur voru nemendur í fjórða til áttunda bekk, sem áttu það allir sameiginlegt að hafa verið vísað úr fyrri skólum vegna hegðunarvanda. Kennarar notuðu tákstyrkja-útgáfu leiksins sem leiddi til bættrar hegðunar hjá nemendum samhliða því sem jákvæð endurgjöf kennara til nemenda jókst og aðfinnslum fækkaði. Einnig jukust bein samskipti kennara við nemendur í formi umræðna og spurninga. Bæði kennurum og nemendum fannst Hvatningarleikurinn henta vel til að skapa jákvæðara og meira hvetjandi námsumhverfi.

Þó að flestar rannsóknir hafi beinst að yngra stigi grunnskóla hefur Hvatningarleikurinn líka reynst gagnlegur til að stuðla að æskilegri hegðun einstaklinga á breiðum aldri, allt frá leikskóla og upp í háskóla (Joslyn o.fl., 2019). Í rannsókn Flower, McKenna, Muething og félaga (2014) voru áhrif Hvatningarleiksins á námsástundun nemenda rannsökuð í tveimur níundu bekkjum í grunnskóla. Fyrir inngrip reyndust nemendur sýna námsástundun að meðaltali í 44% athugana en eftir innleiðingu Hvatningarleiksins í að meðaltali 95% athugana. Þá gáfu niðurstöður spurningakönnunar til kynna almenna ánægju með Hvatningarleikinn bæði hjá kennurum og nemendum, sem töldu liðaskiptinguna vera það besta við leikinn.

Hægt er að fara ýmsar leiðir til þess að viðhalda áhrifum Hvatningarleiksins eftir að beitingu hans er lokið, en þar reynir á hjálfun kennara. Rannsóknir Donaldson o.fl. (2015), Pennington og McComas (2017) og Ramirez o.fl. (2019) hafa sýnt að hægt er að halda við þeim jákvæðu áhrifum sem Hvatningarleikurinn hefur með því að birta reglur bekkjarins á áberandi stað í kennslustofunni og veita jákvæða endurgjöf á hegðun nemenda með reglulegu millibili. Önnur leið til þess að viðhalda árangri er að draga smám saman úr notkun leiksins samhliða því sem hegðun nemenda batnar.

Þónokkrar rannsóknir hafa verið gerðar á tákstyrkjaútgáfu Hvatningarleiksins. Í þeirri fyrstu (Robertshaw og Hiebert, 1973), söfnuðu nemendur tákstyrkjum fyrir liðið sitt með hverri blaðsíðu sem þeir luku í verkefnabók og almennt fyrir að sýna viðeigandi hegðun í kennslustofunni. Með aðstoð Hvatningarleiksins jókst

námsástundun nemenda um 40% (Robertshaw og Hiebert, 1973). Tanol og félagar (2010) báru saman áhrif tveggja útgáfa leiksins á hegðun barna í tveimur 0. bekkjum (e. *kindergarten*). Þátttakendur í rannsókninni voru þau þrjú börn í hvorum bekk sem sýndu mest af óæskilegri hegðun að mati kennara þeirra. Í öðrum bekknum var Hvatningarleikurinn leikinn þannig að liðin byrjuðu með fjórar stjórnur og misstu stjórnuna ef einhver í liðinu sýndi óæskilega hegðun. Í hinum bekknum var notuð táknstyrkjaútgáfa leiksins þar sem liðin byrjuðu með „hreint blað“ (þ.e. engar stjórnur) og söfnuðu stjórnnum fyrir það að sýna æskilega hegðun. Báðar útgáfur leiksins reyndust draga álíka mikið úr óæskilegri hegðun barnanna en kennarar sem tóku þátt í rannsókninni kusu frekar að nota þá aðferð sem fól í sér áherslu á jákvæða styrkingu æskilegrar hegðunar (Tanol o.fl., 2010). Því var sú útfærsla valin fyrir þessa rannsókn.

Hvatningarleikurinn hefur verið viðfangsefni rannsókna víða um heim, einkum í Bandaríkjunum en einnig í Þýskalandi (Huber, 1979), Belgíu (Leflot o.fl., 2010), Hollandi (van Lier o.fl., 2004), Bretlandi (Phillips og Christie, 1986), og á Spáni (Coronado-Hijón, 2009; Ruiz-Olivares o.fl., 2010). Á Íslandi hefur ein rannsókn verið gerð um áhrif Hvatningarleiksins. Rannsóknin var hluti af bakkalárverkefni Zivilé Vaisyté og Heiðu Hlínar Matthíasdóttur í sálfræði (2017). Markmiðið með henni var að athuga áhrif upprunalegu útgáfu Hvatningarleiksins á hegðun nemenda í 5. bekk í kennslustofunni. Niðurstöður sýndu að óæskileg hegðun nemenda minnkaði strax við beitingu Hvatningarleiksins, úr því að vera til staðar í 89% áhorfsbila að meðaltali niður í 25% áhorfsbila að meðaltali. Fyrst eftir að leiknum var beitt sýndu nemendur enga óæskilega hegðun, en þegar leiktíminn var lengdur í 15 mínútur og seinna í 20 mínútur jókst hins vegar óæskileg hegðun nemenda lítillega að nýju og töldu rannsakendur það stafa að einhverju leyti af lengingu leiksins sem ýtti undir kröfur til nemenda. Þegar hætt var með leikinn eftir sjö skipti, jókst óæskilega hegðunin enn frekar en var þó minni að meðaltali en fyrir inngrip eða sýnileg í 75% áhorfsbila. Niðurstöður bentu til að þessi leikurinn gæti gagnast við bekkjarstjórnun, en að

varlega þyrfti að fara í að auka kröfur á nemendur til að viðhalda æskilegri hegðun. Rannsakendur töldu að mögulega myndi Hvatningarleikurinn skila meiri árangri ef notaðir væru táknstyrkjar til að styðja við æskilega hegðun nemenda. Eins bentu rannsakendur á hindranir við innleiðingu Hvatningarleiksins í íslensku skólakerfi og nefndu því til stuðnings tímaskort kennara og þörf á fræðslu og handleiðslu til að vel tækist til (Zivilé Vaisyté og Heiða Hlín Matthíasdóttir, 2017). Í þeirri rannsókn sem hér er til umfjöllunar var brugðist við þessum takmörkunum með því að nota táknstyrkjaútgáfu Hvatningarleiksins. Auk þess fengu allir kennarar þátttakenda námskeið og handleiðslu við beitingu Hvatningarleiksins.

Markmið rannsókna

Alvarlegir hegðunarerfiðleikar hafa ekki aðeins neikvæð áhrif á líðan nemenda heldur einnig á námsframvindu þeirra og framtíðartækifæri (Gornik o.fl., 2022; Goulter o.fl., 2022). Rannsóknir á Hvatningarleiknum hafa sýnt að hægt sé að draga úr jafnvel langvarandi hegðunarvanda með þessu tiltölulega einfalda inngripi sem nær til alls nemendahópsins (Petras o.fl., 2008) og auka jákvæða samskiptahegðun (e. *prosocial behavior*) meðal nemenda í áhættuhópum (Troncoso og Humphrey, 2021). Mismunandi útgáfur hafa reynst skila svipuðum árangri (Tanol o.fl., 2010). Rannsókn hérlandis sýndi jákvæð áhrif upprunalegu útgáfu Hvatningarleiksins en vaxandi truflandi hegðun þegar leiknum var beitt í allt að tvöfalt lengri tíma (Zivilé Vaisyté og Heiða Hlín Matthíasdóttir, 2017). Markmið þessarar rannsókna var að meta áhrif táknstyrkjaútgáfu Hvatningarleiksins (Tanol o.fl., 2010) á hegðun og námsástundun nemenda með langvarandi hegðunarvanda, og hvort hægt væri að beita leiknum í tvöfalt lengri tíma án þess að hegðun versnaði á ný. Leitað var svara við eftirfarandi rannsóknarspurningum: Hvaða áhrif hefur notkun táknstyrkjaútgáfu Hvatningarleiksins í kennslustofunni á óæskilega hegðun og námsástundun nemenda með langvarandi hegðunarvanda? Munu nemendur áfram sýna viðeigandi hegðun og námsástundun þegar tími fram að formlegri styrkingu er lengdur um allt að 100%?

Aðferð

Þátttakendur

Þátttakendur voru valdir eftir hentugleika þar sem kennarar þeirra höfðu þegar boðist til að taka þátt í rannsókninni í samráði við skólastjórnendur í 100 barna grunnskóla á höfuðborgarsvæðinu. Þátttakendur voru valdir út frá ábendingum kennara um nemendur með langvarandi (þ.e. um sex mánuði eða lengur) hegðunarvanda sem birtist í mikilli óæskilegri og truflandi hegðun í kennslustofunni og lítilli námsástundun. Þannig voru valdir þeir fjórir nemendur sem sýndu einna mesta hegðunarvandann í hverjum námshópi að mati viðkomandi kennara. Þátttakendur voru samtals tólf af þeim 49 nemendum sem voru í kennslurýmum þremur. Í hópi 1 voru þrjár stúlkur og einn drengur úr 2. bekk. Í hópi 2 voru ein stúlka og þrír drengir úr 4. bekk. Í hópi 3 voru ein stúlka og einn drengur úr 5. bekk og ein stúlka og einn drengur í 6. bekk.

Aðstæður

Reynt var að hafa kennsluáðstæður eins líkar og mögulegt var meðan á mælingum stóð til að draga úr áhrifum utanaðkomandi þátta á hegðun nemenda. Mælingar fóru því allar fram í stærðfræðitímum og átti hver nemandi að sýna sjálfstæð vinnubrögð og sinna ákveðnu verkefni, í sínu sæti við sitt borð. Nemendahópnum var skipt niður í fjóra smærri hópa sem hver um sig sat saman við sína borðaröð (í e.k. „lengju“), en hóparnir fjórir sátu allir í sama kennslurými hverju sinni. Heildarfjöldi nemenda í kennsluáðstöðum hverju sinni var um 15-20. Í hópum 2 og 3 var aðeins einn kennari með hvorum nemendahópi fyrir sig en í hópi 1 voru bæði kennari og stuðningsfulltrúi til staðar.

Mæliaðferð

Mælingar voru í höndum fyrsta höfundar og annars meistaránema sem aðstoðaði við rannsóknina. Á meðan mælingum stóð létu matsaðilar lítið fyrir sér fara og forðuðust samskipti við nemendur. Matsaðilar fylgdust með í stærðfræðitímum og skráðu óæskilega hegðun og námsástundun nemenda á sérútbúin skráningarblöð. Notuð var bilskráning (e. *partial-interval*

response recording), þar sem hverri athugun var skipt upp í tíu sekúndna áhorfsbil (e. *interval*) og fylgst með einum þátttakanda í senn. Að loknu hverju áhorfsbili var skráð hvort óæskileg hegðun og námsástundun hefði komið fyrir eða ekki, og skipt yfir í að fylgjast með næsta þátttakanda. Röð þátttakanda var alltaf fyrir fram ákveðin og jafnvægisstíllt (e. *counterbalanced*). Á grunn-skeiði voru allar beinar athuganir 10 mínútna langar, en á inngripsskeiði stóðu mælingar yfir meðan Hvatningarleikurinn var leikinn; fyrst í 10 mínútur, síðan í 15 og loks 20 mínútur. Ef einhver þátttakendanna var fjarverandi stýttist athugunartíminn hlutfallslega, til að mælingarnar væru sambærilegar milli hópa. Þannig var skráning fyrir hvern þátttakanda ekki lengri en samtals tvær mínútur og 30 sekúndur í hverri 10 mínútna mælingu, þrjár mínútur og 40 sekúndur í hverri 15 mínútna mælingu og fimm mínútur í hverri 20 mínútna mælingu. Ekki var skráð tíðni markhegðunar, heldur eingöngu hvort hún birtist innan áhorfsbils eða ekki, líkt og hlutbilskráning gerir ráð fyrir. Ef kennari gerði hlé á einstaklingsvinnu nemenda til þess að kynna nýtt verkefni, stöðvuðu matsaðilar tímatökuna þar til nemendur áttu að vinna sjálfstætt aftur. Ef þátttakandi, sem verið var að mæla, yfirgaf kennslurýmið í lengri tíma en þrjú áhorfsbil, þá gerðu matsaðilar hlé á skráningu þar til hann kom aftur inn í kennslurýmið.

Smáforritið Interval Timer í snjallsímum var notað til að hafa yfirsýn yfir athugunartímann og veita hljóðmerki við lok hvers áhorfsbils í hlutbilskráningunni, þannig að matsaðilar gætu skráð hegðun á nákvæmlega 10 sekúndna fresti. Í smáforritinu birtist fyrst 10 sekúndna niðurtalning á skjá símans með gulum bakgrunni sem gaf tækifæri til þess að búa sig undir mælinguna. Síðan birtist 10 sekúndna niðurtalning á rauðum og bláum bakgrunni til skiptis til að auðvelda aðgreiningu hvers áhorfsbils. Að lokinni hverri niðurtalningu titraði síminn sem gaf til kynna að skrá ætti markhegðun þátttakandans og að næsta áhorfsbil væri að hefjast sem minnti matsaðila á að skipta yfir á næsta þátttakanda.

Þýddur og staðfærður spurningalisti (Rubow o.fl., 2018) var lagður fyrir þátttakendur í lok rannsóknar til að meta sýn þeirra á Hvatningarleikinn.

Listinn innihélt sex spurningar sem könnuðu viðhorf nemenda til Hvatningarleiksins, til dæmis hvort þau hefðu haft gaman af honum, hvort hann hefði hjálpað þeim að læra og hvort þau myndu vilja nota leikinn áfram með bekknum sínum. Spurningunum var svarað á þriggja punkta kvarða („já“ – „nei“ – „stundum“). Allir þátttakendur rannsóknarinnar svöruðu spurningalistanum (þ.e. svarhlutfall var 100%).

Þýddur og aðlagður gátlisti Becker o.fl. (2013) var nýttur við mat á gæðum framkvæmdar (e. *implementation fidelity*) Hvatningarleiksins hjá kennurum. Gátlistinn skiptist í sjö kjarnaþætti Hvatningarleiksins, þar sem hver þáttur er metinn á fimm punkta kvarða (0 – 4 stig) og hæsti mögulegi heildarstigafjöldi því 28 (sjá nánar í meistararitgerð Guðrúnar Helgu Guðlaugsdóttur, 2021).

Rannsóknarsnið

Til að meta áhrif Hvatningarleiksins á óæskilega hegðun og námsástundun þátttakenda voru notuð meginindleg einliðasnið (single-subject design), nánar tiltekið margfalt grunnskeiðssnið (e. *multiple baseline design*) milli þátttakenda og A-B-A-B vendsnið (e. *ABAB-reversal design*). Margfalt grunnskeiðssnið gerir rannsakendum kleift að meta endurtekið áhrif inngríps á fylgibreytu, bæði með samanburði á markhegðun hvers þátttakanda á grunn- og inngrípskeiðum og með samanburði við markhegðun á áframhaldandi grunnskeiðum hjá síðari þátttakendum (Barlow o.fl., 2009). Með A-B-A-B vendsniði eru áhrif inngríps metin endurtekið með samanburði inngrípskeiða við fyrra og seinna grunnskeið (Luthans og Bond, 1977). Í lok rannsóknar var sérútbúin spurningakönnun notuð til að meta upplifun þátttakenda af Hvatningarleiknum.

Frumbreyta: Hvatningarleikurinn

Kennarar þátttakenda fengu stutt námskeið í tákstyrkjaútgáfu Hvatningarleiksins (Tanol o.fl., 2010) og reglulega handleiðslu á seinni inngrípskeiðum rannsóknarinnar, til þess að auka gæði framkvæmdar. Nemendum var skipt í lið og viðeigandi hegðun þeirra var styrkt með tákstyrkjum. Áður en leikurinn hófst útskýrði kennarinn reglurnar í leiknum og minnti

nemendur á hvað þeir þyrftu að ná mörgum stigum (tákstyrkjum) til þess að vinna sér inn umbun. Veggspjöld með eftirfarandi reglum voru sett upp á áberandi stað í kennslustofunum: *Sýnum hvert öðru virðingu, Sittu í sætinu þínu, Réttu upp hönd og Hafðu hendur, fætur og námsgögn hjá þér*. Fyrir leikinn skiptu kennarar öllum nemendum í kennslustofunni í lið og var leiðbeint um að gæta þess að þau væru öll jafnlíkleg til þess að ná tákstyrkjum fyrir það að fylgja reglum, til dæmis með því að raða saman nemendum bæði með og án hegðunarvanda, til þess að gæta jafnvægis í hverju liði. Þannig var einn þátttakandi í hverju liði á hverju námsgvæði. Nöfn liðanna voru skráð á töflu í kennslustofunni. Í upphafi var leiktíminn 10 mínútur og tímavaki notaður til þess að mæla tímann. Tímavakanum var komið fyrir á sýnilegum stað svo nemendur gætu fylgst með tímanum. Kennarinn hóf leikinn á áberandi hátt, þannig að allir nemendur vissu hvenær hann hæfist, t.d. með því að segja „Jæja, krakkar, nú ætlum við að leika Hvatningarleikinn!“. Á meðan leiknum stóð kenndi kennarinn eins og hann var vanur en fylgdist með öllum nemendum og veitti liðunum stig á öfyrirsjáanlegan hátt. Reglulega benti kennarinn á hvaða lið fengu stig með jákvæðri endurgjöf og skráði um leið stigin á stigatöfluna, en studdist ekki við aðra skráningu meðan á leik stóð. Kennarinn veitti hvorki óæskilegri hegðun né broti á reglum athygli í leiknum. Ekki var hægt að missa stig fyrir brot á reglum.

Eftir leikinn tók kennarinn saman stigafjölda liðanna ásamt því að fara yfir brot á reglum og minna á viðeigandi hegðun. Í tíu mínútna leik urðu liðin að safna þremur stigum til þess að „vinna leikinn“ og fá umbun. Þegar leiktíminn var 15 mínútur urðu lið að ná fjórum stigum og fimm stigum í 20 mínútna leik. Stuðst var við innbyrðis háða hópstyrkingarskilmála (e. *interdependent group contingency*), þar sem allir meðlimir hvers liðs þurftu að fylgja reglum og ná settu viðmiði til þess að það ynni leikinn (sjá nánar um hópstyrkingarskilmála í inngangskafli).

Þau lið sem náðu settu marki og „unnu leikinn“ fengu stutta umbun í formi leiks innan við fimm mínútum frá leikslokum. Þau lið sem unnu ekki héldu áfram að vinna á meðan umbun stóð. Þess var gætt, með sýnilegum tímavaka,

að hver umbun varði ekki lengur en tvær mínútur. Kennarar höfðu næstu verkefni tilbúin svo nemendur gætu komið sér beint að verki í kjölfar umbunar. Rannsakendur útbjuggu í samstarfi við kennara lista með hugmyndum að umbun frá nemendum og skráðu þær á pinna sem settir voru í sérstakan umbunarpoka. Svo kallaður „skemmtistjóri“ úr nemendahópnum var fenginn til þess að draga pinna með umbun í lok Hvatningarleiksins. Dæmi um umbun voru leikir eins og „Hengimann“, „Símon segir“ eða „Heilsumorðingi“. Að auki gaf kennarinn þeim liðum sem unnu leikinn stjórn á stjórnuveggspjald sem hékk á áberandi stað í kennslustofunni. Liðin gátu unnið sér inn efnislega „stjórnuumbun“ ef þau fengu tvær eða fleiri stjórnur í þeirri viku, líkt og í rannsókn Tanol og félaga (2010). Meðal þess sem var í boði voru strokleður, límliðar, blýantar eða leyfismiðar til þess að fara tíu mínútum fyrr heim úr skólanum einn dag. Liðin voru minnt á að þótt þau hefðu ekki unnið leikinn þann daginn, þá ættu þau yfirleitt enn möguleika á því að vinna stjórnuumbun í lok vikunnar ef þau fylgdu bekkjarreglunum betur.

Fylgibreytur

Fylgibreytur rannsóknarinnar voru tvær: óæskileg hegðun og námsástundun nemenda. Óæskileg hegðun nemenda var metin út frá nokkrum þáttum líkt og í rannsókn Rubow og félaga (2018). Hegðun taldist óæskileg ef nemandi: a) gaf frá sér óæskileg hljóð, b) notaði neikvætt orðbragð, c) fór úr sætinu sínu án leyfis eða d) sýndi árásarkennda eða ógnandi hegðun (ýgi). Nemandi taldist sýna námsástundun ef hann sinnti þeim verkefnum sem lágu fyrir, fylgdi fyrirmælum kennara og tók þátt í starfinu sem átti sér stað hverju sinni, til dæmis með því að taka þátt í umræðum og fylgjast með útskýringum á töflunni. Ef nemandi tók ekki þátt, vann ekki verkefni heldur horfði út í loftið, lá fram á borðið, fylgdi ekki reglum eða truflaði kennslustund lengur en tvær sekúndur taldist hann ekki sýna námsástundun.

Framkvæmd

Framkvæmd rannsóknar var í samræmi við lög nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu

persónuupplýsinga og Siðareglur háskólanna um vísindarannsóknir. Eftir að skólastjórnendur, kennarar og foreldrar þátttakenda höfðu veitt upplýst skriflegt samþykki fyrir þátttöku, hófst mælingar á hegðun nemenda í þremur kennslurýmum skólans.

Grunnskeið (A1)

Á grunnskeiði var fylgst með námsástundun og óæskilegri hegðun nemenda meðan þeir unnu að einstaklingsverkefni í stærðfræði í sætum sínum og kennarar notuðu þær bekkjarstjórnunar aðferðir sem þeir voru vanir að nota.

Hvatningarleikur í 10 mínútur (B1)

Þegar grunnskeiði var lokið sótti hver kennari stutt, 45 mínútna einstaklingsnámskeið í Hvatningarleiknum í umsjón fyrsta höfundar. Námskeiðið fór fram á formi fyrirlestrar og samræðna. Eftir það beitti hver kennari Hvatningarleiknum í 10 mínútur samhliða kennslu í stærðfræði.

Seinna grunnskeið (A2)

Hjá hópi 2 var beitt ABAB vendisniði til að geta metið enn betur áhrif Hvatningarleiksins á fylgibreytur. Á seinna grunnskeiði (A2) voru gerðar tvær mælingar á markhegðun meðan kennari stjórnaði hliðstæðri kennslustund án þess að nota Hvatningarleikinn. Kennari hóf kennslustund með hefðbundnum hætti, án þess að minnast á leikinn. Ef nemandur spurðu hvers vegna það ætti ekki að leika leikinn, svaraði kennarinn að mögulega myndu þeir leika hann aftur næsta dag, og hélt svo áfram með kennslustundina.

Hvatningarleikur í 15 og 20 mínútur (B2, B3)

Eftir að þátttakendur í hópum 2 og 3 höfðu sýnt viðeigandi hegðun í tvö til fjögur skipti meðan Hvatningarleiknum var beitt í 10 mínútur, var hann lengdur í 15 mínútur (B2), og svo 20 mínútur (B3) og markhegðun mæld samhliða á sama hátt og áður. Á skeiðum B2 og B3 hófst handleiðsla, þar sem rannsakandi veitti hverjum kennara einstaklingsendurgjöf miðað við niðurstöður mats á gæðum framkvæmdar hverju sinni (sjá nánar í Guðrún Helga Guðlaugsdóttir, 2021).

Samræmi milli matsaðila

Áður en mælingar hófust, æfðu tveir matsaðilar skráningar þar til 90% samræmi milli þeirra (e. *interobserver agreement*) var náð. Samræmi milli matsaðila var síðan metið á öllum skeiðum rannsóknar, í að meðaltali 33% mælinga. Áreiðanleiki mælinga var reiknaður með því að leggja saman fjölda áhorfsbila þar sem samræmi kom fram og deila með heildarfjölda áhorfsbila. Sú útkoma var síðan margfölduð með 100 til að fá út prósentuhlutfall samræmis. Eins og sjá má í töflu 1 var samræmi matsmanna í þessari rannsókn hátt í öllum mælingum, eða að meðaltali 98% (spönn 87 – 100%).

Tafla 1 Samræmi matsmanna í mælingum á óæskilegri hegðun og námsástundun á grunnskeiðum (A1, A2) og á meðan Hvatningarleiknum var beitt í 10 mínútur (B1), 15 mínútur (B2) og 20 mínútur (B3) samhliða kennslu

	Óæskileg hegðun	Námsástundun
A1	99%	97%
B1	94%	87%
A2	100%	100%
B2, B3	100%	100%
Meðaltal	99%	97%

Úrvinnsla gagna

Úrvinnsla gagna fór fram með Excel-töflureikni. Niðurstöður mælinga voru settar upp í myndrit. Reiknuð voru hlutföll, meðaltöl og spönn.

Niðurstöður

Áhrif Hvatningarleiksins á óæskilega hegðun

Á mynd 1 má sjá þróun óæskilegrar hegðunar þátttakenda, í fjórum flokkum: óæskilegum hljóðum, neikvæðu orðbragði, ýgi og úr sæti án leyfis. Hjá hópi 1 kom fram lítil óæskileg hegðun á grunnskeiði, eða í 4% áhorfsbila að meðaltali, en þátttakendur virtust í auknum mæli vera úr sæti þegar leið á grunnskeiðið. Kennari hóps 1 var á leið í leyfi frá kennslu og því var ákveðið að hefja íhlutun hjá hópnum, þrátt fyrir

lítinn hegðunarvanda. Þegar kennari fór að nota Hvatningarleikinn samhliða kennslu hjá hópi 1 minnkaði óæskileg hegðun niður í 0,3% áhorfsbila að meðaltali og hélst nokkuð stöðug út inngrippsskeiðið. Vegna leyfis kennara frá störfum reyndist ekki unnt að lengja leiktímann í 15 og 20 mínútur hjá hópi 1.


Hjá hópi 2 kom óæskileg hegðun fram í 27% áhorfsbila að meðaltali á grunnskeiði, og fólst einkum í að vera úr sæti án leyfis og óæskilegum hljóðum sem jukust þegar á leið grunnskeiðið. Meðan á Hvatningarleiknum stóð (B1) minnkaði óæskileg hegðun hjá hópi 2 í 0,01% áhorfsbila að meðaltali. Þegar mælingar voru gerðar í samskonar kennslustundum án Hvatningarleiksins (grunnskeið, A2), jókst óæskilega hegðunin og kom fram í 34% áhorfsbila að meðaltali. En um leið og kennari fór að nota Hvatningarleikinn að nýju (B1) dró úr óæskilegri hegðun og kom aðeins fram í 1% áhorfsbila að meðaltali. Þegar leikurinn var lengdur í 15 mínútur (B2) hélst óæskileg hegðun áfram lág, eða 1% að meðaltali og sama átti við þegar leikurinn var lengdur í 20 mínútur (B3).

Hjá hópi 3 kom óæskileg hegðun fram í 28% áhorfsbila að meðaltali á grunnskeiði, og fólst einkum í truflandi hljóðum og því að vera úr sæti án leyfis. Hvoru tveggja sýndi hækkandi þróun á seinni hluta grunnskeiðs. Þegar Hvatningarleiknum var beitt (B1), sýndi hópur 3 nánast enga óæskilega hegðun, eða aðeins í 1% áhorfsbila að meðaltali. Jafnvel þegar leikurinn var lengdur í 15 mínútur (B2) og seinna í 20 mínútur (B3), kom engin óæskileg hegðun fram.

Á heildina litið má sjá skýrar breytingar á hegðun hópanna í hvert sinn sem byrjað er að nota Hvatningarleikinn, samanborið við grunnskeið og hegðun þeirra hópna sem ekki eru í leiknum. Hjá þátttakendum í heild fór óæskileg hegðun úr 23% áhorfsbila að meðaltali fyrir inngríp í 0,1% áhorfsbila við notkun á Hvatningarleiknum, sem jafngildir að meðaltali 99,9% lækkun.

Áhrif Hvatningarleiksins á námsástundun


Á mynd 2 má sjá þróun námsástundunar þátttakenda. Á grunnskeiði var námsástundun hóps 1 nokkuð breytileg, mældist frá 57% upp í



Mynd 1 Þróun óæskilegrar hegðunar hjá þátttakendum í stærðfræðitímum á grunnskeiðum (A1, A2) og á meðan Hvatningarleikurinn fór fram í 10 mínútur (B1), 15 mínútur (B2) og 20 mínútur (B3) samhliða kennslu.

80% áhorfsbila (69% að meðaltali) og sýndi jákvæða þróun. Eftir að kennari fór að nota Hvatningarleikinn samhliða kennslu (B1) jókst

námsástundun í 88% upp í 100% áhorfsbila (95% að meðaltali), varð stöðugri og alltaf meiri en á grunnskeiði.



Mynd 2 Próun námsástundunar hjá þátttakendum í stærðfræðitímum á grunnskeiðum (A1, A2) og á meðan Hvatningarleikurinn fór fram í 10 mínútur (B1), 15 mínútur (B2) og 20 mínútur (B3) samhliða kennslu.

Hjá hópi 2 mældist námsástundun frá 25% upp í 77% áhorfsbila (56% að meðaltali) á grunnskeiði og var nokkuð breytileg. Eftir að kennari fór að nota Hvatningarleikinn samhliða kennslu

(B1) jókst námsástundun strax í 98% áhorfsbila og hélst alltaf meiri en á grunnskeiði, 95% að meðaltali. Til að meta hvort breytingarnar voru til komnar vegna Hvatningarleiksins var prófað

að mæla í tveimur kennslustundum án hans (A2) og minnkaði námsástundun þá í 8 til 22% (15% að meðaltali). Þegar kennari fór að nota Hvatningarleikinn að nýju jókst námsástundun í 92% og hélst stöðug frá 86% upp í 99% áhorfsbila (95% að meðaltali) þrátt fyrir allt að tvöföldun leiktíma (B2 og B3).

Hjá hópi 3 mældist námsástundun frá 25% upp í 77% (56% að meðaltali) á grunnskeiði og sýndi neikvæða þróun þegar á leið. Eftir að kennari fór að nota Hvatningarleikinn (B1) jókst námsástundun strax upp í 97% og hélst stöðug á bilinu 95% til 100% (98% að meðaltali) þrátt fyrir allt að tvöföldun leiktíma (B2, B3).

Á mynd 2 má sjá skýrar breytingar í hvert sinn sem inngripsskeið hefst á meðan engar breytingar eru sýnilegar hjá öðrum hópum sem höfðu ekki hafið inngrip. Grunnskeiðsgögn allra þátttakenda sýndu virka námsástundun í 25% til 80% áhorfsbila (57% að meðaltali), þeir voru því óvirkir í námi í um 43% áhorfsbila. Eftir að Hvatningarleikurinn var innleiddur í stærðfræðitíma sýndu þátttakendur virka námsástundun í 83% til 99% áhorfsbila (94% að meðaltali). Þátttakendur voru því óvirkir í námi í um 6% áhorfsbila eftir inngrip. Námsástundun þátttakendahópsins í heild jókst því um rúmlega 64% við innleiðingu Hvatningarleiksins. Öll liðin unnu í leiknum nema eitt lið í eitt skipti.

Gæði framkvæmdar

Meðaltal gæða framkvæmdar mældist 64% til 87% hjá kennara hóps 1. Hjá kennara hóps 2 mældust gæði framkvæmdar 92% til 96% að meðaltali og hjá kennara hóps 3 mældust þau 93% til 96%. Í heild mældust því gæði framkvæmdar á bilinu 64% til 96%, eða 88% að meðaltali.

Sýn þátttakenda á Hvatningarleikinn

Í könnun sem lögð var fyrir þátttakendur í lok rannsóknar tjáðu langflestir að þeir hefðu haft gaman af því að leika Hvatningarleikinn (91% svarenda) og töldu hann hjálpa sér við lærdóminn (91%). Allir þátttakendur töldu að leikurinn hefði ekki truflað lærdóminn hjá þeim (100%), hann hefði hjálpað til við að halda bekknum rólegum og hljóðlátum (100%) og að þeir myndu vilja

nota Hvatningarleikinn áfram með bekknum sínum (100%).

Umræða

Langvarandi hegðunarvandi hefur neikvæð áhrif á daglegt líf nemenda, samskipti þeirra, líðan og nám ásamt því að skerða framtíðarmöguleika þeirra (Bradley o.fl., 2008; Wagner, 1995). Mikilvægt er að kennarar geti beitt einföldum leiðum til að draga úr hegðunarvanda og skapa hvetjandi námsumhverfi fyrir nemendur. Markmið þessarar rannsóknar var að meta áhrif Hvatningarleiksins á óæskilega hegðun og námsástundun nemenda með langa sögu um hegðunarvanda. Eins leituðu rannsakendur svara við því hvort beita mætti leiknum í tvöfalt lengri tíma án þess að óæskileg hegðun ykist. Markmiðum rannsóknarinnar var náð, þar sem niðurstöður sýndu að eftir innleiðingu Hvatningarleiksins lækkaði hlutfall óæskilegrar hegðunar þátttakenda um nánast 100% á sama tíma og virk námsástundun jókst um 64%. Enn fremur kom í ljós að framfarir nemendanna í hegðun og námsástundun héldust þrátt fyrir tvöföldun leiktímans (þ.e. úr 10 í 15 og loks 20 mínútur). Þessar niðurstöður samræmast erlendum rannsóknum sem hafa sýnt jákvæð áhrif Hvatningarleiksins á hegðun og námsástundun við margvíslegar aðstæður (Bowman-Perrott o.fl., 2016; Flower, McKenna, Bunuan o.fl., 2014; Joslyn o.fl., 2019).

Áhrif Hvatningarleiksins á óæskilega hegðun

Eftir að kennarar fóru að beita Hvatningarleiknum lækkaði hlutfall óæskilegrar hegðunar þátttakenda að meðaltali úr 23% áhorfsbila í 0,1%, sem er nánast 100% lækkun. Þetta er í samræmi við fyrri rannsóknir erlendis sem hafa sýnt að með Hvatningarleiknum sé hægt að draga úr óæskilegri hegðun í skólaumhverfinu með markvissri jákvæðri styrkingu á hegðun í takt við fyrir fram ákveðnar reglur (Bowman-Perrott o.fl., 2016; Flower, McKenna, Bunuan o.fl., 2014).

Niðurstöður samræmast einnig niðurstöðum óbirtrar rannsóknar Zivile Vaisyte og Heiðu Hlínar Matthíasdóttur (2017) þar sem upprunaleg útgáfa Hvatningarleiksins dró úr óæskilegri

hegðun nemenda um 72%. Það er umtalsverð lækkun en þó minni en í þessari rannsókn þar sem táknstyrkjaútgáfa af Hvatningarleiknum var notuð. Í rannsókn Zivile og Heiðu var einungis fylgst með tvenns konar óæskilegri hegðun, tali í leyfisleysi og hljóðum sem trufluðu vinnufrið, en ekki að vera úr sæti án leyfis eða ýgi, eins og gert var í þessari rannsókn. Þrengri skilgreining gæti átt þátt í að skýra hlutfallslega minni lækkun á óæskilegri hegðun við inngrip. Í þessari rannsókn var næst algengasta óæskilega hegðunin fyrir inngrip einmitt að vera úr sæti án leyfis (sem sást í 8% áhorfsbila að meðaltali), næst á eftir óæskilegum hljóðum (sem heyrðust í 15% áhorfsbila að meðaltali). Margþætt skilgreining getur hjálpað við að varpa skýrara ljósi á umfang markhegðunar við tilteknar aðstæður og gert kleift að mæla betur hvort inngrip hefur tilætluð áhrif eða ekki.

Þrátt fyrir tvöföldun á leiktíma hjá hópum 2 og 3 hélst æskileg hegðun nemenda stöðug ólíkt því sem Zivile Vaisyté og Heiða Hlín Matthíasdóttir (2017) greindu frá. Þar jókst óæskileg hegðun að nýju með lengingu leiktímans sem þær töldu stafa af auknum kröfum til nemenda, enda þurftu þeir að sýna fyrirmyndarhegðun í allt að tvöfalt lengri tíma meðan viðmið um hámarksfjölda sektarstiga héldust þau sömu. Í þessari rannsókn veittu kennarar jákvæða endurgjöf með reglulegu millibili og þannig oftast þegar leiktíminn lengdist, enda hækkuðu þá viðmið um táknstyrkja sem þurfti fyrir umbun. Einnig voru liðin fleiri í þessari rannsókn, fjögur í stað tveggja, þannig að kennarinn veitti oft jákvæða endurgjöf á hegðun liða í bekknum, sem gæti um leið hafa virkað sem hvatning fyrir hin um að sýna viðeigandi hegðun. Líklega styrkti þessi tíða jákvæða endurgjöf viðeigandi hegðun á öflugri hátt heldur en mismunastyrking lágrar tíðni hegðunar í upprunalegu útgáfu Hvatningarleiksins, með umbun í lok leiktímans. Sterk áhrif táknstyrkjaútgáfunnar er í samræmi við niðurstöður Tanol og félaga (2010) þar sem hún leiddi til betri hegðunar nemenda í tveimur bekkjum heldur en útgáfa sem fól í sér sektir. Í þeirri rannsókn sögðust kennarar einnig frekar kjósa að nota táknstyrkjaútgáfuna þar sem hún leiddi til jákvæðara námsumhverfis, að þeirra sögn.

Áhrif Hvatningarleiksins á námsástundun

Flestar rannsóknir sem gerðar hafa verið á Hvatningarleiknum hafa snúist um áhrif hans á óæskilega hegðun en það er mikilvægt að meta einnig áhrifin á námsástundun nemenda. Rannsókn þessi er sú fyrsta á Íslandi, svo vitað sé, þar sem áhrif Hvatningarleiksins á námsástundun nemenda eru skoðuð. Niðurstöður sýndu að nemendur voru virkari í kennslustundum með aðstoð Hvatningarleiksins þar sem námsástundun þátttakenda jókst að meðaltali um 65%, það er úr 57% í 93% áhorfsbila. Þetta samræmist niðurstöðum einnar af fyrstu rannsóknum á táknstyrkjaútgáfu Hvatningarleiksins þar sem námsástundun þátttakenda jókst um 42% við innleiðingu (Robertshaw og Hiebert, 1973), auk niðurstöðna samantekta rannsókna á áhrifum leiksins (sjá t.d. Bowman-Perrott o.fl., 2016; Flower, McKenna, Bunuan o.fl., 2014).

Niðurstöður fyrri rannsókna benda til þess að þegar nemendur ná að lágmarki 80% námsástundun sé það til marks um að námsumhverfið sé í senn jákvætt og hvetjandi (Apter, 2016; Sulla, 2015). Samkvæmt Sulla (2015) bendir námsástundun nemenda í yfir 90% tímans til þess að aðstæður í kennslustofunni séu til fyrirmyndar og nemendur fylgi fyrirmælum kennara. Miðað við að námsástundun þátttakenda í þessari rannsókn var í öllum tilvikum lægri en 80% áhorfsbila á grunnskeiði og hærri en 90% á inngripskeiði má álykta að Hvatningarleikurinn hjálpi kennurum að skapa hvetjandi námsumhverfi sem ýtir undir virkari námsástundun. Eftir inngrip jókst námsástundun og hélst yfir 90% áhorfsbila hjá þátttakendum í öllum kennslustundum þar sem Hvatningarleikurinn var leikinn. Rétt er að minna á að þátttakendur í þessari rannsókn höfðu allir langa sögu um hegðunarerfiðleika og slaka námsástundun. Þetta bendir til þess að Hvatningarleikurinn sé góð leið fyrir kennara til þess að skapa vinnufrið og stöðuga námsástundun hjá fjölbreyttum nemendahópi, þó svo að það vari í skamma stund. Eins og áður sagði var hægt að tvöfalda leiktímann í þessari rannsókn án þess að það bitnaði á vinnufriði og námsástundun, sem bendir til að hægt sé að beita leiknum í jafnvel enn lengri tíma og við fleiri aðstæður, eins og kennurum þykir henta.

Önnur áhrif Hvatningarleiksins

Auk þeirra jákvæðu breytinga sem beinar athuganir sýndu á námsástundun og hegðun nemenda, bentu niðurstöður könnunarinnar til að langflestum þátttakendum hefði fundist auðvelt að læra Hvatningarleikinn og haft gaman af því að leika hann. Þátttakendur merktu allir við að þeir töldu leikinn hjálpa þeim að læra námsefnið og við að halda bekknum rólegum og hljóðlátum. Þeir vildu allir halda áfram að nota Hvatningarleikinn með bekknum sínum. Þetta samræmist niðurstöðum fyrri rannsókna þar sem nemendur og kennarar hafa lýst mjög jákvæðri reynslu af Hvatningarleiknum (Flower, McKenna, Muething o.fl., 2014; Rubow o.fl., 2018). Í beinum athugunum urðu matsaðilar einnig varir við að nemendur virtust spenntir fyrir Hvatningarleiknum og almennt jákvæðari og glaðari strax í upphafi kennslustundar eftir að hann var innleiddur. Einnig tóku matsaðilar eftir að nemendur virtust fljótari að finna til námsgögnin sín og fá sér sæti í upphafi kennslustundar, þegar leikurinn var leikinn heldur en áður. Markvissar mælingar á þessum atriðum gætu orðið viðfangsefni framtíðarrannsókna. Þá sýndu kennarar leiknum einnig mikinn áhuga og höfðu til dæmis oftast en einu sinni orð á því við matsaðila við lok mælinga með ummælum eins og; „Ég elska Hvatningarleikinn“ og „Hvatningarleikurinn hefur gert kennslustofuna mína að skemmtilegri stað“. Formlegar rannsóknir, svo sem með nafnlausri spurningakönnun eða viðtölum við hlutlausa aðila, gæti þó varpað betra ljósi á sýn kennara á Hvatningarleikinn og jafnvel mismunandi útgáfur hans.

Takmarkanir og næstu skref

Þessi rannsókn bætti við þekkingargrunn fyrir rannsókna á Hvatningarleiknum með því að sýna fram á jákvæð áhrif tákstyrkjaútgáfu leiksins á bæði hegðun og námsástundun íslenskra nemenda. Þrátt fyrir ýmsa styrkleika rannsóknarinnar og jákvæðar niðurstöður þarf að taka þeim með fyrirvara sökum takmarkana hennar. Fyrst má nefna að þátttakendur voru valdir eftir hentugleika, þar sem þeir voru nemendur í bekkjum kennara sem buðust til að taka þátt í rannsókninni og voru jafnframt samkennarar fyrsta höfundar

og matsaðila. Þessi tengsl gætu hafa haft áhrif á móttökur kennaranna, samstarfsvilja og gæði framkvæmdar á Hvatningarleiknum. Það gæti einnig hafa haft áhrif á þátttakendur sem margir þekktu til fyrsta höfundar og matsaðila úr skólanum. Það er því mikilvægt að endurtaka rannsóknina með framkvæmdaraðilum sem eru ekki hluti af starfslíði skóla þátttakenda. Þar að auki er aðeins hægt að álykta um áhrif Hvatningarleiksins á hegðun þátttakenda, án samanburðar við aðra samnemendur þeirra. Þess vegna væri gagnlegt að næstu rannsóknir á Hvatningarleiknum næðu til fleiri nemenda, bæði með og án sögu um langvarandi hegðunarvanda. Líkt og með aðrar einliðasniðsrannsóknir er endurtekning rannsókna með kerfisbundnum breytingum á einkennum þátttakenda og aðstæðna nauðsynleg fyrir trausta þekkingaröflun.

Mælingar fóru fram á vorönn og þegar styttest í skólalok reyndist erfiðara að ná mælingum við sambærilegar aðstæður og áður. Því var brugðið á það ráð að lengja leiktímann nokkuð hratt og ekki reyndist unnt að lengja hann í meira en 20 mínútur. Mælt er með að hefja rannsókn í skólabyrjun og rannsaka framkvæmd leiksins og áhrif yfir skólaárið. Í upphafi skólaárs er viðeigandi að kenna nemendum að fylgja reglum bekkjarins og áhugavert væri að rannsaka hvort og hvernig Hvatningarleikurinn gæti gagnast við það. Mikilvægt er að skoða hvort eða hversu vel nemendur yfirfæra bættu hegðun í leikaðstæðum yfir á aðstæður utan leiktíma. Loks má nefna að heppilegt hefði verið að halda áfram íhlutun í hópi 1, til þess að styrkja rannsóknarsniðið enn frekar, en vegna leyfis kennara hóps 1 var það ekki mögulegt.

Hvatningarleikurinn er ein leið til þess að minna kennara á það að fylgja reglum markvisst eftir með jákvæðri endurgjöf og fyrir nemendur til þess að sjá og finna strax styrkjandi áhrif þess að fylgja reglum. Til lengri tíma litið er markmiðið að sjálfsögðu að nemendur læri að sýna viðeigandi hegðun við fjölbreyttar aðstæður, án þess að til þurfi aðra styrkja en þá sem eru hluti af daglegu umhverfi. Margir kennarar ná að viðhalda viðeigandi hegðun í skólastofunni með jákvæðri athygli. Í þessari rannsókn gafst því miður ekki svigrúm til þess að styðja kennara í

að beita markvisst jákvæðri athygli til að styrkja og viðhalda viðeigandi hegðun nemenda utan leiksins. Í rannsóknum Donaldson o.fl. (2015), Pennington og McComas (2017) og Ramirez o.fl. (2019) er fjallað um leiðir til þess að yfirfæra áhrif Hvatningarleiksins á aðrar aðstæður í skólanum, utan leiktíma. Meðal þeirra er markviss jákvæð endurgjöf kennara til nemenda bæði innan og utan leiksins, sýnilegar reglur eða væntingar í kennslustofunni og eftirfylgd þeirra í sem flestum aðstæðum innan skólans. Þá er einnig hægt að lengja leikinn smám saman samhliða því að draga úr styrkingum og láta inngripið fjara út þegar æskileg hegðun hefur fest sig í sessi. Líkt og með aðrar aðferðir við hegðunarstjórnun er mikilvægt að hafa þessa hluti í huga til að stuðla að auknu sjálfstæði og viðvarandi velgengni nemenda.

Þrátt fyrir takmarkanir þessarar rannsóknar gefa niðurstöður vísbendingar um að Hvatningarleikurinn stuðli að bættri hegðun nemenda í kennslustofunni ásamt því að auka námsástandun. Þátttakendum með langvarandi hegðunarvanda fannst auðvelt að læra leikinn og töldu hann hafa jákvæð áhrif á sig og bekkinn í heild. Það er von höfunda að Hvatningarleikurinn geti verið góð og gagnleg leið fyrir kennara hérlandis til að skapa jákvætt og hvetjandi námsumhverfi bæði fyrir sig og nemendur sína.

The Good Behavior Game for classroom management: Effects on student disruptive and on-task behavior

The Good Behavior Game (GBG) is an evidence-based classroom management strategy, shown to increase student on-task behavior and decrease disruptive behavior, with data suggesting long-term benefits for at-risk youth. The present study examined the effects of a token-based version of the GBG on behaviors of students with persistent behavior problems (per teacher report) in three primary school classrooms in Iceland. Participants were four students in each classroom, ages 7 – 11. Following baseline assessments, teachers received brief GBG training. Four student teams in each classroom collected tokens for following classroom rules. Teachers regularly provided tokens and feedback in response to positive student behavior. Teams "won the game" by collecting a specified number of tokens, earning activity-based and tangible rewards. Disruptive behavior and task engagement data were collected via partial interval recording. A multiple baseline design across participant groups and ABAB design within one group showed a clear reduction in disruptive behavior and increased engagement during GBG implementation. At baseline, disruptive behavior was observed in 23% of intervals on average, but only in 0.1% of intervals on average during GBG implementation. Task engagement increased from 57% to 94% of intervals on average. Initially, the GBG was applied for 10 minutes but later extended to 20 minutes, with disruptive behavior remaining near 0% and engagement above 90% of intervals. Social validity questionnaire responses from participants indicated that they all considered the game fun and helpful. These initial findings indicate the token-based GBG could be an effective classroom management strategy for teachers in Iceland.

Heimildir

- Anna Dóra Steinþórsdóttir (2009). *Líðan grunnskóla-kennara og mat á hegðun nemenda* [Óbirt meistaraverkefni]. Háskóli Íslands.
- Anna-Lind Pétursdóttir. (2011). Með skilning að leiðarljósi: Dreigið úr langvarandi hegðunarerfiðleikum með virknimati og stuðningsáætlunum. *Uppeldi og menntun*, 20(2), 121–143.
- Apter, B. (2016). *A large-scale, quantitative investigation of teacher-feedback and student's on-task behavior as associated indicators of the social-emotional climate for learning in academic lessons in UK secondary schools using a systematic observation method: "MICRO"*. [Óbirt doktorsverkefni]. University of Cardiff.
- Barlow, D. H., Nock, M. K. og Hersen, M. (2009). *Single case experimental designs – Strategies for studying behavior change*. Pearson Press.
- Barrish, H. H., Saunders, M. og Wolf, M. M. (1969). Good behavior game: Effects of individual contingencies for group consequences on disruptive behavior in a classroom. *Journal of Applied Behavior Analysis*, 2(2), 119–124. <https://doi.org/10.1901/jaba.1969.2-119>
- Becker, K., Bradshaw, C., Domitrovich, C. og Jalongo, N. (2013). Coaching teachers to improve implementation of the Good Behavior Game. *Administration and Policy in Mental Health*, 40(6), 482–493. <https://doi.org/10.1007/s10488-013-0482-8>
- Bowman-Perrott, L., Burke, M. D., Zaini, S., Zang, N. og Vannest, K. (2016). Promoting positive behavior using the Good Behavior Game: A meta-analysis of single-case research. *Journal of Positive Behavior Interventions*, 18(3), 180–190. <https://doi.org/10.1177/1098300715592355>
- Bradley, R., Doolittle, J. og Bartolotta, R. (2008). Building on the data and adding to the discussion: The experiences and outcomes of students with emotional disturbance. *Journal of Behavioral Education*, 17(1), 4–23. <https://doi.org/10.1007/s10864-007-9058-6>
- Coronado-Hijón, A. (2009). Assessment of an educational behavioral management program. *Electronic Journal of Research in Educational Psychology*, 7(2), 805–828. <https://doi.org/10.25115/ejrep.v7i18.1322>
- Donaldson, J. M., Wiskow, K. M. og Soto, P. L. (2015). Immediate and distal effects of the Good Behavior Game. *Journal of Applied Behavior Analysis*, 48, 685–689. <https://doi.org/10.1002/jaba.229>
- Durlak, J. A., Weissberg, R. P., Dymnicki, A. B., Taylor, R. D. og Schellinger, K. B. (2011). The impact of enhancing students' social and emotional learning: A meta-analysis of school-based universal interventions. *Child Development*, 82(1), 405–432. <https://doi.org/10.1111/j.1467-8624.2010.01564.x>
- Embry, D. D., Fruth, J., Roepcke, E. og Richardson, C. (2017). *PAX Good Behavior Game* (4th ed.) PAXIS Institute.
- Embry, D. (2002). The Good Behavior Game: A best practice candidate as a universal behavioral vaccine. *Clinical Child and Family Psychology Review*, 5(4), 273–297. <https://doi.org/10.1023/a:1020977107086>
- Emmer, E. T. og Stough, L. M. (2001). Classroom management: A critical part of educational psychology, with implications for teacher education. *Educational Psychologist*, 36(2), 103–112. https://doi.org/10.1207/S15326985EP3602_5
- Flower, A., McKenna, J., Bunuan, R., Muething, C. og Ramon, Jr. (2014). Effects of the Good Behavior Game on challenging behaviors in school settings. *Review of Educational Research*, 84(4). <https://doi.org/10.3102/0034654314536781>
- Flower, A. L., McKenna, J. W., Muething, C. S., Bryant, D. P. og Bryant, B. R. (2014). Effects of the Good Behavior Game on classwide off-task behavior in a high school basic algebra resource classroom. *Behavior Modification*, 38, 45–68. <https://doi.org/10.1177/0145445513507574>
- Fruth, J. D. og Huber, M. J. (2015). Teaching prevention: The impact of a universal preventive intervention on teacher candidates. *Journal of Education and Human Development*, 4(1), 245–254. <https://doi.org/10.15640/jehd.v4n1a22>
- Gornik, A. E., Clark, D. A., Durbin, C. E. og Zucker, R. A. (2022). Individual differences in the development of youth externalizing problems predict a broad range of adult psychosocial outcomes. *Development and Psychopathology*. Fyrirfram rafræn birting. <https://doi.org/10.1017/S0954579421001772>
- Goulter, N., Oberth, C., McMahon, R. J., Lansford, J. E., Dodge, K. A., Crowley, D. M., Bates, J. E. og Pettit, G. S. (2022). Predictive validity of adolescent callous-unemotional traits and conduct problems with respect to adult outcomes: High- and low-risk samples. *Child Psychiatry and Human Development*. Fyrirfram rafræn birting. <https://doi.org/10.1007/s10578-022-01334-7>
- Groves, E. A. og Austin, J. L. (2017). An evaluation of interdependent and independent group contingencies during the good behavior game. *Journal of Applied Behavior Analysis*, 50(3), 552–566. <https://doi.org/10.1002/jaba.393>
- Guðrún Helga Guðlaugsdóttir. (2021). *Hvatningarleikurinn til bekkjarstjórnunar: Framkvæmd kennara og áhrif á samskipti* [Meistararitgerð, Háskóli Íslands]. Skemman. <http://hdl.handle.net/1946/40063>

- Harrop, A. og Swinson, J. (2000). Natural rates of approval and disapproval in British infant, junior and secondary classrooms. *British Journal of Educational Psychology*, 70(4), 473-483. <https://doi.org/10.1348/000709900158236>
- Huber, H. (1979). The value of a behavior modification program administered in the fourth grade of a school for special education. *Praxis der Kinderpsychologie und Kinderpsychiatrie*, 28(2), 73-79.
- Ingvar Sigurgeirsson og Ingibjörg Kaldalóns. (2006). „Gullkista við enda regnbogans“: Rannsókn á hegðunarvaranda í grunnskólum Reykjavíkur skólaárið 2005-2006. https://notendur.hi.is/ingvars/agi/Skyrsla_Hegdun_Lokagerd.pdf
- Joslyn, R. P., Austin, J. L., Donaldson, J. M. og Vollmer, T. R. (2020). A practitioner's guide to the Good Behavior Game. *Behavior Analysis: Research and Practice*, 20(4), 219-235. <http://dx.doi.org/10.1037/bar0000199>
- Joslyn, R. P., Donaldson, J. M., Austin, J. L. og Vollmer, T. R. (2019). The Good Behavior Game: A brief review. *Journal of Applied Behavior Analysis*, 52, 811-815. <https://doi.org/10.1002/jaba.572>
- Kellam, S. G., Wang, W., Mackenzie, A. C., Brown, C. H., Ompad, D. C., Or, F., Ialongo, N. S., Poduska, J. M. og Windham, A. (2014). The impact of the Good Behavior Game, a universal classroom-based preventive intervention in first and second grades, on high-risk sexual behaviors and drug abuse and dependence disorders into young adulthood. *Prevention Science*, 15(Suppl 1), S6-S18. <https://doi.org/10.1007/s11121-012-0296-z>
- Leffot, G., van Lier, P. A., Onghena, P. og Colpin, H. (2013). The role of children's on-task behavior in the prevention of aggressive behavior development and peer rejection: A randomized controlled study of the Good Behavior Game in Belgian elementary classrooms. *Journal of School Psychology*, 51, 187-199. <https://doi.org/10.1016/j.jsp.2012.12.006>
- Lei, H., Cui, Y. og Zhou, W. (2018). Relationships between student engagement and academic achievement: A meta-analysis. *Social Behavior and Personality*, 46(3), 517-528. <https://doi.org/10.2224/sbp.7054>
- Luthans, F. og Bond, K. M. (1977). The use of reversal design in organizational behavior research. *Academy of Management Proceedings*, 1977(1), 86-90. <https://doi.org/10.5465/ambpp.1977.4976896>
- Lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018.
- Malete, L. (2007) Aggressive and antisocial behaviors among secondary school students in Botswana. *School Psychology International*, 28(1), 90-109. <https://doi.org/10.1177/0143034307075683>
- OECD. (2019). *TALIS 2018 results (volume I): Teachers and school leaders as lifelong learners*. TALIS, OECD Publishing, Paris. <https://doi.org/10.1787/1d0bc92a-en>.
- Parsonson, B. (2012). The case for practice-based evidence to support evidence-based practice. *Journal of Primary Health Care*, 4(2) 98-99. <https://doi.org/10.1071/HC12098>
- Pennington, B. og McComas, J. J. (2017). Effects of the Good Behavior Game across classroom contexts. *Journal of Applied Behavior Analysis*, 50, 176-180. <https://doi.org/10.1002/jaba.357>
- Petras, H., Kellam, S. G., Brown, C. H., Muthén, B. O., Ialongo, N. S. og Poduska, J. M. (2008). Developmental epidemiological courses leading to antisocial personality disorder and violent and criminal behavior: effects by young adulthood of a universal preventive intervention in first- and second-grade classrooms. *Drug and Alcohol Dependence*, 95 (Suppl 1), S45-S59. <https://doi.org/10.1016/j.drugalcdep.2007.10.015>
- Pétursdóttir, A. L. (2017). Distance training in function-based interventions to decrease student problem behavior: Summary of 74 cases from a university course. *Psychology in the Schools*, 54(3), 213-227. <https://doi.org/10.1002/pits.21998>
- Phillips, D. og Christie, F. (1986). Behavior management in a secondary school classroom: Playing the game. *Maladjustment and Therapeutic Education*, 4(1), 47-53.
- Ramirez, L. H., Hawkins, R. O., Collins, T. A., Ritter, C. og Haydon, T. (2019). Generalizing the effects of group contingencies across instructional settings for students with emotional and behavioral disorders. *School Psychology Review*, 48, 98-112. <https://doi.org/10.17105/SPR-2017-0122.V48-1>
- Rangvid, B. S. (2018). Student engagement in inclusive classrooms. *Education Economics*, 26(3), 266-284. <https://doi.org/10.1080/09645292.2018.1426733>
- Reyes, M. R., Brackett, M. A., Rivers, S. E., White, M. og Salovey, P. (2012). Classroom emotional climate, student engagement, and academic achievement. *Journal of Educational Psychology*, 104(3), 700-712. <https://doi.org/10.1037/a0027268>
- Robertshaw, S. C. og Hiebert H. D (1973). The astronaut game: A group contingency applied to a first grade classroom. *School Applications of Learning Theory*, 6(1), 28-33.
- Rubow, C., Vollmer, T. R. og Joslyn, P. R. (2018). Effects of the good behavior game on student and teacher behavior in an alternative school. *Journal of Applied Behavior Analysis*, 51(2), 382-392. <https://doi.org/10.1002/jaba.455>

- Ruiz-Olivares, R., Pino, M. J. og Herruzo, J. (2010). Reduction of disruptive behaviors using an intervention based on the good behavior game and the say-do-report correspondence. *Psychology in the Schools*, 47(10), 1046–1058. <https://doi.org/10.1002/pits.20523>
- Samband íslenskra sveitarfélaga og Félags grunnskólakennara, (2012). *Sameiginleg könnun Sambands íslenskra sveitarfélaga og Félags grunnskólakennara*. https://ssh.is/images/stories/Soknaraetlun/Kynning_nidurstadna_konnunar_FG_og_samb_loka_2012_08.pdf
- Snæfríður Björgvinsdóttir og Anna Lind Pétursdóttir (2014). Erfið hegðun nemenda: Áhrif á liðan kennara. *Uppeldi og menntun*, 23(2), 65–86. <https://ojs.hi.is/uppmennt/article/view/1934>
- Sulla, F. (2015). *The effect of teacher approval on student's social and academic behavior*. [Óbirt doktorsritgerð]. Universitá degli Studi di Parma.
- Tanol, G., Johnson, L., McComas, J. og Cote, E. (2010). Responding to rule violations or rule following: A comparison of two versions of the Good Behavior Game with kindergarten students. *Journal of School Psychology*, 48(5), 337–355. <https://doi.org/10.1016/j.jsp.2010.06.001>
- Taylor, R. D., Oberle, E., Durlak, J. A. og Weissberg, R. P. (2017). Promoting positive youth development through school-based social and emotional learning interventions: A meta-analysis of follow-up effects. *Child Development*, 88(4), 1156–1171. <https://doi.org/10.15640/1156-1171>
- Tingstrom, D. H., Sterling, H. og Wilczynski, S. (2006). The Good Behavior Game: 1969–2002. *Behavior Modification*, 30(2), 225–253. <https://doi.org/10.1177/0145445503261165>
- Troncoso, P. og Humphrey, N. (2021). Playing the long game: A multivariate multilevel non-linear growth curve model of long-term effects in a randomized trial of the Good Behavior Game. *Journal of School Psychology*, 88, 68–84. <https://doi.org/10.1016/j.jsp.2021.08.002>
- van Lier, P. A. C. (2004). Preventing disruptive behavior in elementary schoolchildren: Impact of a universal classroom-based intervention. *Journal of Consulting and Clinical Psychology*, 72, 467–478. <https://doi.org/10.1177/0143034307075683>
- Wagner, M. W. (1995). Outcomes for youths with serious emotional disturbance in secondary school and early adulthood. *Future Child*, 5(2), 90–112.
- Weis, R., Osborne, K. J. og Dean, E. L. (2015). Effectiveness of a universal, interdependent group contingency program on children's academic achievement: A countywide evaluation. *Journal of Applied School Psychology*, 31(3), 199–218. <https://doi.org/10.1080/15377903.2015.1025322>
- Westling, D. L. (2010). chers and challenging behavior: Knowledge, views, and practices. *Remedial and Special Education*, 31(1), 48–63. <https://doi.org/10.1177/0741932508327466>
- Zivilé Vaisytė og Heiða Hlín Matthíasdóttir (2017). *Fyrirmyndarnemendur. Hópamiðuð íhlutun í formi leiks til að draga úr óæskilegri hegðun nemenda á miðstigi grunnskóla*. [bakkalárritgerð, Háskóli Íslands]. Skemman. <http://hdl.handle.net/1946/27784>

Próffræðilegir eiginleikar íslenskrar þýðingar GAD-7 í klínísku úrtaki

Daney Harðardóttir
King's College

Vaka Vésteinsdóttir, Ragnhildur Lilja Ásgeirsdóttir
Háskóli Íslands

Hafrún Kristjánsdóttir
Háskólinn í Reykjavík

Fanney Þórsdóttir
Háskóli Íslands

General Anxiety Disorder Scale (GAD-7) er sjö atriða sjálfsmatskvarði sem notaður er til að skima fyrir almennri kvíðaröskun og meta alvarleika kvíðaeinkenna. Prófanir á erlendum útgáfum GAD-7 benda flestar til þess að mælingar með kvarðanum séu áreiðanlegar en þáttabygging hans virðist ekki stöðug í ólíkum úrtökum og sértækni hefur einnig reynst ófullnægjandi. Markmið rannsóknarinnar var að kanna próffræðilega eiginleika íslenskrar þýðingar GAD-7 í klínísku úrtaki. Leitandi þáttagreining var notuð til að meta þáttabyggingu íslenskrar þýðingar GAD-7, auk þess sem innri áreiðanleiki íslenskrar þýðingar kvarðans var metinn. Gögn frá 266 sjúklingum sem leituðu til heilsugæslustöðva (188 konum og 38 körlum) og voru kvíðnir og/eða þunglyndir samkvæmt klínísku mati voru notuð. Innri áreiðanleiki var góður $\omega_t = 0,90$ en meðalskor kvarðans var lágt og einnig hlutfall þeirra sem greindust kvíðnir. Samkvæmt leitandi þáttagreiningu skýrði einn þáttur best fylgni á milli atriða GAD-7 en þátturinn skýrði 57% af heildarbreytileika fylgnifylkisins. Þáttahleðslur allra atriða voru ásættanlegar eða á bilinu 0,53 til 0,87. Fyrstu niðurstöður á próffræðilegum eiginleikum íslenskrar þýðingar GAD-7 lofa góðu um gagnsemi listans sem mælitæki fyrir kvíðaeinkenni hér á landi en sýna einnig að þörf er á lagfæringum og frekari rannsóknum.

Efnisorð: GAD-7, próffræðilegir eiginleikar, íslensk útgáfa, kvíði, klínískt úrtak.

Spitzer og félagar (2006) hönnuðu General Anxiety Disorder Scale (GAD-7), sjö atriða sjálfsmatslista sem ætlað er að skima fyrir líklegum tilfellum af almennri kvíðaröskun og meta alvarleika kvíðaeinkenna með áherslu á notkun á heilsugæslum. Atriði listans endurspeglar helstu einkenni röskunarinnar samkvæmt greiningarviðmiðum DSM-IV auk þess sem höfundar sóttu innblástur í aðra kvíðalista. Upphaflega var listinn samsettur úr 13 atriðum sem síðan var fækkað niður í 7. Hægt er að fá heildarskor á bilinu 0 til 21 stig á listanum og benda hærri skor til aukins kvíða.

Lokaútgáfa listans var prófuð í úrtaki sjúklinga sem leituðu á heilsugæslu. Áreiðanleiki listans var góður en endurprófunaráreiðanleiki var 0,83

og innri áreiðanleiki $\alpha = 0,92$. Listinn hafði háa jákvæða fylgni við Beck Anxiety Inventory ($r = 0,72$) og kvíðahluta Symptom Checklist-90 ($r = 0,74$) sem sýndi fram á viðunandi réttmæti. Réttmæti listans var auk þess stutt með tengslum heildarskora við minni virkni og heilsu samkvæmt

Daney Harðardóttir er aðstoðarmaður í rannsóknum við Cicely Saunders Institute King's College í London, Vaka Vésteinsdóttir er lektor við Sálfræðideild Háskóla Íslands, Ragnhildur Lilja Ásgeirsdóttir er doktorsnemi í megindlegri sálfræði við Sálfræðideild Háskóla Íslands, Hafrún Kristjánsdóttir er dósent og deildarforseti Íþróttfræðideildar Háskólans í Reykjavík og Fanney Þórsdóttir er dósent við Sálfræðideild Háskóla Íslands. Fyrirspurnum vegna greinarinnar skal beint til Fanneyjar Þórsdóttur, dósentis við Sálfræðideild Háskóla Ísland, Nýi Garður, Sæmundargata 12, 102 Reykjavík. Netfang: fanneyt@hi.is.

SF-20 (20-item short form survey) (SF-20) sem metur almenna heilsu á sex sviðum (Spitzer o.fl., 2006; Stewart, Hays og Ware, 1988). Auk þess fannst jákvæð fylgni við fjölda veikindadaga ($r = 0,27$), læknisheimsóknna ($r = 0,22$) og hversu mikið kvíðaeinkenni trufla daglegt líf ($r = 0,63$) út frá sjálfsmati þátttakenda. Fylgni við þunglyndismælingar með PHQ-8 (Patient health questionnaire-8), útgáfu af PHQ-9 þar sem einu atriði er sleppt, reyndist há ($r = 0,75$). Þegar listarnir voru þáttgreindir saman hlóðu öll atriði PHQ-8 á einn þátt og öll atriði GAD-7 á annan þátt og þótti það, þrátt fyrir háa fylgni, sýna fram á aðgreiningu hugsmíðanna. Framkvæmd var leitandi þáttgreining á GAD-7 og fannst einn undirliggjandi kvíðþáttur með þáttahleðslur atriða á bilinu 0,69 til 0,81 (Spitzer o.fl., 2006). Á grundvelli þessara niðurstæðna var dregin sú ályktun að GAD-7 væri réttmætt og gagnlegt tæki til að skima fyrir almennri kvíðaröskun og meta alvarleika hennar í rannsóknum og klínísku starfi.

Próffræðilegir eiginleikar GAD-7

Fjöldi rannsókna hefur kannað próffræðilega eiginleika GAD-7 í ólíkum úrtökum og ítrekað hefur verið sýnt fram á góðan innri áreiðanleika kvarðans. Innri áreiðanleiki mælist yfirleitt á bilinu 0,8 til rúmlega 0,9 í klínískum úrtökum sem bendir til þess að innra samræmi listans sé gott (t.d. Beard og Björgvinsson, 2014; Delgadillo o.fl., 2012; Sawaya, Atoui, Hamadeh, Zeinoun og Nahas, 2016). Rannsóknir hafa einnig sýnt fram á háa fylgni GAD-7 við aðrar mælingar á kvíða í klínískum úrtökum, til að mynda við kvíðahluta HADS (Hospital anxiety and depression scale; García-Campayo o.fl., 2010) sem og við HAM-A (Hamilton anxiety rating scale; Ruiz o.fl., 2011). Auk þess hefur fundist miðlungs jákvæð fylgni við mælingar á áhyggjum með Penn State Worry Questionnaire og miðlungs til há fylgni við kvíða- og streitumælingar með DASS (Depression anxiety stress scales; Rutter og Brown, 2017). Þessar niðurstöður styðja því við réttmæti GAD-7.

Aðrar niðurstöður vekja hins vegar upp spurningar um réttmæti GAD-7 því fylgni við mælingar á annarri hugsmíð, sér í lagi þunglyndi, hefur verið á bilinu miðlungs til há. Þetta á til að mynda við

um mælingar á þunglyndi með PHQ-9 (Sawaya o.fl., 2016), þunglyndishluta HADS (García-Campayo o.fl., 2010) og þunglyndishluta DASS (Rutter og Brown, 2017). Þessar niðurstöður benda til að listanum takist ekki nógu vel að aðgreina kvíða frá þunglyndi í klínískum úrtökum. Það hefur einnig verið bent á litla sértækni listans (Beard og Björgvinsson, 2014; Donker o.fl., 2011; Kertz o.fl., 2013; Rutter og Brown, 2017; Sawaya o.fl., 2016). Léleg sértækni GAD-7 ásamt hárrí fylgni milli mælinga listans og þunglyndismælinga bendir til þess að listinn mæli mögulega tvær hugsmíðar, það er að segja kvíða og þunglyndi.

Þáttabygging GAD-7 hefur verið skoðuð með leitandi hætti í klínískum úrtökum og stundum hefur fengist stöðug eins þáttar lausn (García-Campayo o.fl., 2010; Sawaya o.fl., 2016; Sousa o.fl., 2015) en rannsókn á enskri útgáfu listans í klínísku úrtaki benti til að tveir þættir henti betur en einn (Beard og Björgvinsson, 2014). Atriði 1, 2, 3 og 7: „Verið spennt/-ur á taugum, kvíðin/-n eða hengd/-ur upp á þráð“, „ekki tekist að bægja frá þér áhyggjum eða hafa stjórn á þeim“, „haft of miklar áhyggjur af ýmsum hlutum“ og „verið hrædd/-ur eins og eitthvað hræðilegt gæti gerst“, hlóðu á fyrri þáttinn sem snýr að hugrænni og tilfinningalegri upplifun á kvíða. Atriði 4, 5 og 6: „Átt erfitt með að slaka á“, „verið svo eirðarlaus að þú áttir erfitt með að sitja kyrr“ og „orðið gröm/gramur eða pirruð/pirraður af minnsta tilefni“ hlóðu á seinni þáttinn sem tengist líkamlegri upplifun og pírringi. Niðurstöður staðfestandi þáttgreiningar í klínískum úrtökum benda einnig til að eins þátta lausn passi illa (Kertz o.fl., 2013; Rutter og Brown, 2017) Þessar niðurstöður benda til að þörf sé á frekari athugunum á réttmæti GAD-7 og að ekki megi gera ráð fyrir að eins þáttar þáttabygging haldi í nýjum úrtökum.

Samantekt og markmið

Fyrri rannsóknir hafa sýnt fram á góðan innri áreiðanleika mælinga með GAD-7. Auk þess hefur verið sýnt fram á viðunandi réttmæti þegar fylgni við mælitæki sem mæla sömu hugsmíð er skoðuð en fylgni við mælingar á þunglyndi hefur einnig verið há og sundurgreiningarhæfni listans því ábótavant. Þar að auki hafa rannsakendur (t.d.

Beard og Björgvinsson, 2014) lýst yfir áhyggjum um virkni listans sem skimunartæki vegna háshlutfalls falskra jákvæðra og ófullnægjandi sér-tækni. Þáttaformgerð GAD-7 hefur einnig reynst nokkuð óstöðug. Í upphaflegri rannsókn Spitzer og félaga (2006) myndaði listinn einn kvíðabátt og hefur sú niðurstaða stundum verið endurtekin en í öðrum tilfellum hefur einn þáttur passað illa. Ef til vill benda þessar niðurstöður til ólíkrar virkni listans milli ólíkra hópa eða til mögulegrar skekkju í mælitækinu. Niðurstöður þáttagreininga á GAD-7 sýna skýrt að rannsaka þarf þáttaformgerð listans nánar. Auk þess sýna niðurstöður fram á mikilvægi þess að kanna þáttaformgerð mælitækja í nýjum þýðingum, en vitneskja um þáttaformgerð þýddra sjálfsmatslista er grundvallarskilýrði fyrir notkun þeirra og auk þess nauðsynleg til að notkunin sé gagnleg (Einar Guðmundsson, 2011).

Markmið eftirfarandi rannsóknar er að kanna innri áreiðanleika og þáttabyggingu íslenskrar þýðingar GAD-7. Slíkt hefur ekki verið gert áður þrátt fyrir að notast sé við íslenska þýðingu listans til að mynda í klínísku starfi (Inga Hrefna Jónsdóttir o.fl., 2013) og rannsóknarstarfi (t.d. Erla Svansdóttir o.fl., 2018). Sökum óstöðugleika þáttabyggingar GAD-7 í öðrum útgáfum og þar sem íslenska útgáfan hefur ekki verið skoðuð áður verður framkvæmd leitandi þáttagreining. Notast verður við tölfræðiaðgerðir sem henta raðkvarða til að draga meg upp sem skýrasta mynd af undirliggjandi þáttaformgerð listans. Þannig verður stigið fyrsta skrefið í athugunum á prófkræðilegum eiginleikum íslenskrar útgáfu GAD-7 og munu niðurstöður nýtast þeim sem hyggja á að rannsaka mælitækið nánar sem og þeim sem vilja nýta sér það í skimun, klínísku starfi eða rannsóknum.

Aðferð

Þátttakendur

Þátttakendur voru hluti af stærra rannsóknarverkefni á vegum Landsspítalans og Háskóla Íslands. Þeim var vísað á rannsóknina ef heilbrigðisstarfsfólk á heilsugæslum taldi þá kvíðna og/eða þunglynda í kjölfar klíníks mats. Núverandi

vímuefnaneysla eða fíknivandi, geðvefræn einkenni eða merki um geðrofseinkenni útilokuðu þátttöku. Í upphafi rannsóknar fóru þátttakendur í greiningarviðtal hjá klínískum sálfræðingum þar sem þeir svöruðu fjölda sjálfsmatslista þar á meðal GAD-7 sem fjallað er um hér. Í heildina svöruðu 226 þátttakendur GAD-7 þar af 188 konur og 38 karlar. Þátttakendur voru fæddir á árunum 1933 til 1993 og voru þeir að minnsta kosti 18 ára við þátttöku.

Mælitæki

Notast var við íslenska þýðingu GAD-7. Sjálfsmatslistinn samanstendur af sjö atriðum sem ætlað er að skima fyrir almennum kvíða. Atriðum listans er stillt upp sem staðhæfingum sem lýsa kvíðatengdum einkennum og er þátttakandi beðinn um að meta hversu oft þessi einkenni hafa plagað hann síðastliðnar tvær vikur. Atriðin eru eftirfarandi: 1) „verið spennt/-ur á taugum, kvíðin/-n eða hengd/-ur upp á þráð“, 2) „ekki tekist að bægia frá þér áhyggjum eða hafa stjórn á þeim“, 3) „haft of miklar áhyggjur af ýmsum hlutum“, 4) „átt erfitt með að slaka á“, 5) „verið svo eirðarlaus að þú áttir erfitt með að sitja kyrr“, 6) „orðið gröm/gramur eða pirruð/pirraður af minnsta tilefni“ og 7) „verið hrædd/-ur eins og eitthvað hræðilegt gæti gerst“. Atriðum er svarað á fjögur punkta Likert-kvarða með svarmöguleikana „aldrei“, „nokkra daga“, „oftar en helming daganna“ og „næstum daglega“.

Öll atriði listans eru skorud jákvætt og hægt er að fá á bilinu 0 til 3 stig fyrir hvert atriði. Heildarskor geta því verið á bilinu 0 til 21 stig, þar sem hærri stigafjöldi bendir til aukins kvíða. Samkvæmt Spitzer og félögum (2006), höfundum listans, má miða við að 5 stig eða fleiri bendi til milds kvíða, 10 stig til meðalmikils og 15 stig eða fleiri til alvarlegra kvíðaeinkenna. Þau leggja einnig til að viðmið fyrir skimun sé heildarskor að minnsta kosti 10 stig. Plummer og félagar (2016) leggja aftur á móti til að viðmiðunarskor sé 8 stig.

Framkvæmd

Heimilislæknar á nokkrum heilsugæslustöðvum vísuðu þátttakendum 18 ára eða eldri í rannsóknina ef þeir töldu þá vera með kvíða og/eða þunglyndi. Öllum sem vísað var í rannsóknina var

gert að gangast undir ítarlegt mat hjá klínískum sálfræðingi og var þeim í kjölfar þess boðið að taka þátt í meðferðarhluta rannsóknarinnar eða vísað annað. Í þessu klíníska mati var meðal annars lagt fyrir MINI greiningarviðtalið sem og GAD-7 og fjöldi annarra sálfræðilegra mælitækja. Gögnum var safnað á árunum 2006 til 2011. Rannsóknin var framkvæmd með leyfi Vísindasiðanefndar (VSNb2005090003/03-15) og Persónuverndar (S2602/2005).

Tölfræðileg úrvinnsla

Öll tölfræðileg úrvinnsla var framkvæmd í R. Athugun á brottfalli leiddi í ljós sex brottfallsgildi sem mynduðu um 0,3% af heildarfjölda mæligilda og dreifðust á atriði 1, 2, 4 og 5. Þar sem brottfallsgildi voru minniháttar og að því er virtist tilfallandi var tilreiknað (*imputed*) eitt gildi fyrir hvert þeirra byggt á gildum annarra atriða GAD-7. Forritapakinn *mice* (van Buuren og Groothuis-Oudshoorn, 2011) var notaður til að tilreikna brottfallsgildi.

Reiknuð var lýsandi tölfræði fyrir bæði heildarskor þátttakenda á GAD-7 og fyrir einstaka atriði listans með forritapakkanum *psych* (Revelle, 2017). Einnig var skoðuð tíðni bakgrunnsbreyta á borð við kyn, aldur og menntun. Til að meta dreifingu atriða og heildarskora var notast við Jarque-Bera prófið (Jarque og Bera, 1987) sem metur hvort að dreifing breytu víki marktækt frá normaldreifingu byggt á skekkju og risi hennar. Núlltilgáta prófsins er sú að dreifing sé normal og að gildi skekkju sé núll og gildi riss þrír (Yap og Sim, 2011). Í kjölfarið voru reiknuð próf sem meta gildi riss og skekkju í sitthvori lagi. Normalpróf skekkjustuðulsins hefur þá núlltilgátu að skekkja sé núll og dreifing normal en aðaltilgátuna að dreifing víki frá normaldreifingu vegna skekkju. Normalpróf risstuðulsins hefur núlltilgátuna að ris jafngildi þremur og dreifing sé normal en aðaltilgátuna að dreifing víki frá normaldreifingu sökum riss (D'Agostino, Balanger og D'Agostino Jr., 1990). Miðað var við að $\alpha = 0,05$ fyrir marktækt þessara prófa. Notast var við forritapakkan *normtest* í R (Gavrilov og Pusev, 2014) til að framkvæma ofangreind próf. Auk þess var dreifing einstaka atriða og heildarskora skoðuð myndrænt.

Til þess að meta hvort gögnin hæfi til þáttagreiningar var fylgnifylki skoðað. Miðað var við að fylgnistuðlar skyldu vera 0,3 eða hærri til að fylgnifylkið væri þáttagreinanlegt (Tabachnick og Fidell, 2013). Auk þess var framkvæmt Bartlett próf en það prófar núlltilgátuna að fylgnifylkið sé einingarfylki (*identity matrix*) og þar með hvort að fylgnistuðlar víki marktækt frá núlli og er prófið sérstaklega gagnlegt þegar úrtök eru lítil (Tabachnick og Fidell, 2013). Miðað var við að Bartlett próf skyldi vera marktækt miðað við $\alpha = 0,05$ en marktækt þess gefur til kynna að gögn séu þáttagreinanleg (Williams, Onsman og Brown, 2010). Kaiser-Meyer-Olkin (KMO) stuðullinn var einnig skoðaður en hann metur sameiginlega dreifingu milli mældra breyta. Miðað var við að stuðullinn skyldi vera hærri en 0,5 til að þáttagreining væri viðeigandi, en því nær einum sem gildið er þeim mun betur henta gögnin til þáttagreiningar (Beavers o.fl., 2013). KMO stuðullinn og gildi Bartlett prófsins voru reiknuð með forritapakkanum *psych* (Revelle, 2017).

Við framkvæmd leitandi þáttagreiningar var einnig stuðst við forritapakkan *psych* (Revelle, 2017). Þáttagreining var framkvæmd á raðkvarðafylgnifylki (*polychoric correlation matrix*) sem er viðeigandi þegar mældar breytur eru fjölkosta atriði mæld á raðkvarða og undirliggjandi breytur eru samfelldar (Timmerman og Lorenzo-Seva, 2011). Ef notast er við Pearson fylgnifylki við þáttagreiningu slíkra gagna á sér stað vanmat á fylgnistuðlum auk þess sem þáttahleðslur verða skekktar (Baglin, 2014). Því ætti að fást skýrari þáttalaun þegar stuðst er við raðkvarðafylgni. Hermanir hafa einnig sýnt fram á að þegar mældar breytur eru á raðkvarða nálgast þáttagreining raunverulega þáttabyggingu betur ef notuð er raðkvarðafylgni í stað Pearson fylgni (Holgado-Tello, Chacón-Moscoso, Barbero-García og Vila-Abad, 2010). Þar sem atriðin sem unnið er með hér eru mæld á Likert-kvarða er við hæfi að þáttagreina raðkvarðafylgnifylki.

Við val á fjölda þátta er hægt að beita mörgum ólíkum aðferðum. Samkvæmt Henson og Roberts (2006) er algengasta aðferðin regla Kaiser (1960), hún segir að draga skuli alla þá þætti sem hafa eigin gildi hærri en einn. Þættir með eigin gildi jafnt og einn skýra jafn mikla dreifingu og stök

mæld breyta og telja bæði Kaiser (1960) og Guttman (1954) lítið gagn í að draga þætti sem skýra minni dreifingu en mældar breytur (Raïche, Walls, Magis, Riopel og Blais, 2013; Zwick og Velicer, 1986). Þrátt fyrir vinsældir og einfaldleika reglunnar hefur hún verið gagnrýnd til að mynda á þeirri forsendu að um sé að ræða tilbúna ákvörðunarreglu með skýrt og strangt viðmið sem ekki hefur mikið upplýsingagildi. Til dæmis væri þáttur með eigingildi 1,01 dreginn en ekki þáttur með eigingildi 0,99 þrátt fyrir að varla liggi neinn raunverulegur munur á milli skýringarmáttis þáttanna og að sá munur byggji líklega á úrtaksskekkju (Ruscio og Roche, 2012). Auk þess hefur fjöldi rannsókna sýnt að regla Kaiser eigi það til að ofmeta fjölda þátta (Fabrigar, Wegener, MacCallum og Strahan, 1999; Henson og Roberts, 2006; Zwick og Velicer, 1986).

Önnur algeng aðferð til að ákvarða fjölda þátta er skriðupróf Cattell (1966). Þá eru eigingildi teiknuð upp og síðan tengd saman svo úr verði ferill sem kallast skriðuplott. Síðan er fundinn sá punktur á skriðuplottinu þar sem sléttist úr ferlinum og fjöldi þátta fyrir þann punkt dreginn, en þessi punktur er talinn aðskilja mikilvæga þætti frá þeim ómerkilegu (Ledesma og Valero-Mora, 2007). Skriðuprófið felur því í sér hlutlæga ákvörðun um fjölda þátta en hefur þó reynst vel, sérstaklega þegar skýra undirliggjandi þætti er að finna í gögnunum (Fabrigar o.fl., 1999; Henson og Roberts, 2006). Þetta er þó ekki án vandkvæða en oft reynist erfitt að lesa úr skriðuplottinu og leiðir það til ólíkra ákvarðana meðal ólíkra rannsakenda (Zwick og Velicer, 1986). Til þess að bregðast við þessu og reyna að auðvelda og samræma túlkun á skriðuplotti hafa verið hannaðar ákvörðunarreglur sem ekki byggja á sjónrænni túlkun um hvernig best sé að staðsetja sléttuna. Til að mynda besta hnit (*optimal coordinate, OC*) sem felur í sér að fyrir hvert eigingildi sé reiknað væntigildi með aðhvarfsgreiningu. Síðan eru dregnir þeir þættir sem hafa raunverulegt eigingildi sem er hærra en eða jafnt og væntigildið (Raïche o.fl., 2013). Önnur slík ákvörðunarregla byggir á hröðunarþætti (*acceleration factor, AF*) sem leggur áherslu á staðinn á grafinu þar sem halli ferilsins breytist skyndilega og er fjöldi þátta ákvarðaður út frá

eigingildi á undan því sem sýnir mesta hröðun (Raïche o.fl., 2013).

Seinasta aðferðin til að ákvarða fjölda þátta sem fjallað verður um hér er samhliðagreining Horn (1965). Samhliðagreining byggir á því að búin eru til tilviljunarúrtök af sömu stærð og með jafn margar breytur og raunverulegt úrtak rannsakanda. Þessi úrtök eru tekin úr þýði þar sem engin undirliggjandi þáttaformgerð er til staðar og fylgnifylkið því einingarfylki. Reiknuð eru eigingildi fyrir þessi tilbúna gagnasöfn og síðan fundin meðaltöl þeirra fyrir hvern þátt. Meðaltölin eru síðan borin saman við eigingildi raunverulegu gagnanna og dregin sá fjöldi þátta þar sem raunveruleg eigingildi eru hærri en meðaleigingildi úr tilviljunarkenndum gögnum. Oft er þetta sett fram myndrænt (Ledesma og Valero-Mora, 2007). Helsti gallinn við samhliðagreiningu er að líkt og á við um reglu Kaiser er um handahófskennt viðmið að ræða. Samhliðagreining hefur þó þann kost fram yfir reglu Kaiser að tekið er tillit til úrtaksskekkju með því að bera saman raunveruleg gögn við tilviljunargögn dregin úr þýði með enga undirliggjandi þáttaformgerð (Ruscio og Roche, 2012).

Zwick og Velicer (1986) könnuðu ólíkar aðferðir til að ákvarða fjölda þátta. Regla Kaiser sýndi stöðugt ofmat á þáttum og sýndi skriðuprófið töluvert betri niðurstöðu þrátt fyrir að matsmenn hafi ekki alltaf verið sammála í túlkun sinni á því. Þá sýndi skriðuprófið, líkt og viðmið Kaiser, frekar tilhneigingu til ofmats en vanmats á þáttum. Samkvæmt niðurstöðu þeirra sýndi samhliðagreining mestan stöðugleika og fékkst oftast rétt niðurstaða þegar stuðst var við hana. Ruscio og Roche (2012) skoðuðu einnig gagnsemi ólíkra aðferða til að velja fjölda þátta í hermunarrannsókn þar sem skoðuð voru 10.000 gagnasöfn. Niðurstöður þeirra sýndu að með samhliðagreiningu fékkst rétt þáttalaun í um 76% tilfella, með besta hnit fékkst rétt niðurstaða í 74% tilvika og í 46% tilfella fékkst rétt niðurstaða með hröðunarþætti. Samkvæmt reglu Kaiser fannst rétt þáttabygging í aðeins tæplega 9% tilfella. Mæla þessar niðurstöður með notkun samhliðagreiningar og besta hnit en gegn reglu Kaiser. Það ber þó að hafa í huga að engin ofangreindra viðmiða um val á fjölda þátta nær fram rétttri þáttaformgerð í 100% tilvika og að þessar

aðferðir geta sýnt ólíkar niðurstöður þegar þær eru notaðar á sama gagnasafn (Henson og Roberts, 2006). Með þetta í huga var stuðst við öll þau viðmið sem fjallað var um hér að ofan við val á fjölda þátta. Þetta er regla Kaiser, skriðupróf, besta hnit, hröðunarpáttur og samhliðagreining. Notast var við forritapakka *psych* (Revelle, 2017) og *nFactors* (Raíche, 2011) í R til að beita þessum aðferðum og til að setja niðurstöðu fram myndrænt var notast við forritapakka *ggplot2* (Wickham, 2016).

Notuð var meginásapáttagreining (*principal axis factoring*) til að draga þáttalausn. Um er að ræða tegund af leitandi þáttagreiningu sem er mikið notuð og hentar vel þegar gögn víkja frá normaldreifingu og til þess að koma auga á veikburða þætti (de Winter og Dodou, 2012; Fabrigar o.fl., 1999). Notast var við leitandi þáttagreiningu fram yfir meginhlutagreiningu (*principal components analysis*) þar sem slíkt var viðeigandi fyrir markmið rannsóknarinnar. Markmið þáttagreiningar er að skýra fylgni milli mældra breyta með undirliggjandi hugsmíðum sem ekki er hægt að mæla með beinum hætti og gert er ráð fyrir að hafi áhrif á breyturnar (Fabrigar og Wegener, 2012). Þetta er gert með því að beina sjónum að sameiginlegri dreifingu mældra breyta og útiloka sértæka dreifingu þeirra þar sem slík dreifing orsakast af öðru en undirliggjandi þáttum. Í meginhlutagreiningu er öll dreifing skoðuð, það er bæði sameiginleg og sértæk dreifing (Costello og Osborne, 2005; Tabachnick og Fidell, 2013). Markmið slíkrar greiningar er að einfalda safn mældra breyta með því að sameina skor á þeim línulega í færri breytum sem kallaðar eru meginhlutar. Í meginhlutagreiningu er því ekki gert ráð fyrir undirliggjandi hugsmíðum sem hafa áhrif á breytur heldur er heildardreifingu breyta gerð skil í einfaldaðri mynd (Costello og Osborne, 2005; Fabrigar og Wegener, 2012).

Þrátt fyrir að leitandi þáttagreining og meginhlutagreining séu sitt hvor aðferðin með sitt hvort markmiðið eru þær oft notaðar líkt og um sömu aðferð væri að ræða og oft talað um meginhlutagreiningu sem afbrigði af þáttagreiningu (Fabrigar og Wegener, 2012). Þetta er varasöm venja þar sem meginhlutagreining er ekki viðeigandi ef markmiðið er að finna undirliggjandi þætti og

rannsóknir sýna að val á aðferð hefur áhrif á niðurstöðuna (t.d. Fabrigar o.fl., 1999; Widaman, 1993). Hér er viðeigandi að nota þáttalíkan þar sem gert er ráð fyrir undirliggjandi og ómælanlegri hugsmíð, það er kvíða, sem hefur áhrif á mældar breytur, það er svör þátttakenda á GAD-7.

Til að meta niðurstöðu þáttagreiningar var hér stuðst við eftirfarandi viðmið. Þáttahleðslur hærri en 0,71 voru metnar framúrskarandi, hærri en 0,63 mjög góðar, 0,55 góðar, 0,45 sæmilegar og 0,32 lélegar, en lægri þáttahleðslur voru ekki teknar til greina (Tabachnick og Fidell, 2013). Til að meta þáttaskýringar (*communalities*) var stuðst við viðmið Fabrigar og Wegener (2012). Samkvæmt þeim eru þáttaskýringar jafnt og eða hærri en 0,70 góðar, þáttaskýringar á milli 0,40 til 0,70 sæmilegar og allt undir 0,40 lélegt. Eftir að þáttalausn var dreginn voru leifar athugaðar sem reiknaðar eru með því að draga raunverulega fylgni atriða frá spáfylgni þáttalausnar. Miðað var við að færri en helmingur leifa skyldi vera hærri en 0,05 til að þáttalausn væri talin ásættanleg (Yong og Pearce, 2013).

Auk þáttagreiningar var innri áreiðanleiki mælinga metinn. Innri áreiðanleiki GAD-7 hefur yfirleitt verið metinn með Cronbach's alfa. Sá stuðull hvílir á þeirri forsendu að hallatölur sem lýsa sambandi atriða listans við undirliggjandi þátt séu þær sömu alls staðar (*essentially tau-equivalent*). Það telst hæpið að þessi forsenda standist í sálfræðilegum mælitækjum og því er gert ráð fyrir að alfa vanmeti réttan áreiðanleika mælinga (McNeish, 2018; Teo og Fan, 2013). Til þess að forðast vanmat var innri áreiðanleiki mælinga með GAD-7 hér metinn með omega total (ω_t). Omega stuðullinn gefur betra mat á áreiðanleika mælinganna þar sem hann hvílir ekki á ofangreindri forsendu, auk þess gerir stuðullinn ráð fyrir að atriði séu mæld á samfelldum kvarða og því hægt að reikna hann út frá raðkvarðafylgnifylki (McNeish, 2018). Lágmarksviðmið fyrir ásættanlegan áreiðanleika mældan með omega stuðli er 0,5 en þó er mælt með að stuðullinn sé 0,75 eða hærri (Reise, 2012; Reise, Bonifay og Haviland, 2013). Alfa stuðullinn var einnig reiknaður til þess að auðvelda samanburð við fyrri rannsóknir. Omega og alfa voru reiknaðir með forritapakkanum *psych* (Revelle, 2017).

Niðurstöður

Lýsandi tölfraði

Upplýsingar um úrtakið er að finna í töflu 1. Eins og sjá má í töflunni er meirihluti úrtaksins konur (83,2%) og flestir þátttakendur (77,4%) fæddir á árunum 1961 til 1990. Auk þess hafa flestir þátttakendur lokið starfsnámi (33,6%) og meirihluti úrtaks er í launaðri vinnu (57,1%).

Lýsandi tölfraði fyrir atriði GAD-7 í úrtakinu má sjá í töflu 2. Meðaltöl atriða voru öll á bilinu 1,1 og 1,6 að tveimur atriðum undanskildum, það eru atriði 5 og 7 og höfðu bæði þessi atriði meðaltöl lægri en einn. Lægst var meðaltal atriðis 7 ($M = 0,76$) og hæst meðaltal hafði atriði 4 ($M = 1,58$).

Öll atriði tóku gildi á bilinu 0 til 3 og nýttu því mögulega dreifingu. Við myndræna skoðun dreifingar sást að algengasta gildi allra atriða var ýmist 0 eða 1 stig. Dreifing atriða var könnuð með Jarque-Bera prófi og samkvæmt því vék dreifing atriðis 1 sem og atriða 4 til 7 marktækt frá normaldreifingu. Myndræn skoðun á dreifingu atriðis 4 leiddi í ljós að fleiri svörðu því með seinasta svarmöguleikanum „næstum daglega“ (sem gefur 3 stig) en á við um önnur atriði. Bendir þetta til þess að atriði 4 sé það atriði listans sem auðveldast er fyrir þátttakendur að samþykka. Ris þessa atriðis vék marktækt frá normaldreifingu og sama á við um atriði 1, 2 og 3. Ef gildi riss eru skoðuð í töflu 2 sést að dreifingin er alls staðar flatari en í normaldreifingu.

Atriði 5 til 7 sem og atriði 1 vöktu athygli við myndræna athugun þar sem þar er að sjá jákvæða skekkju og var skekkja þessara atriða marktæk

Tafla 1 Einkenni þátttakenda ($n = 226$).

Breytur	Fjöldi	Hlutfall (%)
Kyn		
Karlar	38	16,8
Konur	188	83,2
Fæðingarár		
1933-1940	2	0,9
1941-1950	11	4,9
1951-1960	29	12,8
1961-1970	44	19,5
1971-1980	55	24,3
1981-1990	76	33,6
1991-1993	8	3,5
Ótilgreint	1	0,4
Námi lokið		
Skuldunám	60	26,5
Starfsnám	76	33,6
Sérskólanám	14	6,2
Háskólanám	67	29,6
Annað nám	8	3,5
Ótilgreint	1	0,4
Launuð vinna		
Já	129	57,1
Nei	95	42,0
Ótilgreint	2	0,9

Tafla 2 Meðaltal (M), Staðalfrávik (SF), lægsta og hæsta gildi, ásamt skekkju og risi fyrir atriði GAD-7.

Atriði	M	SF	Lægsta	Hæsta	Skekkja	Ris
1	1,37	0,95	0	3	0,41	2,24
2	1,41	0,90	0	3	0,19	2,30
3	1,54	0,89	0	3	0,07	2,23
4	1,58	0,99	0	3	0,03	1,93
5	0,85	0,91	0	3	0,86	2,90
6	1,11	0,88	0	3	0,57	2,71
7	0,76	0,89	0	3	0,87	2,73

Tafla 3 Meðaltal (M), staðalfrávik (SF), hæsta og lægsta gildi, ásamt skekkju og risi eftir kyni fyrir heildarskor á GAD-7.

	M	SF	Lægsta	Hæsta	Skekkja	Ris
Konur	8,96	4,79	0	21	0,31	2,54
Karlar	6,95	4,48	0	17	0,59	2,45
Heild	8,62	4,79	0	21	0,36	2,51

samkvæmt normalprófi skekkjustuðuls. Sérstaklega vöktu atriði 5 og 7 athygli en þar merktu flestir við vægasta valmöguleikann sem bendir til gólfhrifa í þessum atriðum. Þrátt fyrir marktækt þessara prófa eru frávik í skekkju eða risi hvergi veruleg ef litið er til ris- og skekkjustuðla, því vakna ekki áhyggjur varðandi frekari úrvinnslu gagnanna að svo stöddu.

Heildarskor þátttakenda á GAD-7 voru reiknuð og má sjá lýsandi tölfræði þeirra eftir kyni í töflu 3. Heildarskor dreifast frá 0 upp í 21 stig og er heildardreifing listans því nýtt en flestir þátttakendur (38%) voru með heildarskor á bilinu 4 til 7 stig. Dreifing heildarskora er lítillega jákvætt skekkkt með meðaltal 8,62 stig (SF = 4,79). Skekkjan er marktæk samkvæmt Jarque-Bera prófi og samkvæmt prófi á skekkjustuðli. Ef að dreifingin er skoðuð fyrir kynin í sitthvoru lagi vikur hún þó ekki marktækt frá normaldreifingu en sjá má talsverðan mun á dreifingu heildarskora eftir kyni. Dreifing heildarskora karla sýnir meiri skekkju en kvenna samkvæmt skekkjustuðli og auk þess er möguleg dreifing heildarskora ekki fullnýtt þar sem dreifingin nær aðeins upp í 17 stig meðal karla. Þar að auki mælast karlar að meðaltali með minni kvíða en konur og er munurinn marktækur $t(55,52) = 2,49, p = 0,016$. Gefur þessi niðurstaða til kynna mögulega kynjaskekkju í mælitækinu eða raunverulegan mun á tíðni kvíðaeinkenna karla og kvenna.

Samkvæmt viðmiðum Spitzer og félaga (2006) mælast 87 einstaklingar (38%) með mild kvíðaeinkenni, 63 (28%) með meðalmikinn kvíða og 28 (12%) með alvarleg einkenni kvíða. Ef miðað er við 10 stig eða fleiri skimast um 40% þátttakenda í áhættuhóp en um 51% ef miðað er við 8 stig.

Innri Áreiðanleiki

Innri áreiðanleiki mælinga með GAD-7 var góður. Áreiðanleiki mældist $\omega_t = 0,90$ með omega og $\alpha = 0,87$ með alfa. Munurinn á stuðlunum tveimur

er lítill en þó bendir munurinn til vanmats með alfastuðli. Áreiðanleiki var hér í góðu samræmi við aðrar mælingar með GAD-7 í ólíkum þýðingum (t.d. Beard og Björgvinsson, 2014; Donker o.fl., 2011; Hinz o.fl., 2017).


Leitandi þáttgreining

Þáttgreinanleiki fylgnifylkis

Raðkvarðafylgni milli atriða var í öllum tilfellum hærri en 0,3 sem bendir til að fylgnifylkið, sem sjá má í töflu 4, sé þáttgreinanlegt. Fylgnin var lægst á milli atriða 2 og 5 (0,34) og hæst á milli atriða 2 og 3 (0,86). Þetta er töluvert há fylgni og jafnframt eini fylgnistuðullinn sem nær yfir 0,8 en flestir fylgnistuðlar eru á bilinu 0,4 til 0,8. Almenn sýnir atriði 6 lægsta fylgni við önnur atriði en fylgnistuðlar þess mældust á bilinu 0,37 til 0,50. Bartlett próf var marktækt, $p < 0,001$, sem gefur til kynna að fylgnifylkið sé frábrugðið einingarfylki og þar af leiðandi að fylgni milli atriða viki marktækt frá núlli. KMO gildi var 0,81 sem bendir til þess að sameiginleg dreifing breyta sé viðunandi til þáttgreiningar. Allt bendir þetta til að gögnin hæfi þáttgreiningu.

Fjöldi þátta

Fyrstu tvö eigingildi gagnanna voru 4,39 og 0,92 og því fannst aðeins eitt eigingildi sem var herra en einn. Þegar mynd 1 er skoðuð sést að það sléttist úr ferli skriðuplottsins við annað eigingildið og því bendir skriðuprófið til eins þáttar. Sömuleiðis gefa báðar ákvörðunarreglurnar, það er besta hnit og hröðunarþáttur, til kynna að eins þáttar lausn falli best að gögnunum. Eins og sjá má á mynd 1 er eins þáttar lausn viðeigandi samkvæmt samhliðagreiningu þar sem það er eingöngu fyrsta eigingildið sem er herra en eigingildi tilbúinna gagna. Öll viðmið benda því til sömu niðurstöðu, það er að gögnunum sé best lýst með einum undirliggjandi kvíðapætti.



Mynd 1 Skriðupróf og samhliðagreining sem bendir til þess að eins þáttar lausn sé við hæfi.

Tafla 4 Raðkvarðafylgnifylki fyrir atriði GAD-7.

	1	2	3	4	5	6	7
1	1,00						
2	0,73	1,00					
3	0,68	0,86	1,00				
4	0,78	0,70	0,73	1,00			
5	0,45	0,34	0,40	0,63	1,00		
6	0,38	0,37	0,46	0,46	0,50	1,00	
7	0,64	0,58	0,62	0,52	0,43	0,40	1,00

Tafla 5 Þáttahleðslur og þáttaskýringar fyrir eins þáttar lausn GAD-7.

Atriði	Þáttahleðsla	h2
3. Miklar áhyggjur	0,87	0,76
4. Erfitt að slaka á	0,87	0,76
1. Spenna og kvíði	0,84	0,71
2. Erfitt að stjórna áhyggjum	0,83	0,69
7. Hræðsla	0,70	0,49
5. Eirðarleysi	0,57	0,33
6. Gremja og pirringur	0,53	0,28

Þáttalausn

Notast var við meginásalþáttagreiningu til þess að draga þáttalausn. Dreginn var einn þáttur sem öll atriði hlaða á og skýrir hann 57% af heildardreifingu atriða. Athugun á leifum leiddi í ljós að minna en helmingur þeirra eða 43% var hærri en 0,05 sem bendir til að þáttalausnin sé viðunandi. Þáttahleðslur ásamt þáttaskýringum má sjá í töflu 5.

Í töflu 5 sést að atriði 1 til 4 sýna framúrskarandi þáttahleðslu samkvæmt viðmiðum Tabachnick og Fidell (2013). Auk þess sýna þessi atriði góða þáttaskýringu samkvæmt viðmiðum Fabrigar og Wegener (2012) að atriði 2 undanskildu sem þó er á mörkum þess að sýna góða þáttaskýringu. Atriði 7 „verið hrædd/-ur eins og eitthvað hræðilegt gæti gerst“ sýnir lægri þáttahleðslu sem þó flokkast sem mjög góð en þáttaskýring atriðisins er sæmileg. Atriði 5 og 6 sýna þáttahleðslur sem flokkast sem góð annars vegar og sæmileg hins vegar samkvæmt viðmiðum. Aftur á móti má sjá að þetta eru áberandi verri þáttahleðslur en önnur atriði sýna og þáttaskýringar þessara atriða eru lélegar. Þetta eru atriðin „verið svo eirðarlaus að þú áttir erfitt með að sitja kyrr“ og „orðið gröm/gramur eða pirruð/pirraður af minnsta tilefni“, en það seinna sýnir örlítið lægri þáttahleðslu og -skýringu. Þáttalausn nær því ekki að gera dreifingu þessara atriða góð skil og þau tengjast öðrum atriðum listans illa. Niðurstöður benda því til þess að einhver önnur hugsmíð umfram kvíða hafi áhrif á svörun við seinustu þremur atriðum listans og/eða að þau sýni einhverskonar kerfisbundna mæli- eða svarskekkju. Atriði 5 og 6 sérstaklega geta að svo stöddu ekki talist gagnleg mæling á magn kvíða og vekja niðurstöður því upp spurningar um notagildi íslenskrar þýðingar GAD-7.

Umræða

Markmið rannsóknarinnar var að kanna í fyrsta skipti próffræðilega eiginleika íslenskrar þýðingar GAD-7 og þá sér í lagi innri áreiðanleika og þáttaformgerð listans. Listinn var skoðaður í klínísku úrtaki og voru niðurstöður að nokkru leyti í samræmi við fyrri rannsóknir. Mælingar sýndu að venju góðan innri áreiðanleika bæði mælt með omega og alfa, því er innra samræmi

íslenskrar þýðingar stutt. Auk þess fékkst skýr niðurstaða um eins þáttar formgerð listans sem styður við réttmæti íslensku þýðingarinnar.

Meðaltöl heildarskora í fyrri rannsóknum sem skoða GAD-7 í klínískum úrtökum eru yfirleitt hærri en 10 stig sem er gjarnan notað sem viðmiðunarskor í skimun (Beard og Björgvinsson, 2014; García-Campayo o.fl., 2010; Kertz o.fl., 2013; Sawaya, 2016; Sousa o.fl., 2015). Þetta er ekki í samræmi við þá niðurstöðu sem fékkst hér en meðaltal heildarskora var 8,62 og jafnframt var í öllum atriðum mest merkt við þá svarmöguleika sem gefa til kynna engin eða mild kvíðaeinkenni. Þar sem um er að ræða klínískt úrtak hefði verið eðlilegra að sjá dreifðari svörun og hærri meðaltal. Þar að auki var hlutfall þátttakenda sem skimast í áhættuhóp lægra en mætti vænta miðað við tegund úrtaks. Þegar miðað var við upphaflegt tíu stiga viðmiðunarskor Spitzer og félaga (2006) skimuðust aðeins um 40% þátttakenda og þegar miðað var við átta stig líkt og Plummer og félagar (2016) lögðu til skimaðist rétt rúmlega helmingur þátttakenda með kvíða. Þessar niðurstöður setja spurningarmerki við gagnsemi íslenskrar þýðingar GAD-7 og mæla gegn notkun listans í skimun. Þó ber að hafa í huga að val í úrtak gæti orsakað niðurstöðu af þessu tagi hafi viðmið heilbrigðisstarfsmanna sem vísuðu þátttakendum á rannsóknina verið of lág. Það er einnig mikilvægt að hafa í huga að þátttakendur leituðu til heilsugæslunnar og var þaðan vísað í meðferð fyrir vægan til miðlungsmikinn vanda. Þeir sem eiga í miklum vanda eru þar af leiðandi ekki líklegir til að vera hluti af úrtakinu. Þetta getur skýrt lágt meðaltal í þessari rannsókn.

Leitandi þáttagreining á íslenskri þýðingu GAD-7 leiddi skýrt í ljós einn undirliggjandi kvíðapátt sem hefur áhrif á svörun þátttakenda. Slík þáttalausn er bæði í samræmi við þáttaformgerð í upphaflegri rannsókn á listanum (Spitzer o.fl., 2006) sem og niðurstöður sem fengist hafi í öðrum þýðingum listans (Donker o.fl., 2011; García-Campayo o.fl., 2010; Hinz o.fl., 2017; Sawaya o.fl., 2016; Sousa o.fl., 2015). Hér var notast við raðkvarðafylgnifylki í þáttagreiningu sem kemur í veg fyrir vanmat á fylgnistuðlum sem vill verða þegar notast er við Pearson fylgni með gögnum á raðkvarða. Því ætti hér að koma fram

skýr þáttalausn þar sem þáttahleðslur atriða eru hærri en í þeim tilfellum þar sem Pearson fylgni er notuð, líkt og fékkst hjá Sawaya og félögum (2016) en þar var raðkvarðafylgnifylki einnig þáttgreint. Ef þáttalausnin er aftur á móti skoðuð sést að þetta á aðeins við um sum atriðin, en skýr niðurstaða sést fyrir fyrstu fjögur atriði listans, þau sýna mjög háar þáttahleðslur og þáttaskýringu og eru því vel studd í íslenskri þýðingu listans. Sömu sögu er ekki að segja um atriði 5, 6 og 7. Atriði 5 og 6 sérstaklega sem og atriði 7 sýna áberandi verri þáttahleðslur og þáttaskýringar en hin atriðin og því ljóst að hugsmíðinni kvíða tekst ekki að gera svörun við þeim jafn góð skil og öðrum atriðum listans. Mögulega er hér eitthvað annað en kvíði að hafa áhrif á svörunina. Þegar þessi atriði eru skoðuð nánar sést að þau hafa lægri meðaltöl en önnur atriði og sýna þau jafnframt mesta skekkju og jafnvel gólfhrif. Bendir þetta til þess að þessi atriði séu erfiðustu atriði listans – einkennin eru óalgengari og þurfi þátttakendur því að vera kvíðnari til að sammælast þeim en öðrum atriðum. Eðlilegt er að atriði listans séu miserfið þar sem slíkt aðgreinir þá sem sýna mildan kvíða frá þeim sem sýna alvarlegri kvíðaeinkenni en þó ætti í úrtaki sem þessu að sjást aukin nýting á þyngri svarmöguleikum allra atriða, líka þeirra sem eru erfiðari. Bendir þetta því allt til að skoða þurfi þessi atriði nánar.

Athyglisvert er að atriði 5 „verið svo eirðarlaus að þú áttir erfitt með að sitja kyrr“ sýni jafn laka niðurstöðu og raun ber vitni þegar atriði 4 „átt erfitt með að slaka á“ sem sýnir framúrskarandi niðurstöðu virðist snúa að sambærilegu ef ekki sama einkenni. Bæði atriðin beinast að erfiðleikum með slökun og ættu þátttakendur því röklega að svara þeim á sambærilegan hátt og atriðin þar af leiðandi að sýna áþekka niðurstöðu í þáttgreiningu. Það er þó ekki raunin og ef til vill er röðun atriðanna hér að hafa áhrif. Fyrst eru þátttakendur beðnir um að meta almennt hvort þeir hafi átt erfitt með að slaka á og virðast þeir ekki eiga í erfiðleikum með það. Strax í kjölfarið eru þeir spurðir hvort þeir eigi erfitt með að sitja kyrrir sökum eirðarleysis, en því reynist erfiðara að svara. Seinna atriðið er sértækara en snýr að öðru leyti að sama einkenni. Því er atriði 4 ef til vill að hafa áhrif á túlkun atriðis 5, en

þátttakendur gætu túlkað seinna atriðið á enn sértækari máta þegar það birtist í kjölfar atriðis 4 en á almennari máta ef það væri frammar á listanum. Þar að auki gæti birtingarmynd eirðarleysis verið ólík eftir þátttakendum og atriðið því gripið fleiri þátttakendur ef það væri orðað á almennari hátt.

Atriðið sem sýndi lakasta niðurstöðu var atriði 6 „orðið gröm/gramur eða pirruð/pirraður af minnsta tilefni“. Atriðið felur í raun í sér tvær spurningar sem flækir svörun, en annars vegar er spurt um gremju og hins vegar pírring. Slíkt getur leitt til vandkvæða í svörun til að mynda ef þátttakandi hefur upplifað pírring en ekki gremju eða á erfitt með að skilja þessi hugtök eða muninn á þeim. Ef til vill gæti atriðinu farnast betur og svörun einfaldast ef því væri skipt upp í tvö ný atriði sem spyrja annars vegar um gremju og hins vegar um pírring. Einnig væri athyglisvert að kanna skilning þátttakenda á þessu atriði, sér í lagi á hugtakinu gremja. Sé hugtakið þátttakendum torskilið gæti einfaldlega verið betra að spyrja eingöngu um pírring.

Atriði 7 „verið hrædd/-ur eins og eitthvað hræðilegt gæti gerst“ spyr um hræðslu sem vissulega ætti hugtakalega að tengjast kvíða og gerir það í mörgum tilfellum. Það er þó spurning hversu vel hræðsla á við í almennri kvíðaröskun þar sem aðaleinkenni röskunarinnar eru umfangsmiklar áhyggjur. Kenningar eru á lofti um að áhyggjur þeirra sem glíma við almennan kvíða séu í raun tegund af forðun eða bjargráðum sem koma í veg fyrir yfirgnæfandi hræðslu (Behar, DiMarco, Hekler, Mohlman og Staples, 2009). Auk þess hefur verið sýnt fram á að fólk með almenna kvíðaröskun hefur gjarnan jákvæðar hugmyndir um áhyggjur sínar, telur þær jafnvel vera dyggð eða jákvætt persónuleikaeinkenni sem hjálpar þeim að vera undirbúin fyrir allar aðstæður (Dugas, Gagnon, Ladouceur og Freeston, 1998). Í ljósi þessa er mögulegt að fólk með almennan kvíða upplifi áhyggjur sínar ekki sem hræðslu og eigi því erfitt með að svara þessari spurningu þó svo að það upplifi talsverðan kvíða. Þetta atriði á því ef til vill betur við um annars konar kvíða en almennan kvíða og því vafaatriði hvort það eigið yfirhöfuð að tilheyra GAD-7 sem ætlað er að skima fyrir almennri kvíðaröskun.

Varðandi mögulegar úrbætur á listanum almennt gæti reynst gagnlegt að líta til þeirra

atriða sem koma hvað best út, eru þetta atriði 3 og 4. Þessi atriði sýna hvað jafnasta dreifingu á svarmöguleikunum fjórum, hafa hæst meðaltöl og eru því líklegri til að grípa þá sem þjást af kvíða, jafnframt sýndu þau hæstar þáttahleðslur og þáttaskýringar. Það sem einkennir þessi atriði og aðskilur þau bæði frá seinustu þremur atriðum listans en einnig atriðum 1 og 2 sem þó koma vel út er einna helst að þau eru einföld. Þessi atriði eru stutt og hnitmiðuð og spyrja á einfaldan máta út í aðeins eitt einkenni röskunarinnar. Bendir þetta því til þess að gagnlegt gæti verið að einfalda önnur atriði listans, en einfaldleiki atriða gerir þau auðveldari í túlkun og kemur í veg fyrir misræmi í skilningi þátttakenda á þeim.

Niðurstöður rannsóknarinnar benda almennt til mögulegra vandamála í íslenskri þýðingu GAD-7 og að frekari rannsókna á listanum sé þörf. Í framhaldinu væri gagnlegt að beina sjónum betur að eiginleikum einstakra atriða og hvernig þeir sem svara listanum túlka þau. Beina þarf sjónum sérstaklega að seinustu þremur atriðum listans og mögulegum úrbótum á þeim. Einnig væri athyglisvert að skoða kynjamun í nýju úrtaki en niðurstöður þessarar rannsóknar benda til að virkni listans geti verið ólík eftir kynjum. Til að mynda er dreifing heildarskora karla takmörkuð og marktækur munur á meðaltölum kynjanna. Sambærilegar niðurstöður um kynjamun hafa fengist erlendis (Beard og Björgvinsson, 2014; Hinz o.fl., 2017). Kanna þarf nánar hvort að þessar niðurstöður endurspeglar raunverulegan kynjamun eða skekkju í mælitækinu. Ekki er þó hægt með góðu móti að skoða kynjamun í þessu úrtaki þar sem karlar eru aðeins 38 þátttakendur og missir því slík athugun marks og verður óáreiðanleg. Þetta slaka kynjahlutfall er einn helsti annmarki rannsóknarinnar ásamt stærð úrtaksins sem er talsvert lítið. Tegund úrtaks er þó einn helsti styrkleiki rannsóknarinnar og skýrir það að hluta smæð þess en erfitt getur reynst að nálgast stór klínísk úrtök. Annar styrkleiki felst í tölfræðiaðferðum sem beitt var við úrvinnslu á gögnum, en sérstaklega var tekið tillit til þess að gögnin voru á raðkvarða við tölfræðilega úrvinnslu.

Niðurstöður rannsóknarinnar lofa að mörgu leyti góðu fyrir gagnsemi íslenskrar þýðingar GAD-7 en vekja einnig upp ýmsar spurningar um próf-
fræðilega eiginleika hans og þar með spurningar

sem tengjast réttlætingu á notkun hans. Einna helst bendir rannsóknin til þess að skimunarhæfni listans sé ábótavant og að skoða þurfi hana frekar. Auk þess var komið auga á þrjú atriði sem hegða sér frábrugðið öðrum atriðum listans og lagfæra þarf til að notkun listans geti talist réttmæt.

Psychometric properties of the Icelandic version of GAD-7 in a clinical sample

GAD-7 is a seven-item self-report anxiety questionnaire designed to screen for general anxiety disorder and assess the seriousness of anxiety symptoms. The GAD-7 has been translated into a number of languages and studies on different versions of the scale indicate adequate internal reliability. However, studies have also shown an unstable factor structure and insufficient specificity. The purpose of this research was to evaluate the internal reliability and factor structure of the Icelandic version of GAD-7 in a clinical sample. Data from 266 patients in primary care (188 females and 38 males) with diagnoses of anxiety and/or depression disorders. The findings showed adequate internal consistency, $\alpha = 0,90$ but a low sum-score mean and percentage of positive screening results considering the nature of the sample. The findings also showed a clear one-factor structure, the one factor explained 57% of the variability of the correlation matrix. The factor loadings of all seven items were acceptable and ranged from 0,53 to 0,87 providing supporting evidence of the validity of the scale. Nevertheless, the factor analysis results also showed that the last three items did not function as well as the first four and possible improvements of the Icelandic translations are discussed. In conclusion the findings are promising but show that the Icelandic version of the GAD-7 needs further research and improvements.

Keywords: *GAD-7, psychometric properties, Icelandic version, anxiety, clinical sample.*

Daney Harðardóttir is a research assistant at Cicely Saunders Institute King's College in London, Vaka Vésteinsdóttir is an assistant professor at the Faculty of psychology, University of Iceland, Ragnhildur Lilja Ásgeirsdóttir is a PhD student in quantitative psychology at the Faculty of psychology, University of Iceland, Hafrún Kristjánsdóttir is an associate professor and dean of the Department of sport science, University of Reykjavík and Fanney Þórsdóttir is an associate professor at the Faculty of psychology, University of Iceland. Corresponding author is Fanney Þórsdóttir associate professor at the Faculty of psychology, University of Iceland, Nýi Garður, Sæmundargata 12, 102 Reykjavík. Email: fanneyt@hi.is

Heimildir

- Baglin, J. (2014). Improving your exploratory factor analysis for ordinal data: A demonstration using FACTOR. *Practical Assessment, Research & Evaluation*, 19(5).
- Beard, C. og Björgvinsson, T. (2014). Beyond generalized anxiety disorder: Psychometric properties of the GAD-7 in a heterogeneous psychiatric sample. *Journal of Anxiety Disorders*, 28(6), 547-552.
- Beavers, A. S., Lounsbury, J. W., Richards, J. K., Huck, S. W., Skolits, G. J. og Esquivel, S. L. (2013). Practical considerations for using exploratory factor analysis in educational research. *Practical Assessment, Research & Evaluation*, 18(6).
- Behar, E., DiMarco, I. D., Hekler, E. B., Mohlman, J. og Staples, A. M. (2009). Current theoretical models of generalized anxiety disorder (GAD): Conceptual review and treatment implications. *Journal of Anxiety Disorders*, 23(8), 1011-1023.
- Cattell, R. B. (1966). The screetest for the number of factors. *Multivariate Behavioral Research*, 1(2), 245-276.
- Costello, A. B og Osborne, J. W. (2005). Best practices in exploratory factor analysis: Four recommendations for getting the most from your analysis. *Practical Assessment, Research & Evaluation*, 10(7).
- D'Agostino, R. B., Belanger, A. og D'Agostino Jr., R. B. (1990). A suggestion for using powerful and informative tests of normality. *The American Statistician*, 44(4), 316-321.
- Delgadillo, J., Payne, S., Gilbody, S., Godfrey, C., Gore, S., Jessop, D. og Dale, V. (2012). Brief case finding tools for anxiety disorders: Validation of GAD-7 and GAD-2 in addictions treatment. *Drug and Alcohol Dependence*, 125(1-2), 37-42.
- de Winter, J. C. F. og Dodou, D. (2012). Factor recovery by principal axis factoring and maximum likelihood factor analysis as a function of factor pattern and sample size. *Journal of Applied Statistics*, 39(4), 695-710.
- Donker, T., van Straten, A., Marks, I. og Cuijpers, P. (2011). Quick and easy self-rating of generalized anxiety disorder: Validity of the Dutch web-based GAD-7, GAD-2 and GAD-SI. *Psychiatry Research*, 188, 58-64.
- Dugas, M. J., Gagnon, F., Ladouceur, R. og Freeston, M. H. (1998). Generalized anxiety disorder: A preliminary test of a conceptual model. *Behaviour Research and Therapy*, 36, 215-226.
- Einar Guðmundsson. (2011). Erlend norm og túlkun sálfræðilegra prófa. *Sálfræðiritið – Tímarit Sálfræðingafélags Íslands*, 16, 94-97.
- Erla Svansdóttir, Sesselja Hreggviðsdóttir, Björg Sigurðardóttir, Elísabet Benedíktz, Karl Andersen og Hróbjartur Darri Karlsson. (2018). Ótilgreindir brjóstverkir og tengsl við viðvarandi verkjaupplifun og vanlíðan. *Læknablaðið*, 104, 71-77.
- Fabrigar, L. R. og Wegener, D. T. (2012). *Exploratory Factor Analysis*. New York: Oxford university press.
- Fabrigar, L. R., Wegener, D. T., MacCallum, R. C. og Strahan, E. J. (1999). Evaluating the use of exploratory factor analysis in psychological research. *Psychological Methods*, 4(3), 272-299.
- García-Campayo, J., Zamarano, E., Ruiz, M. A., Pardo, A., Pérez-Páramo, M., López-Gómez, V., ... Rejas, J. (2010). Cultural adaption into Spanish of the generalized anxiety disorder-7 (GAD-7) scale as a screening tool. *Health and Quality of Life Outcomes*, 8(1), 8-18.
- Gavrilov, I. og Pusev, R. (2014). normtest: Tests for normality. Forrit.
- Guttman, L. (1954). Some necessary conditions for common-factor analysis. *Psychometrika*, 19(2), 149-161.
- Henson, R. K. og Roberts, J. K. (2006). Use of exploratory factor analysis in published research: Common errors and some comment on improved practice. *Educational and Psychological Measurement*, 66(3), 393-416.
- Hinz, A., Klein, A. M., Brähler, E., Glaesmer, H., Luck, T., Reidel-Heller, S. G., ... Hilbert, A. (2017). Psychometric evaluation of the generalized anxiety disorder screener GAD-7, based on a large German general population sample. *Journal of Affective Disorders*, 210, 338-344.
- Holgado-Tello, F. P., Chacón-Moscoso, S., Barbero-García, I. og Vila-Abad, E. (2010). Polychoric versus Pearson correlations in exploratory and confirmatory factor analysis of ordinal variables. *Quality & Quantity*, 44(1), 153-166.
- Horn, J. L. (1965). A rationale and test for the number of factors in factor analysis. *Psychometrika*, 30(2), 179-185.
- Inga Hrefna Jónsdóttir, Ingunn Hansdóttir, Ragnar Pétur Ólafsson, Sigurrós Jóhannsdóttir, Hákon Sigursteinsson og Guðfinna Halla Þorvaldsdóttir. (2013). Mælitæki og sálfræðileg próf í notkun hjá sálfræðingum á Íslandi: Rafræn könnun prófnefndar Sálfræðingafélags Íslands. *Sálfræðiritið – Tímarit Sálfræðingafélags Íslands*, 18, 93-102.
- Jarque, C. M og Bera, A. K. (1987). A test for normality of observations and regression residuals. *International Statistical Review*, 55(2), 163-172.

- Kaiser, H. H. (1960). The application of electronic computers to factor analysis. *Educational and Psychological Measurement*, 20(1), 141-151.
- Kertz, S., Bigda-Peyton, J. og Björgvinsson, T. (2013). Validity of the generalized anxiety disorder-7 scale in an acute psychiatric sample. *Clinical Psychology & Psychotherapy*, 20, 456-464.
- Ledesma, R. D. og Valero-Mora, P. (2007). Determining the number of factors to retain in EFA: an easy-to-use computer program for carrying out parallel analysis. *Practical Assessment, Research & Evaluation*, 12(2).
- McNeish, D. (2018). Thanks coefficient alpha, we'll take it from here. *Psychological Methods*, 23(3), 412-433.
- Plummer, F., Manea, L., Trepel, D. og McMillan, D. (2016). Screening for anxiety disorders with the GAD-7 and GAD-2: a systematic review and diagnostic meta-analysis. *General Hospital Psychiatry*, 39, 24-31.
- Reise, S. P. (2012). The rediscovery of bifactor measurement models. *Multivariate Behavioral Research*, 47(5), 667-696.
- Reise, S. P., Bonifay, W. E. og Haviland, M. G. (2013). Scoring and modeling psychological measures in the presence of multidimensionality. *Journal of Personality Assessment*, 95(2), 129-140.
- Raîche, G. (2011). nFactors: Parallel analysis and non graphical solutions to the Cattell's scree test. Forrit.
- Raîche, G., Walls, T. A., Magis, D., Riopel, M., og Blais, J. G. (2013). Non-graphical solutions for Cattell's scree test. *Methodology: European Journal of Research Methods for the Behavioral and Social Sciences*, 9(1), 23-29.
- Revelle, W. R. (2017). psych: Procedures for personality and psychological research. Forrit.
- Ruiz, M. A., Zamorano, E., García-Campayo, J., Pardo, A., Freire, O. og Rejas, J. (2011). Validity of the GAD-7 scale as an outcome measure of disability in patients with generalized anxiety disorders in primary care. *Journal of Affective Disorders*, 128(3), 277-286.
- Ruscio, J. og Roche, B. (2012). Determining the number of factors to retain in an exploratory factor analysis using comparison data of known factorial structure. *Psychological Assessment*, 24(2), 282-292.
- Rutter, L. A. og Brown, T. A. (2017). Psychometric properties of the generalized anxiety disorder scale-7 (GAD-7) in outpatients with anxiety and mood disorders. *Journal of Psychopathology and Behavioral Assessment*, 39(1), 140-146.
- Sawaya, H., Atoui, M., Hamadeh, A., Zeinoun, P. og Nahas, Z. (2016). Adaptation and initial validation of the patient health questionnaire-9 (PHQ-9) and the generalized anxiety disorder-7 questionnaire (GAD-7) in an Arabic speaking Lebanese psychiatric outpatient sample. *Psychiatry Research*, 239, 245-252.
- Sousa, T. V., Viveiros, V., Chai, M. V., Vicente, F. L., Jesus, G., Carnot, M. J., ... Ferreira, P. L. (2015). Reliability and validity of the Portuguese version of the generalized anxiety disorder (GAD-7) scale. *Health and Quality of Life Outcomes*, 13(1).
- Spitzer, R. L., Kroenke, K., Williams, J. B. og Löwe, B. (2006). A brief measure for assessing generalized anxiety disorder: The GAD-7. *Arch Intern Med*, 166(10), 1092-1097.
- Stewart, A. L., Hays, R. D. og Ware, J. E. (1988). The MOS-short form general health survey. Reliability and validity in a patient population. *Medical Care*, 26(7), 724-735.
- Tabachnick, B. G. og Fidell, L. S. (2013). *Using Multivariate Statistics* (6. útgáfa). Upper Saddle River: Pearson.
- Teo, T. og Fan, X. (2013). Coefficient alpha and beyond: Issues and alternatives for educational research. *Asia-Pacific Edu Res*, 22(2), 209-213.
- Timmerman, M. E. og Lorenzo-Seva, U. (2011). Dimensionality assessment of ordered polytomous items with parallel analysis. *Psychological Methods*, 16(2), 209-220.
- van Buuren, S. og Groothuis-Oudshoorn, K. (2011). mice: Multivariate imputation by chained equations in R. *Journal of Statistical Software*, 45(3).
- Wickham, H. (2016). *ggplot2: Elegant Graphics for Data Analysis* (2. útgáfa). New York: Springer-verlag.
- Widaman, K. F. (1993). Common factor analysis versus principal component analysis: Differential bias in representing model parameters? *Multivariate Behavioral Research*, 28(3), 263-311.
- Williams, B., Onsman, A. og Brown, T. (2010). Exploratory factor analysis: A five-step guide for novices. *Journal of Emergency Primary Health Care*, 8(3).
- Yap, B. W. og Sim, C. H. (2011). Comparisons of various types of normality tests. *Journal of Statistical Computation and Simulation*, 81(12), 2141-2155.
- Yong, A. G. og Pearce, S. (2013). A beginner's guide to factor analysis: focusing on exploratory factor analysis. *Tutorials in Quantitative Methods for Psychology*, 9(2), 79-94.
- Zwick, W. R. og Velicer, W. F. (1986). Comparison of five rules for determining the number of components to retain. *Psychological Bulletin*, 99(3), 432-442.

Siðanefnd Sálfræðingafélags Íslands:

Hlutverk nefndarinnar og erindi til hennar á árunum 1995-2022

María K. Jónsdóttir
Háskólinn í Reykjavík og Landspítali – sálfræðipjónusta

Ingibjörg Markúsdóttir
Barna- og fjölskyldustofa

Guðrún Oddsdóttir
Barnasálfræðistofan ehf.

Hörður Þorgilsson
Betri Liðan – Sálfræðipjónusta

Matthías Matthíasson
Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins

Hér er gefið yfirlit yfir kvartanir sem bárust siðanefnd SÍ (SSÍ) árin 1995 – 2022. Alls bárust 81 tæk erindi vegna hugsanlegs brots félaga í SÍ á siðareglum (kvensálfræðingar = 50,6% og karlar = 49,4%). Árlega var heildarfjöldi mála til SSÍ á bilinu 0 – 8 og vörðuðu 83,7% þeirra sálfræðinga á höfuðborgarsvæðinu. Meirihluti (72%) varðaði sjálfstætt starfandi sálfræðinga. Flest erindi komu frá skjólstæðingum eða foreldrum þeirra (30,4%), foreldrum í umgengnis- og forræðisdeilum (29,3%) svo og sálfræðingum eða öðrum fagfólki (25%). SSÍ felldi úrskurð í 42 af 81 málum á árunum 1995-2022. Niðurstaða var að siðareglur hefðu verið brotnar í 71,4% tilfella (n=30). Brotin voru talin minniháttar í 43,4% tilvika, alvarleg í 46,7% tilvika og mjög alvarleg, þannig að vísa þurfti málum til landlæknis og/eða lögreglu, í 10% tilvika. Fimmtán erindi (18,5%) komu aldrei til afgreiðslu af ýmsum ástæðum (t.d. dregin til baka, gögn bárust ekki), 22 (27%) voru felld niður að lokinni skoðun og einu var vísað beint til lögreglu. Eitt mál biður afgreiðslu. Fjöldi erinda á hverja 100 sálfræðinga virðist svipaður og getið er um í nýlegri rannsókn í Ástralíu þar sem hlutfallið var 1,4/100 (Walton o.fl., 2020) á móti 1,18 í gögnum SSÍ (meðaltal 2010 – 2021). Miðað við fjölda sálfræðinga í Norska sálfræðingafélaginu, sem eru um 10 þúsund, berast að jafnaði fleiri erindi til SSÍ. Fjöldi erinda virðist ekki hafa aukist umfram fjölgun félagsmanna í SÍ. Meiri upplýsingar vantar til að svara af hverju hlutfallslega fleiri kvartanir beinast að karlkynssálfræðingum þrátt fyrir að þeir séu færri en konur í SÍ.

Efnisorð: Siðanefnd SÍ, siðavandi, siðareglur, brot á siðareglum, erindi til siðanefndar.

Sálfræðingum í Sálfræðingafélagi Íslands (SÍ) ber að starfa samkvæmt samnorrænum siðareglum og hefur svo verið síðan árið 1998 þegar þær siðareglur voru samþykktar á framhaldsaðalfundi félagsins. Eitt af hlutverkum SÍ er, eins og segir í 2. grein laga félagsins, að „*stuðla að því að félagsmenn uppfylli fyllstu kröfur að því er varðar menntun og siðgæði samkvæmt siðareglum SÍ.*“ (Sálfræðingafélag Íslands, e.d. - a). Í 3. grein laganna er þess getið að félagsmönnum beri að fara að siðareglum og í 5. grein kemur fram að félagsmaður geti ekki sagt sig úr félaginu á meðan siðanefnd SÍ (SSÍ) fjallar um mál honum

María K. Jónsdóttir og Ingibjörg Markúsdóttir deila sæti fyrsta höfundar (joint first author). Aðrir höfundar eru í stafrófsröð. Allir höfundar eru fulltrúar í siðanefnd SÍ. María er prófessor í sálfræði við Háskólann í Reykjavík og sérfræðingur í klínískri taugasálfræði. Ingibjörg er sérfræðingur í klínískri barnasálfræði og teymisstjóri í fjölkerfameðferð (MST) hjá Barna- og fjölskyldustofu (BOFS). Ingibjörg hefur verið formaður siðanefndar SÍ frá 2019. Guðrún Oddsdóttir er sjálfstætt starfandi sérfræðingur í klínískri barnasálfræði. Hörður Þorgilsson er sjálfstætt starfandi sérfræðingur í klínískri sálfræði. Matthías Matthíasson er sálfræðingur í Geðheilsuteymi fangelsa hjá HH og sjálfstætt starfandi sálfræðingur. Fyrirspurnum um greinina skal beina til Mariu K. Jónsdóttur, Sálfræðideild HR, Menntavegi 1, 102 Reykjavík. Netfang: mariakj@ru.is.

viðkomandi. Þessar greinar sýna glögg mikilvægi siðareglna og þær ríku kvaðir sem eru lagðar á herðar sálfræðinga um að hlíta þeim.

Saga SSÍ er fremur sundurlaus framan af og tiltölulega lítið um hana að finna í elstu fundargerðarbókum SÍ sem varðveittar eru á Þjóðskjalasafni Íslands. Í fundargerð 16. fundar SÍ þann 26. apríl 1955 er tveggja fastanefnda félagsins getið, taxtanefnd og orðtökunefnd. Siðanefnd virðist ekki hafa verið til á þessum tíma en hinsvegar segir: „*Formaður áminnti félaga að gæta höfs og háttvísi í opinberum deilum.*“ Tæpum tveimur árum síðar, eða þann 22. febrúar 1957 er ítrekað að ámælisvert sé „... að gæta ekki höfs í málflutningi á opinberum vettvangi, eða hafa þar í frammi sjálfshól, hótmyndni, áreitni og annað það er rýrt gæti álit einstakra félagsmanna og sálfræðingastéttarinnar í heild.“ Í þessari fundargerð er engin launung að hvaða sálfræðingi athugasemdin beindist, enda hafði siðanefnd, sem starfaði óháð stjórn og almennum félagsfundum líkt og nú er, enn ekki verið komið á fót. Ekki var rætt um að viðkomandi sálfræðingur hafi brotið siðareglur. Í lögum SÍ, sem samþykkt voru á aðalfundi þann 5. júní 1968, er hlutverki félagsráðs gerð skil í 6. grein. Félagsráði, sem var ráðgefandi, var meðal annars ætlað að standa vörð um „*starfssiðgæði*“ félagsmanna og fleira „*sem snýr að tiltrú almennings gagnvart sálfræðivísindum.*“ Í 8. grein sömu laga segir að félagsmönnum beri að fara eftir „*lögum félagsins, reglugerðum og siðareglum.*“ Ennfremur segir að 2/3 atkvæðabærra félaga geti, á aðalfundi, vikið félagsmanni úr SÍ hafi hann „*gerzt sekur um vitaverð glöp í starfi eða rýrt verulega álit sitt siðferðislega að dómi þeirra.*“ Tilgreint er að félagsmanni sé „*gefinn kostur á að skýra og verja mál sitt.*“ Einnig kemur fram að brottrekinn félagsmaður geti fengið inngöngu aftur að tveimur árum liðnum samþykki aðalfundur það. Þarna virðist því sem aðalfundur SÍ hafi gegnt hlutverki siðanefndar að einhverju leyti og því engrar nafnleyndar gætt. Lagagreinin um að aðalfundur geti ákvarðað brottvikningu var enn í lögum SÍ árið 1987 og 1988 (Sálfræðingafélag Íslands, 1987; Sálfræðingafélag Íslands, 1988)

þó orðalagið hafi verið mildað. Hvergi er þó að finna í fundargerðum eða fréttabréfum SÍ að gripið hafi verið til brottvikningar úr félaginu.

Það var ekki fyrr en á aðalfundi SÍ þann 15. júní 1976, sem á áætlun komst að búa til siðareglur fyrir íslenska sálfræðinga og engar skráðar heimildir fundust um siðareglur SÍ fyrir þann tíma. Á aðalfundi árið 1980 var stungið upp á að skipuð yrði „*3ja manna nefnd til að móta siðareglur SÍ.*“ Þetta var samþykkt einróma af þeim 12 félagsmönnum sem voru viðstaddir fundinn. Gylfi Ásmundsson, Arnór Hannibalsson og Grétar Marinósson voru kosnir í nefndina. Á aðalfundi árið 1981 voru síðan lögð fram drög að siðareglum, en þau drög fundust ekki í skjölum. Siðaregludrögin voru rædd á framhaldsaðalfundi sama ár og ýmsar tillögur settar fram um breytingar. Umfjöllun um þetta mun hafa birst í Fréttabréfi SÍ sem því miður tókst ekki að hafa upp á.¹ Ekki er ljóst hvenær þessar siðareglur voru endanlega samþykktar en skráðar siðareglur SÍ er fyrst að finna í Fréttabréfi SÍ frá 1984 (Sálfræðingafélag Íslands, 1984). Þetta eru ítarlegar siðareglur í 39 greinum.

Í lögum SÍ frá 1987 (Sálfræðingafélag Íslands, 1987) eru komin inn ákvæði um siðanefnd sem ætlað er að „*úrskurða um réttmæti sakargiftar*“ og enn kemur fram að aðalfundur hafi rétt til að „*úrskurða um refsingu og viðurlög.*“ Þessar greinar um siðanefnd eru óbreyttar í lögum SÍ frá 1988 (Sálfræðingafélag Íslands, 1988).

Fyrsta formlega kvörtunarmálið gegn félaga í SÍ virðist hafa verið árið 1982 og í fundargerð aðalfundar árið 1988 kemur fram að tvö mál hafi verið afgreidd af SSÍ það árið. Ekki eru aðrar upplýsingar um þessi mál né önnur fram til ársins 1995 en þá virðist SSÍ hafa farið að starfa með svipuðum hætti og nú. Þá varð siðanefnd óháð stjórn SÍ, ritaði eigin fundargerðir og bar alfarið ábyrgð á störfum sínum. Samkvæmt nágildandi lögum SÍ er hlutverk nefndarinnar tilgreint í 12. grein um nefndir og undirgreinin 12.5. Nánar er kveðið á um störf SSÍ í nýjustu vinnureglum siðanefndar sem samþykktar voru á aðalfundi SÍ í febrúar 2020 og finna má á heimasíðu SÍ (Sálfræðingafélag Íslands, e.d. - b). Stöðugt er

1 Fréttabréf SÍ frá árunum 1979 og 1980 (1. og 2. árgangur) fundust hvorki á almennum bókasöfnum né í varðveislusafni Þjóðarbókhldou. Ef félagsmenn eiga þessi rit væri gaman að heyra frá þeim.

unnið að endurskoðun vinnureglna og sem dæmi má nefna að nú er ekki lengur talað um að senda inn kæru eins og áður var gert og þess í stað notuð hugtökin erindi eða kvörtun. Í lögum SÍ kemur fram að formaður siðanefndar beri faglega ábyrgð, en ekki fjárhagslega ábyrgð, á störfum SSÍ og er siðanefnd eina nefnd SÍ sem stjórn SÍ ber ekki faglega ábyrgð á. Í siðanefndinni starfa fimm sálfræðingar sem eru kosnir á aðalfundi. Kjörtímabil er fjögur ár og er nefndarmönnum óheimilt að gegna öðrum trúnaðarstörfum fyrir SÍ á þessum tíma. Í vinnureglunum segir auk þess að nefndarmenn skuli vera reyndir sálfræðingar og að einungis megi einn hverfa úr nefndinni í hvert sinn sem kosið er.

Hlutverk SSÍ er margþætt eins og kemur fram í 12. grein laga SÍ og vinnureglum nefndarinnar. Fyrst ber að nefna það hlutverk sem flestir tengja siðanefndum, eða það að „*taka við og fjalla um kvartanir um meint brot*“ sálfræðinga á siðareglum. En nefndin hefur ennfremur, samkvæmt lögum félagsins, ráðgefandi hlutverk gagnvart félagsmönnum og, eins og tilgreint er í vinnureglum nefndarinnar, skal hún efla siðferðisvitund félagsmanna. Það er gert með fræðslu, til dæmis á Sálfræðipingi og á siðareglunámskeiði, sem einkum nýútskrifaðir sálfræðingar hafa sótt. Siðareglunámskeið var haldið í fyrsta sinn árið 1993 og svo 1995, 1996, 1999 og 2003. Frá 2006 hefur námskeiðið verið haldið árlega og hafa um það bil 550 sálfræðingar sótt siðareglunámskeið SÍ. Ennfremur getur stjórn SÍ og almennir félagsmenn SÍ leitað ráðgjafar hjá SSÍ og nefndin heldur úti símaráðgjöf sem er talsvert mikið nýtt.

SSÍ fundar mánaðarlega yfir vetrartímann og tekur auk þess þátt í samstarfi við aðrar norrænar siðanefndir sálfræðinga sem stuðlar að betra innra starfi og veitir nefndinni faglegt aðhald. Samnorrænir fundir eru haldnir einu sinni á ári og þar er meðal annars hægt að leita ráða vegna mála og afgreiðslu þeirra auk þess sem fjallað er um efni sem tengjast siðferðilegri breytni í starfi, kynntar úttektir á afgreiðslum nefnda og vinnureglur norrænu nefndanna ræddar svo dæmi séu tekin. Á þessum vettvangi hefur einnig farið fram umræða um endurskoðun norrænu siðareglanna.

Eins og aðrar nefndir SÍ leggur SSÍ fram árs-skýrslu um starf sitt á aðalfundi ár hvert. Þar

kemur fram fjöldi og eðli innsendra kvartana liðins árs. Hinsvegar hefur aldrei verið gerð heildstæð úttekt á kvörtunum sem nefndinni hafa borist, eðli og lyktum mála, og breytingum á mála fjölda og eðli þeirra í árunna rás. Ekki er því vitað hversu algengar kvartanir eru, hvort þeim hefur fjölgað í hlutfalli við aukinn fjölda sálfræðinga, aukna umræðu um siðareglur og réttindi neytenda og breyttan starfsvettvang sálfræðinga.

Nýleg rannsókn frá Ástralíu (Walton o.fl., 2020) leiddi í ljós að líkur á kvörtunum gegn sálfræðingum væru almennt litlar, eða 1,4 á hverja 100 sálfræðinga á ári hverju. Töluvert fleiri kvartanir, eða 4,8 á hverja 100 félagsmenn beindust gegn læknum og tannlæknum. Samkvæmt annarri ástralskri rannsókn (Veness o.fl., 2019) má ætla að ein kvörtun berist varðandi sálfræðinga fyrir hver 46 ár í starfi en að geðlæknir megi búast við kvörtun eftir einungis 8 ár í starfi. Í rannsókn Veness og félaga (2019) voru 689 sálfræðingar og hlutfallslega fleiri kvartanir beindust gegn karlkyns sálfræðingum en konum (konur 1,1: karlar 2,8). Alþjóðlega er lítið vitað um fjölda kvartana gegn sálfræðingum í klínísku starfi og fyrirliggjandi upplýsingar eru sennilega ekki mjög áreiðanlegar. Þátttaka í rannsóknum sem beinast að siðferðilegri breytni sálfræðinga í starfi er alla jafna slök og hefur svarhlutfallið 15% jafnvel verið nefnt í þessu samhengi (Pope og Vetter, 1992). Í rannsókn meðal 679 sálfræðinga í bandaríska sálfræðingafélaginu (APA) (Pope og Vetter, 1992) voru sálfræðingar beðnir um að tilgreina siðferðilegan vanda sem þeir hefðu mætt í starfi sínu. Einungis 20,2% töldu sig ekki hafa staðið frammi fyrir siðavanda í starfi síðastliðin 1-2 ár. Þegar sálfræðingar sögðu frá siðaklemmu sem þeir höfðu ratað í varðaði hún í 49% tilfella trúnað, hlutverkatogstreitu og greiðslu og tryggingar skjólstæðinga. Í 4% tilfella var um að ræða siðavanda sem tengdist kynferðislegu sambandi sálfræðinganna sjálfra eða óviðeigandi samband annarra sálfræðinga sem þeim var kunnugt um. Þrátt fyrir þetta lága hlutfall virðast engu að síður hlutfallslega margar rannsóknir á þessu sviði beinast að kynferðislegum samskiptum sálfræðinga við skjólstæðinga sína og rannsóknir benda til að meirihluti sálfræðinga,

eða 61,4-88%, hafi einhvern tíma laðast að skjólstaðingi (Garrett og Davis, 1998; Stake og Oliver, 1991). Náð samband sálfræðings og skjólstaðings telst alltaf alvarlegt brot á siðareglum vegna valdaójafnvægis sem í því felst.

Markmið þessarar greinar var að taka saman yfirlit yfir kvartanir sem bárust til SSÍ á árunum 1995 - 2022. Markmiðið var að lýsa eðli málanna, eða ástæðum kvartana, og lyktum þeirra svo og gera grein fyrir öðrum upplýsingum sem skipta máli (t.d. kyn sálfræðings sem í hlut á) eins og unnt er. Ekki eru til viðmið um hvað telst eðlilegur fjöldi erinda til siðanefnda sálfræðinga en til eru erlendar rannsóknir sem geta gefið vísbendingar. Það má færa rök fyrir því að ef mál eru of fá miðað við þessar erlendu rannsóknir séu boðleiðir til SSÍ eða vitneskja um hana ónóg meðal skjólstaðinga sálfræðinga og annarra eða jafnvel að sálfræðingar hérlandis séu betur upplýstir um siðlega breytni í starfi. Sömuleiðis ættu of mörg mál að benda til þess að fræðslu um siðareglur meðal sálfræðinga sé ábótavant. Þar sem engin viðmið eru til um hver eðlilegur fjöldi ætti að vera er nauðsynlegt að skoða fjölgun mála í tengslum við fjölgun í sálfræðingastétt. Því var einnig athugað hvort fjöldi kvartana til SSÍ á því árabili sem um ræðir tengdist fjöldi sálfræðinga í SÍ á hverjum tíma. Þannig var hægt að sjá hvort hlutfallsleg aukning eða fækkun hefði orðið í kvörtunum til siðanefndar í árunna rás.

Aðferð

Tveir höfundanna (MKJ og IM) fóru yfir skrár og fundargerðir um öll erindi sem fundust á árunum 1995 til og með 2022. Bæði var farið yfir skráningar í fundargerðarbókum svo og gögn nefndarinnar um einstök mál. Eftirfarandi upplýsingar voru skráðar um kvartanir: Ár kvörtunar, kyn og fjöldi sálfræðinga sem í hlut áttu, hvort erindið varðaði störf sálfræðings á eigin stofu eða á stofnun, landsvæði, málshefjandi (t.d. foreldrar, annar sálfræðingur), eðli máls og niðurstaða nefndarinnar. Haft var samband við Persónuvernd vegna samantektarinnar og taldist hún ekki leyfisskyld samkvæmt svari frá Persónuvernd þann 13. maí 2020 enda er SSÍ ábyrgðaraðili upplýsinganna. Einnig var kallað

eftir upplýsingum um fjölda sálfræðinga í SÍ á hverju ári til að unnt væri að meta hvort aukning erinda væru í eðlilegu hlutfalli við aukinn fjölda sálfræðinga í SÍ.


Niðurstöður

Á árunum 1995 og fram á mitt ár 2022 bárust 92 erindi til siðanefndar og voru 83,7% þeirra vegna starfa sálfræðinga á höfuðborgarsvæðinu. Meirihluti erinda, eða 72%, varðaði störf sálfræðinga á eigin stofu og einungis 16,3% voru vegna starfa á opinberum heilbrigðisstofnunum eða í skólum. Í 8% tilvika voru opinber ummæli, svo sem viðtal eða blogg færsla, tilefni innsends erindis. Sé árið 2022 ekki tekið með, var fjöldi erinda á hverja 100 sálfræðinga á bilinu 0,58 til 2,93 ($M = 1,18$) frá árinu 2010, en fyrir 2010 eru ekki fyrirliggjandi upplýsingar um fjölda meðlima í SÍ. Árið 2010 voru alls átta kvartanir og ef það ár er ekki tekið með er meðalfjöldi á árunum 2011 til og með 2021 á hverja 100 sálfræðinga, 1,02 (spönn 0,58 - 1,69).

Á árabilinu 1995 til 2009 var heildarfjöldi mála (kvartanir + fyrirsurnir) á bilinu 0-4 á ári hverju ($M = 1,8$). Árið 2010 voru innsend erindi alls 10 sem er það mesta sem hefur borist á einu ári. Frá 2011 til 2022 var málafjöldi á bilinu 3-8 ($M = 4,6$) (árinu 2022 er ekki lokið þegar þetta er skrifað). Á árabilinu 1995 til 2022 var einu erindi vísað beint til lögreglu án þess að um það væri fjallað og sjö málum var vísað frá þar sem viðkomandi sálfræðingur var ekki í SÍ. Í þeim tilvikum var málshefjanda bent á að leita til Landlæknis en þó kom fyrir að SSÍ sendi slík erindi einnig til heilbrigðisyfirvalda vegna alvarleika málsins. Um þessi mál verður ekki fjallað frekar hér. Þremur málum var vísað til Landlæknis að lokinni umfjöllun siðanefndar og í þeim tilvikum var um að ræða alvarlegt brot á siðareglum, auk brots á lögum.

Afdrif innsendra erinda má sjá á mynd 1. Eitt mál frá 2022 (03/2022) var óafgreitt þegar þessi grein var rituð (sumar 2022).

Fjögur málanna á árabilinu 1995-2022 voru fyrirsurnir til nefndarinnar og tengdust ekki hugsanlegum brotum sálfræðinga á siðareglum. Þarna var um að ræða fyrirsurnir vegna notkunar



Mynd 1 Afdrif og fjöldi erinda til siðanefndar SÍ á árunum 1995 til 2022.

á Raven prófinu við val á nemendum í læknanám, áhyggjur af því að Sögukerfið væri of opið, fyrirspurn um hvort hópur sálfræðinga á tiltekinni sálfræðistofu hefði hæfni til að veita ákveðna tegund meðferðar og efasemdir um réttmæta notkun á greindarprófum. Af hinum 88 erindunum var kvartað undan störfum kvensálfræðinga í 41 erindi (47,7%, alls 44 sálfræðingar) og störfum karla í 45 tilfella (52,3%, alls 46 sálfræðingar) en kyn var ekki skráð í tveimur tilvikum. Fjöldi sálfræðinga sem kvartað var undan er fleiri en málafjöldi því í þremur málum var kvartað undan störfum fleiri en eins sálfræðings. Í sjö tilvikum af þessum 88 erindum var um að ræða sálfræðinga

utan SÍ. Séu þau erindi ekki tekin með breytist kynjahlutfall eilítið því kvartað var undan störfum sex karla utan SÍ en einungis einnar konu. Því voru alls 81 erindi af 92 erindum tekin til frekari skoðunar (konur = 50,6% og karlar = 49,4%). Þetta hlutfall er ekki í samræmi við kynjaskiptingu í SÍ þar sem talsvert hallar á karla en að meðaltali voru 114,9 karlar í SÍ á árunum 2010 til 2022 og 318,2 konur (karlar : konur = 1 : 2,8). Þessi kynjahalli hefur aukist jafnt og þétt; var 1,8 árið 2010 en 3,5 árið 2022. Í töflu 1 má sjá hlutfall kvartana á ári hverju sem hlutfall af fjölda sálfræðinga í SÍ svo og kynjaskiptingu. Einnig var málafjöldi per 100 sálfræðinga reiknaður

Tafla 1 Fjöldi kvartana eftir kyni sálfræðings sem kvartað er undan, fjöldi per 100 sálfræðinga og kynja-skipting í SÍ.

Ár	Fjöldi kvartana* (konur/karlar)	Fjöldi í SÍ: full aðild og fagaðild (konur /karlar)	Fjöldi kvartana /100 sálfræðinga
1995	2 (1/1)	— **	—
1996	2 (1/1)	—	—
1997	2 (0/2)	—	—
1998	1 (1/0)	—	—
1999	1 (1/0)	—	—
2000	0 (0/0)	—	—
2001	1 (0/1)	—	—
2002	1 (0/1)	—	—
2003	1 (1/0)	—	—
2004	1 (0/1)	—	—
2005	3 (1/2)	—	—
2006	1 (0/1)	—	—
2007	1 (1/0)	—	—
2008	3 (1/2)	—	—
2009	4 (1/3)	—	—
2010	8 (3*/5)* 3 konur í einu máli	273 (176 / 97)	2,93
2011	3 (0/3)	294 (191 / 103)	1,02
2012	4 (2/2)	318 (211 / 107)	1,26
2013	4 (1/3)* 2 karlar í einu máli	328 (226 / 102)	1,22
2014	6 (4/2)* 2 konur í einu máli	355 (254 / 101)	1,69
2015	4 (3/1)	396 (287 / 109)	1,01
2016	3 (2/1)	429 (313 / 116)	0,70
2017	4 (1/1) Kyn óþekkt í 2 málum	474 (351 / 123)	0,84
2018	4 (4/0)	496 (373 / 123)	0,81
2019	3 (2/1)	514 (398 / 116)	0,58
2020	5 (3/2)	553 (426 / 127)	0,90
2021	7 (4/3)	576 (443 / 133)	1,22
2022	2 (2/0)	625 (488 / 137)	0,32***

* Einungis kvartanir undan störfum sálfræðinga innan SÍ, ekki fyrirspurnir til siðanefndar

** Tölur ekki aðgengilegar

*** Starfsári ekki lokið

Tafla 2 Málshæfjendur: öll erindi til siðanefndar (N=92) og erindi sem var úrskurðað í (n=42).

Málshæfjandi	Fjöldi (%): Öll erindi	Fjöldi (%): Úrskurðir
Skjólstæðingur eða foreldrar hans	28 (30,4%)	14 (33,3%)
Móðir eða faðir vegna umgengnis- og forræðisdeilna	27 (29,3%)	12 (28,6%)
Sálfræðingar eða annað fagfólk	23 (25%)	7 (16,7%)
Utanaðkomandi aðili	10 (10,9%)	8 (19,0%)
Lögfræðingur	2 (2,2%)	1 (2,3%)
Óvitað	2 (2,2%)	0 (0%)

Tafla 3 Ástæður kvartana sem úrskurðað var í árin 1995-2022.

Málaflokkur	Fjöldi mála (%)	Brot á siðareglum (%)
Fagleg hæfni dregin í efa	16/42 (38%)	8/16 (50%)
Persónulegur vandi	7/42 (16,7%)	7/7 (100%)
Hlutdrægni	7/42 (16,7%)	5/7 (71,4%)
Markaleysi í samskiptum	7/42 (16,7%)	5/7 (71,4%)
Trúnaðarbrot	5/42 (11,9%)	5/5 (100%)

fyrir þau ár sem meðlimafjöldi í SÍ liggur fyrir, eða frá 2010.

Séu öll erindin 92 sem bárust SSÍ skoðuð sést, í töflu 2, að stærsti hluti þeirra kom frá skjólstæðingum (30,4%) eða frá foreldrum í umgengnis- og forræðisdeilum (29,3%). Fjórðungur erinda barst frá sálfræðingum og öðrum fagmönnum. Alls voru 10,9% erinda frá utanaðkomandi aðilum. Þar var til dæmis um að ræða yfirmann sálfræðings, blaðamann og aðstandanda sem flokkaðist ekki sem skjólstæðingur. Eins og sést í mynd 1 er búið að úrskurða í 42 af þeim 81 erindi sem tekið var til skoðunar og ef einungis þessi 42 erindi er skoðuð breytast innbyrðis hlutföll málshæfjenda ekki.

Erindin 42 sem SSÍ úrskurðaði í, voru flokkuð í fimm flokka eftir ástæðu kvartananna Oftast (n = 16; 38%) efaðist málshæfjandi um að vinnubrögð sálfræðings væru fagleg (t.d. efast um réttmæti greiningar, notkun prófa, og að sálfræðingur þekkti lög og reglur) (tafla 3). Persónulegur vandi sálfræðings (t.d. veikindi eða vímuefni), hlutdrægni sálfræðings (t.d. dró taum annars foreldris í forræðismálum, vorkenndi skjólstæðingi) og markaleysi (t.d. óviðeigandi

ummæli og óviðeigandi samskipti) áttu hvert um sig við í sjö tilvikum (16,7%). Loks var kvartað undan trúnaðarbresti (t.d. fjölmiðlaummæli) í fimm tilvikum (11,9%). Í helmingi tilvika þar sem kvartað var undan ófaglegri vinnu reyndist sálfræðingur hafa gerst brotlegur. Þegar kom að trúnaðarbroti og persónulegum vanda var hlutfallið hinsvegar 100% (tafla 3).

Af þeim 42 málum sem úrskurðað var í á árunum 1995-2022 var niðurstaða SSÍ sú að siðareglur hefðu verið brotnar í 71,4% tilfella (n=30). Brotin voru talin minniháttar í 43,3% tilvika (n=13), alvarleg í 46,7% tilvika (n=14) og mjög alvarleg þannig að vísa þurfti til yfirvalda, landlæknis og/eða lögreglu, í 10% tilvika (n=3).

Umræða

Markmið þessarar samantektar var að gefa eins tæmandi yfirlit og unnt er yfir þau erindi sem borist hafa SSÍ frá 1995. Á þessu tímabili voru 81 erindi vegna félaga í SÍ tekin til skoðunar vegna hugsanlegs brots á siðareglum þótt fleiri erindi hafi borist, sem voru vegna utanfélagsmanna eða fyrirspruna. Skipting erinda milli

höfuðborgarsvæðisins og annarra svæða virðist í samræmi við hlutfallslegan fjölda sálfræðinga á þessum landsvæðum. Sé tekið tillit til allra árána vörðudu 83,7% erinda sálfræðinga á höfuðborgarsvæðinu. Ekki liggja fyrir upplýsingar um starfsstöðvar sálfræðinga þessi sömu ár en í apríl 2022 störfuðu 85% allra sálfræðinga á þessu svæði (Anna María Frimannsdóttir, tölvupóstur 15. ágúst 2022). Ætla má að þetta hlutfall hafi verið sambærilegt árin á undan.

Fjöldi erinda sveiflast á milli ára en ekki virðist vera stígandi í fjölda erinda umfram fjölgun í stéttinni. Fjöldi erinda á hverja 100 sálfræðinga virðist svipaður og getið er um í nýlegri rannsókn í Ástralíu þar sem hlutfallið var 1,4/100 (Walton o.fl., 2020) á móti 1,18 í gögnum SSÍ. Miðað við fjölda sálfræðinga í Norska sálfræðingafélaginu, sem eru um 10 þúsund, berast að jafnaði fleiri erindi til SSÍ (Norsk Psykolog Forening, e.d.). Erindi til SSÍ vegna náins sambands sálfræðings og skjólstaðings var eitt (1,2%), sem er minna en erlendar rannsóknir gefa til kynna þar sem tölur allt að 6,5% hafa verið nefndar (Garrett og Davis, 1998; Lamb o.fl., 2003). Algengast var að málshefjandi efaðist um að sálfræðingur hefði unnið faglega en einnig var kvartað undan trúnaðarbresti, persónulegum vanda sálfræðings, hlutdrægni, markaleysi og skorti á virðingu í samskiptum. Líkt og í erlendum rannsóknum (t.d. Veness o.fl., 2019) fengu hlutfallslega fleiri karl- kynssálfræðingar á sig kvörtun og ekki er ljóst af hverju það er. Til að geta svarað þeirri spurningu þarf að hafa aðrar tölur, svo sem kynjahlutfall hjá sjálfstætt starfandi sálfræðingum og meðal þeirra sem sinna umgengnis- og forræðisdeilumálum fyrir dómstólum. Kvartanir vegna aðkomu sálfræðinga að umgengnis- og forræðisdeilum, sem geta verið vandasöm mál (Pepiton, Zelgowski, Geffner og de Albuquerque, 2015), voru nokkuð algengar, líkt og erlendar rannsóknir benda til (Bow og Quinell, 2001).

Í afturskyggnri rannsókn sem þessari var ekki alltaf augljóst hvernig bæri að flokka ástæður kvartana, eða eðli málanna. Því er æskilegt að í framtíðinni skrái siðanefnd eðli kvartana um leið og mál eru unnin og þá út frá siðareglum þannig að auðveldara verði að greina hvaða siðareglur koma oftast til álita í störfum siðanefndar þegar

næsta yfirlit verður tekið saman. Þær upplýsingar geta einnig nýst í fræðslu meðal starfandi sálfræðinga og við kennslu sálfræðinema. Annað sem þarf að taka saman er yfirlit yfir erindi sem hafa borist í gegnum símaráðgjöf og verður það næsta verkefni siðanefndar. Símaráðgjöfin hefur reynst sálfræðingum gagnleg en ekki síður hafa fyrirspurnirnar nýst í kennslu nemenda í klínískri sálfræði.

Áhugavert hefði verið að rýna í aldur sálfræðinga sem tilkynntir eru til siðanefndar því nýleg rannsókn sýndi fram á aukna hættu með hækkanði aldri sálfræðings og þar með meiri árafjölda í starfi (Veness o.fl., 2019). Jafnframt hefur siðareglukennsla aukist, bæði innan háskólanna og með siðareglunámskeiði SÍ. Upplýsingar eru þó ekki aðgengilegar um aldursdreifingu í SÍ á ári hverju svo það var ekki mögulegt. Annað sem ekki var hægt að taka tillit til hér var starfshlutfall og árafjöldi í starfi (e. *exposure time*) (Veness o.fl., 2019) en þetta tvennt skiptir máli því þótt fjöldi kvartana á hverja 100 sálfræðinga hafi verið reiknaður má ætla að starfshlutfall og starfsreynsla hafi ekki alltaf verið fullkomlega sambærileg milli ára.

Frá 1995 hefur nokkrum sinnum komið fyrir að kvartað sé oftar en einu sinni undan störfum sama sálfræðings en þetta var ekki skoðað sérstaklega í þessu yfirliti. Ekki eru sérstök viðurlög vegna endurtekinnna kvartana en þegar um endurtekin alvarleg brot er að ræða, sem sálfræðingur bætir ekki úr, gæti málum verið vísað áfram til landlæknis sem þá myndi taka ákvörðun um framhaldið. Ekki er hinsvegar óhjákvæmilega fylgni milli fjölda kvartana vegna tiltekins sálfræðings og niðurstöðu siðanefndar eða alvarleika mála. Hvert mál er alla jafna unnið óháð þeim sem á undan kunnu að hafa komið til siðanefndar.

Skráning og allt verklag SSÍ hefur verið stórbætt hin síðustu ár. Nú eru öll eyðublöð stöðluð og skjalavarsla er með eðlilegum hætti. En skráning hefur ekki alltaf verið fullnægjandi og því vantar stundum upplýsingar um eldri mál. Önnur ástæða þess að ekki liggur beint við að bera saman yngri og eldri erindi er að vinnureglur hafa þróast og því vinnur núverandi nefnd ekki eftir sömu reglum og á fyrstu dögum nefndarinnar. Til

dæmis tekur SSÍ ekki lengur fyrir mál sem eru til meðferðar í dómsskerfinu. Jafnframt voru gerðar breytingar á lögum SÍ á aðalfundi 2020 þannig að SSÍ getur ekki lengur lagt til brottrekstur úr félaginu enda hafa allir löggiltir sálfræðingar rétt til að taka þátt í starfi SÍ. Varanefndir, sem hefur þurft að kalla til í nokkrum tilvikum vegna vanhæfis aðalnefndar, hafa einnig ekki alltaf skráð málsgögn eins og fastanefndin gerir og fylgja þarf slíku betur eftir í framtíðinni. Enn fremur geta það sem virðast vera nokkuð áþekkt mál fengið eilítið ólíkar lyktir (t.d. ráðgjöf vs. áminning) þó í báðum tilvikum sé um að ræða brot á siðareglum. Þetta helgast af því að á fleiri en einum stað koma siðareglurnar inn á mikilvægi siðferðilegrar íhugunar sálfræðingsins svo og viðbrögð hans þegar upp koma siðferðileg álitamál. Það kemur fyrir, þó í algerum undantekningartilvikum sé, að sálfræðingur sjái ekki að hvaða leyti hann hefur gerst brotlegur við siðareglur. Flestir koma á fund nefndarinnar eftir að hafa undirbúið sig og íhugað hvernig þeir hefðu getað gert betur og skilja samhengið milli kvörtunar og siðareglna. Í fyrra tilvikinu gæti niðurstaða nefndarinnar orðið *alvarlegt brot og skrifleg áminning*. Í seinna tilvikinu gæti niðurstaðan hinsvegar orðið *minniháttar brot og ráðgjöf*. Í öllum tilvikum er sú umræða sem fer fram á fundi sálfræðings og nefndarinnar mikilvæg. Af henni ættu sálfræðingar að geta dregið lærdóm og það er markmið nefndarinnar að fundir séu gagnlegir. Það getur valdið kvíða hjá sálfræðingum að fá á sig kvörtun. Mikilvægt er þó að sálfræðingar átti sig á að siðanefnd er þeim velviljuð. Meðlimir siðanefndar hafa á því fullan skilning að öllum geti orðið á. Með því að ræða kvörtun skjólstæðinga eða annarra með siðareglur í huga er markmiðið að koma í veg fyrir að sömu mistök séu gerð aftur og lærdómur sé dreginn af innsendri kvörtun eigi hún við rök að styðjast.

Þakkir

Anna María Frimannsdóttir, framkvæmdastjóri SÍ, á þakkir skildar fyrir mikla aðstoð við upplýsingaöflun fyrir þessa grein.

The ethics committee of the Icelandic Psychological Association: The committee's role and ethical complaints from 1995 to 2022

We present an overview of complaints received by the Ethics Committee of the Icelandic Psychological Association (EC-IPA) from 1995 to 2022. A total of 81 admissible complaints of an ethics breach were received (females = 50.6%; males = 49.4%). Annually, the total number of cases received by the EC-IPA ranged from 0-8. The majority (72%) concerned psychologists in private practice, and 83.7% psychologists in the Reykjavik metropolitan area. Most complaints came from clients or their parents (30.4%), parents in custody disputes (29.3%), and psychologists and other professionals (25%). The EC-IPA ruled in 42 out of 81 cases and concluded that the ethics code had been breached in 71.4% of the cases (n=30). The breaches were minor in 43.3% of cases, 46.7% were serious, and 10% very serious, and subsequently referred to the Directorate of Health or the police. Fifteen cases (18.5%) were, for various reasons, not processed (e.g., withdrawn, information not received), 22 (27%) were dropped after examination, and one was referred directly to the police. One case is pending. The number of complaints per 100 psychologists appears similar to a recent Australian study where the ratio was 1.4/100 (Walton et al., 2020) vs 1,18 in our study (mean for years 2010 - 2021). Compared to the Norwegian Psychological Association, which has about 10 thousand members, the EC-IPA receives proportionally more complaints but the complaints have not increased over and above the increase in IPA membership. More information is needed to explain why proportionally more complaints are directed at males, even though they are underrepresented in the IPA.

Keywords: *Icelandic Psychological Association Ethics Board, ethical dilemmas, code of ethics, ethics breach, ethical complaints.*

Heimildir

- Bow, J. N og Quinell, F. A. (2001). Psychologists' current practices and procedures in child custody evaluations: Five years after American Psychological Association guidelines. *Professional Psychology: Research and Practice*, 32(3), 261-268. doi:10.1037/0735-7028.32.3.261
- Garrett, T. og Davis, J. D. (1998). The prevalence of sexual contact between British clinical psychologists and their patients. *Clinical Psychology & Psychotherapy*, 5(4), 253-263. doi.org/10.1002/(SICI)1099-0879(199812)5:4<253::AID-CPP171>3.0.CO;2-4
- Norsk Psykolog Forening (e.d.). *Konklusjoner i fagetiske klagesaker* <https://www.psykologforeningen.no/medlem/etik/fagetiske-avgjoerelser/konklusjoner-i-fagetiske-klagesaker>
- Lamb, D. H., Catanzaro, S. J. og Moorman, A. S. (2003). Psychologists reflect on their sexual relationships with clients, supervisees, and students: Occurrence, impact, rationales, and collegial intervention. *Professional Psychology: Research and Practice*, 34(1), 102-107. DOI:10.1037/0735-7028.34.1.102
- Pepiton, M. B., Zeligowski, B. R., Geffner, R. og de Albuquerque, P. P. (2014). Ethical violations: What can and does go wrong in child custody evaluations? *Journal of Child Custody*, 11, 81-100. doi.org/10.1080/15379418.2014.920245
- Pope, K. S. og Vetter, V. A. (1992). Ethical dilemmas encountered by members of the American Psychological Association: A national survey. *American Psychologist*, 47(3), 397-411. DOI:10.1037/0003-066X.47.3.397
- Sálfræðingafélag Íslands (e.d. - a). *Lög félagsins*. <https://sal.is/felagid/log-felagsins/>
- Sálfræðingafélag Íslands (e.d. - b). *Vinnureglur síðanefndar*. <https://sal.is/felagid/nefndir/sidanefnd/vinnureglur-sidanefndar/>
- Sálfræðingafélag Íslands (1984). *Fréttabréf Sálfræðingafélags Íslands*, 6(3), 32-37.
- Sálfræðingafélag Íslands (1987). *Fréttabréf Sálfræðingafélags Íslands*, 9(3), 55-57.
- Sálfræðingafélag Íslands (1988). *Fréttabréf Sálfræðingafélags Íslands*, 10(2), 68-71.
- Stake, J. E. og Oliver, J. (1991). Sexual contact and touching between therapist and client: A survey of psychologists' attitudes and behavior. *Professional Psychology: Research and Practice*, 22(4) 297-307. doi.org/10.1037/0735-7028.22.4.297
- Veness, B. G., Tibble, H., Grenyer, B. F. S., Morris, J. M., Spittal, M. J., Nash, L., Studdert, D. M. og Bismark, M. M. (2019). Complaint risk among mental health practitioners compared with physical health practitioners: a retrospective cohort study of complaints to health regulators in Australia. *British Medical Journal Open*, 9:e030525 doi:10.1136/bmjopen-2019-030525
- Walton, M., Kelly, P. J., Chiarella, E. M., Carney, T., Bennett, B., Nagy, M. og Pierce, S. (2020). Profile of the most common complaints for five health professions in Australia. *Australian Health Review*, 44(1), 15-23. doi.org/10.1071/AH18074

Réttmætisathugun á íslensku útgáfu HEXACO-60

Emma E. Evudóttir og Guðmundur T. Heimisson
Háskólinn á Akureyri

HEXACO persónuleikalíkanið gerir ráð fyrir að persónuleika sé hægt að útskýra með sex persónuleikabáttum. Í þessari rannsókn voru próffræðilegir eiginleikar íslensku útgáfu persónuleika-prófsins HEXACO-60 athugaðir með staðfestandi þáttagreiningu. Fylgni var einnig könnuð á milli persónuleikabátta HEXACO-60 innbyrðis, ásamt því að tengsl persónuleikabátta við aldur og kyn voru skoðuð. Þátttakendur voru 319 talsins, frá 18 ára aldri. Innra samræmi undirþátta og prófsins í heild var ásætlanlegt. Líkanið passaði vel samkvæmt RMSEA og SRMR mælitölunum, en síður samkvæmt kí-kvaðrat, CFI og TLI. Þáttahleðslur voru í veikari kantinum; minna en helm-ingur atriða náði hleðslu $\geq 0,50$. Nokkur munur var á styrkleika þáttahleðslna milli undirvarða prófsins. Misvísandi niðurstöður á mátun líkansins má meðal annars skýra með fjölda atriðapara með fylgni á milli villubátta, ásamt atriðum sem hlaða á fleiri þætti en þann sem þeim var ætlað að mæla. Mælt er með endurskoðun á að minnsta kosti hluta íslenskrar útgáfu HEXACO-60, en ekki er mælt gegn notkun á prófinu í núverandi mynd, með viðeigandi fyrirvörum í hverju tilfelli.

Efnisorð: Persónuleiki, réttmæti, staðfestandi þáttagreining, HEXACO, sex þátta líkan.

HEXACO-60 persónuleikaprófið er sex þátta persónuleikapróf sem nota má til rannsókna í almennu þýði eða í klínísku starfi. Notkun þess er ókeypis og ekki þarf sérstakt leyfi til að nota það við rannsóknir. Persónuleikalíkanið sem prófið byggir á var þróað út frá niðurstöðum orðasafns-rannsókna í sjö löndum, þar á meðal kóresku (Hahn o.fl., 1999), hollensku (de Raad, 1992) og ítölsku (Di Blas og Forzi, 1999), sem bentu til þess að sex þættir gætu lýst persónuleika jafn vel eða betur en þeir fimm sem hafa skipað sér sess í persónuleikarannsóknum (Lee og Ashton, 2004). Einungis fimm þættir höfðu fundist á ensku, en við endurskoðun gagnasafns Goldbergs (1982; 1990) kom sex þátta lausn einnig fram þar (Ashton o.fl., 2004). Seinna meir hafa svipaðar sex þátta lausnir komið fram á fleiri tungumálum, sem styrkir hug-smíðarréttmæti sex þátta líkansins (Ashton o.fl., 2006; Babarović, 2013; Bashari o.fl., 2011; Boies o.fl., 2004; de Vries o.fl., 2008; Lee og Ashton, 2009; Moshagen o.fl., 2019; Wakabayashi, 2014; Wasti o.fl., 2008). Líkanið inniheldur þætti sem svipar til úthverfu, samviskusemi og víðsýni ásamt því að þættirnir taugaveiklun og samvinnu-þýði koma fram í öfugu formi – þar sem atriði sem einkenndu taugaveiklun fara yfir á samvinnu-þýði og öfugt. Taugaveiklun var því endurnefnd

tilfinningasemi (Lee og Ashton, 2004). Sjötti þátturinn, heiðarleiki-auðmýkt, er hins vegar það sem helst aðgreinir HEXACO líkanið frá fimm þátta líkönum. Þátturinn inniheldur persónuleika-einkenni á borð við heiðarleika, einlægni og hóg-værd á öðrum endanum og hroka og græðgi á hinum (Lee og Ashton, 2004).

Til að aðgerðabinda þætti HEXACO líkansins þróuðu Lee og Ashton (2004) spurningalista sem þeir nefndu „*The HEXACO Personality Inventory*“ (HEXACO-PI). Upprunalega innihélt listinn 192 atriði, þar sem átta atriði skiptust niður á 24 undirþætti. Prófið var síðar endurskoðað og „*The HEXACO Personality Inventory-Revised*“ (HEXACO-PI-R) gefið út með 200 atriðum. Einnig eru til 100 og 60 atriða útgáfur af prófinu (Ashton og Lee, 2009; Lee og Ashton, 2006). Svarmöguleikar HEXACO-prófanna eru settir upp á fimm punkta Likert-stiku: mjög ósammála, ósammála, hlutlaus, sammála og mjög sammála (Lee og Ashton, 2018).

Emma E. Evudóttir er meistaranemi við sálfræðideild Háskólans á Akureyri. Guðmundur T. Heimisson er lektor við sálfræðideild Háskólans á Akureyri. Fyrirspurnum vegna greinarinnar skal beint til Emmu E. Evudóttur, meistaranema við sálfræðideild Háskólans á Akureyri, Sólborg, Norðurlóð 2, 600 Akureyri. Netfang: ha180386@unak.is.

HEXACO-60 prófið samanstendur af 60 atriðum, völdum úr 100 atriða útgáfu HEXACO-PI-R. Hver persónuleikapáttur inniheldur tíu atriði sem raðast á fjóra undirþætti og eru tvö til þrjú atriði á hverjum undirþætti fyrir sig. Notast var við þau atriði sem sýndu háa þáttahleðslu við sinn undirþátt en lága á aðra. Einnig var þess gætt að jafnvægi væri á milli jákvætt og neikvætt orðaðra atriða (Ashton og Lee, 2009). Mælt er með því að HEXACO-60 útgáfan sé notuð ef tími er lítill, en almennt er miðað við að það taki í kringum 12 mínútur fyrir háskólanema að taka þessa útgáfu prófsins, þó það geti verið einstaklingsbundið. Höfundar mæla samt sem áður með því að nota annað hvort 100 eða 200 atriða útgáfu prófsins þegar tími leyfir, þar sem áreiðanleiki þeirra er meiri vegna lengdar þeirra (Ashton og Lee, 2009).

Rannsókn á próffræðilegum eiginleikum HEXACO-PI-R benti til þess að prófið samsvaraði persónuleikapáttum HEXACO líkansins vel (Lee og Ashton, 2004). Innra samræmi var yfir $\alpha = 0,70$ hvort sem litið var til yfirþátta eða undirþátta. Allir undirþættir hlóðu á sinn tilætlaða þátt við leitandi þáttagreiningu. Undirþættirnir voru í öllum tilfellum með þáttahleðslu yfir 0,50 á sinn þátt og undir 0,30 á aðra þætti. Fylgni milli yfirþátta var undir $r = 0,30$ sem bendir til þess að þættirnir séu sjálfstæðir. Fylgni þeirra var einnig almennt lægri en í samsvarandi fimm þátta líkönum (Lee og Ashton, 2004).

Úrtak háskólanema, ásamt almennu úrtaki íbúa í Bandaríkjunum var notað til að kanna réttmæti HEXACO-60 (Ashton og Lee, 2009). Innra samræmi prófsins var yfir $\alpha = 0,70$ hjá báðum úrtökum. Fylgni milli þátta var einnig undir $r = 0,30$ hjá báðum úrtökum sem helst í hendur við niðurstöður fyrri rannsókna á líkaninu. Leitandi þáttagreining leiddi í ljós að dreifing atriðanna væri skýrust með sex þáttum. Þáttahleðsla var í öllum tilfellum hærri en 0,30, ásamt því að öll atriði hlóðu hæst á sinn þátt (Ashton og Lee, 2009). Fylgni milli 60 atriða útgáfu HEXACO og lengri útgáfna prófsins var yfir $r = 0,80$ hjá báðum úrtökum.

Rannsóknir á HEXACO í öðrum löndum benda til þess að þeir þættir sem verið er að mæla haldast nokkuð stöðugir á milli þjóða

(Ion o.fl., 2017; Thielmann o.fl., 2019). Hins vegar virðist sjötti þátturinn, heiðarleiki-auðmýkt, ekki koma fram sem stakur þáttur hjá öllum menningarheimum við notkun 100 eða 200 atriða útgáfna HEXACO (De Raad 2010; Ion o.fl., 2017). Hann kemur hins vegar fram við notkun HEXACO-60 (García o.fl., 2021). García og félagar (2021) könnuðu próffræðilega eiginleika HEXACO-60 í 18 löndum, þar sem þeir athuguðu einnig áhrif kyns og aldurs á persónuleikapættina. Niðurstöður þeirra sýndu fram á að skor á heiðarleika-auðmýktarþættinum eykst með hækkandi aldri, en að því undanskildu virðist aldur hafa almennt litla forspá um persónuleika. Kyn hafði einna helst áhrif á tilfinningasemi þar sem konur skorðu almennt hærra en karlmenn í öllum 18 löndum rannsóknarinnar. Lítil áhrif kyns fundust einnig á heiðarleika-auðmýktarþættinum (García o.fl., 2021). Samsvörunarstuðull hvers lands var almennt hár, en einungis fimm lönd voru með meðalgildi undir 0,90. Staðfestandi þáttagreining var gerð á öllu úrtakinu og sýndi almennt góða mátun líkans ($\chi^2(9,013,40; df: 235)$, GFI: 0,925, CFI: 0,772 og RMSEA: 0,060) (García o.fl., 2021).

HEXACO-60 er eina útgáfa prófsins sem hefur verið þýdd á íslensku. Rakel Jónsdóttir Guðmann, Miriam Petra Ómarsdóttir Awad, Freyr Halldórsson og Daniel Þór Ólason sáu um þýðingu prófsins. Rakel Jónsdóttir Guðmann (2015) gerði meginásapáttagreiningu (e. *principal axis factor analysis*), ásamt annars stigs þáttagreiningu á listanum í B.Sc. verkefni sínu. Báðar þáttagreiningar gáfu af sér sex þátta lausn sem samræmist ensku útgáfu prófsins. Tinna Hallsdóttir (2016) kannaði svo próffræðilega eiginleika HEXACO-60 fyrir eldri aldurshópa. Þáttagreining hennar leiddi fyrst af sér óskýra sex þætti, en annars stigs þáttagreining leiddi hins vegar af sér sex skýra þætti (Tinna Hallsdóttir, 2016).

Tilgangur þessarar rannsóknar er að kanna þáttagerð íslensku útgáfu HEXACO-60. Vegna takmarkaðra rannsókna á þáttagerð HEXACO-60-IS verður staðfestandi þáttagreining notuð til að kanna hvernig sex þátta líkan HEXACO (heiðarleiki-auðmýkt, samviskusemi, tilfinningasemi, úthverfa, samvinnuþýði og viðsýni)

heldur sér í íslenskri þýðingu. Þessi rannsókn er sú fyrsta sem styðst við staðfestandi þáttagreiningu við íslenska þýðingu HEXACO-60, og bætir þannig við nauðsynleg réttmætisgögn sem fagfólk og notendur prófsins þurfa (AERA o.fl., 2014).

Aðferð

Þátttakendur

Þátttakendur voru 319 talsins, þar af 226 konur (71,1%), 88 karlar (27,7%) og 4 kynsegin (1,3%). Einn gaf ekki upp kyn. Aldri þátttakenda var skipt upp í tvo hópa og má sjá fjölda þátttakenda í hvorum hóp í töflu 1. Rúmlega helmingur þátttakenda var á aldrinum 18-45 ára. Úrtak var fengið úr almennu þýði með því að birta tengla á rannsóknina á vefsíðum nokkurra námskeiða við íslenskan ríkisháskóla. Einnig var tengli á rannsóknina dreift á samfélagsmiðlum.

Tafla 1 Flokkuð aldursdreifing í úrtakinu.

Aldur (ár)	N	%
18-45	219	68,7%
46+	100	31,3%
Heildarfjöldi	319	100%

Mælitæki

Mælitæki rannsóknarinnar var HEXACO-60 persónuleikaprófið, 60 atriða persónuleikapróf sem ætlað er að mæla sex víddir persónuleika.

Framkvæmd

Spurningalisti sem samanstóð af HEXACO-60 og bakgrunnsspurningum var settur saman með Microsoft Forms. Forprófunarúrtak sem samanstóð af fjórum kvenkyns þátttakendum á aldrinum 23-35 ára svaraði listanum til að finna hugsanlega hnökra á honum og áætla tímann sem tæki að svara. Sex þátttakendur voru þar á eftir fengnir í hugarferlaviðtöl (e. *cognitive interviews*) ætluðum til að fá nánari innsýn í niðurstöður rannsóknarinnar. Tengli á rannsóknina var svo deilt á samfélagsmiðlunum Facebook og Twitter, þar sem fólk var einnig hvatt til að

deila honum áfram. Tenglinum var einnig deilt inn á kennsluvefi við háskóla á landsbyggðinni, ásamt því að tölvupóstur var sendur til kennara við háskólann og þeir hvattir til að deila honum til nemenda sinna. Þegar smellt var á tengilinn birtist kynningarbréf, þar sem þátttakendum var kynnt viðfangsefni rannsóknarinnar. Þátttakendum var tilkynnt að þátttaka væri með öllu nafnlaus og órekjanleg og að þeim væri ekki skylt að svara öllum spurningum. Á eftir kynningarbréfinu komu spurningar um kyn og aldur. Þar næst kom HEXACO-60-IS.

Úrvinnsla

Tölfræðiforritið IBM SPSS Statistics, útgáfa 28 (IBM Corp., 2021) var notað við skoðun og frumgreiningu gagna. Breytugildi voru skilgreind á hefðbundinni fimm punkta Likert-stiku, á þann hátt að 1 = „Mjög ósammála“ og 5 = „Mjög sammála“. Ákveðið var að halda öllum þátttakendum eftir gagnakönnun, þar sem ekki fundust vísbendingar um kerfisbundið brottfall. Brottfallsgildi einstakra þátttakenda voru frá 0% til 8%. Öfugkóðuðum atriðum listanna var snúið við samkvæmt fyrirmælum frá höfundum, lýsistöflur reiknaðar og áreiðanleiki skoðaður. Fylgni á milli persónuleikabátta var skoðuð, ásamt því að óháð t-próf var notað til að kanna samband aldurs og kyns við persónuleikabætti HEXACO. Aldri var skipt upp í yngri, 18-45 ára, og eldri, 46 ára og eldri.

Til að meta sex þátta líkan HEXACO-60 var staðfestandi þáttagreining gerð með IBM SPSS Amos útgáfu 27 Graphics (Arbuckle, 2014). Greiningin byggði á samdreifnifylki atriðanna og notaði líkindamat (e. *maximum likelihood*). Til að eiga við brottfallsgildi var fyllt inn í þau með aðhvarfslíkani þar sem leifin var innbygð með slembni (e. *stochastic regression imputation*). Til að meta hversu vel líkanið passaði var notast við χ^2 , SRMR, RMSEA, TLI og CFI. Viðmiðsgildi Hu og Bentler (1999) um RMSEA $< 0,06$ var notað sem almennur vísir um hversu vel líkanið passar. Þáttahleðsla atriða var einnig skoðuð út frá viðmiðum Hair o.fl. (2014) um staðfestandi þáttagreiningu sem mæla með því að þáttahleðsla sé 0,5 eða hærri og best sé ef hún er 0,7 eða hærri.

Tafla 2 Niðurstöður óháðs t-prófs á persónuleikapáttum HEXACO og kyn og aldurs.

	Kona		Karl		18-46 ára		46+		<i>t</i> -próf _{kyn}	<i>t</i> -próf _{aldur}
	M	SD	M	SD	M	SD	M	SD		
Samvinnuþýði	3,15	0,53	3,11	0,56	3,12	0,56	3,17	0,50	0,55	-0,77
Samviskusemi	3,71	0,53	3,49	0,56	3,64	0,57	3,66	0,50	3,24*	-0,36
Tilfinningasemi	3,54	0,54	2,92	0,58	3,43	0,65	3,24	0,53	8,86**	2,59*
Úthverfa	3,31	0,67	3,27	0,56	3,23	0,70	3,45	0,47	0,55	-2,95*
Heiðarleiki-auðmýkt	3,61	0,60	3,49	0,68	3,47	0,65	3,77	0,55	1,61	-3,98**
Víðsýni	3,51	0,70	3,74	0,62	3,57	0,70	3,61	0,70	-2,76*	-0,54

* $p < 0,01$ ** $p < 0,001$

Hugarferlaviðtöl

Hugarferlaviðtöl voru tekin til að fá nánari innsýn í niðurstöður þáttgreiningarinnar. Þátttakendur voru sex talsins, þar af fimm konur (83,3%) á aldrinum 25 – 62 ára ($M = 42,3$ og $SD = 12,7$). Þátttakendur voru valdir með hentugleikaúrtaki í gegnum samfélagsmiðilinn Facebook. Fjögur viðtalanna fóru fram í gegnum fjarfundaforritið Zoom, eitt þeirra var tekið í gegnum síma og eitt augliti til auglits á heimili fyrri höfundar. Viðtölin fóru þannig fram að þátttakendur voru beðnir um að lesa sig í gegnum HEXACO-60 upphátt, ásamt því að segja frá því sem fór í gegnum huga þeirra á meðan þau komust að niðurstöðu um hvert svar. Fyrri höfundur punktaði hjá sér ef eitthvað virtist trufla þátttakendur, til að mynda ef þeir stoppuðu lengi, áttu erfitt með að skilja atriði á listanum eða komu með athugasemdir við einhver atriði. Eftir hugarferlaumferðina fylgdi stutt viðtal þar sem spurt var nánar út í þau atriði sem fyrri höfundur punktaði hjá sér. Athugasemdir þátttakanda voru svo að lokum þemagreindar.

Niðurstöður

Meðalsvör þátttakenda á fimm punkta Likert-stikum HEXACO-60 persónuleikaprófsins voru á bilinu 1,87 ($SD = 1,22$) fyrir spurningu 60 („*Mér þætti freistandi að nota falsaða peninga ef ég vissi að ég kæmist upp með það*“ – Heiðarleika-auðmýktar kvarði) til 4,28 ($SD = 0,74$) fyrir spurningu 8 („*Ég legg oft hart að mér þegar ég reyni að ná tilteknu markmiði*“ – Samviskusemikvarði). Atriði voru öfugkóðuð eftir leiðbeiningum höfundar. Meðalsvör eftir persónuleikapáttum voru

á bilinu 3,13 ($SD = 0,54$) fyrir samvinnuþýði til 3,64 ($SD = 0,55$) fyrir samviskusemi. Við skoðun á svardreifingu einstaka atriða kom skýr fegrunarskekkja í ljós á nokkrum þeim. Sem dæmi má nefna atriði 4 („*Á heildina lítið er ég tiltölulega ánægð(ur) með sjálfa(n) mig*“), atriði 8 („*Ég legg hart að mér þegar ég reyni að ná tilteknu markmiði*“) og atriði 32 („*Ég vinn eins lítið og ég kemst upp með*“). Í heildina var skýr skekkja í 16 atriðum af 60.

Heildartölur á undirkvörðum voru skoðaðar út frá kyni og aldri með óháðu t-prófi til aukins samanburðar við alþjóðlegar niðurstöður. Tafla 2 sýnir niðurstöður prófsins.

Almennt skoruðu konur ($M = 3,71$, $SD = 0,53$) hærra á samviskusemisþættinum en karlar ($M = 3,49$, $SD = 0,56$), $t(312) = 3,24$, $p = 0,001$. Konurnar ($M = 3,54$, $SD = 0,54$) skoruðu einnig hærra en karlar ($M = 2,92$, $SD = 0,58$) á tilfinningasemi, $t(312) = 8,86$, $p < 0,001$. Karlar ($M = 3,74$, $SD = 0,62$) virtust hins vegar vera hærri á víðsýnisþættinum en konur ($M = 3,51$, $SD = 0,70$), $t(312) = -2,76$, $p = 0,006$. Niðurstöður benda einnig til þess að eldra fólk ($M = 3,77$, $SD = 0,55$) skori hærra á heiðarleikaþættinum en það yngri ($M = 3,47$, $SD = 0,65$), $t(317) = -3,98$, $p < 0,001$. Einnig voru yfir 46 ára ($M = 3,45$, $SD = 0,47$) almennt úthverfari en þeir sem yngri voru ($M = 3,23$, $SD = 0,70$). Þeir yngri ($M = 3,42$, $SD = 0,65$) skoruðu hins vegar hærra en þeir eldri ($M = 3,24$, $SD = 0,53$) á tilfinningasemi.

Staðfestandi þáttgreining

Staðfestandi þáttgreining var gerð á HEXACO-60-IS persónuleikaprófinu til að leggja mat á

Tafla 3 Niðurstöður íslensku útgáfu HEXACO-60 (n=319) með sífellt þrengri skilyrðum fyrir þáttahleðslur.

Þættir	Fjöldi atriða	Cronbach's alpha (Rakel/Tinna/Ashton og Lee)	Meðaltal staðlaðra þáttahleðslna	Fjöldi staðlaðra hleðslna $\geq 0,40$	Fjöldi staðlaðra hleðslna $\geq 0,50$	Fjöldi staðlaðra hleðslna $\geq 0,60$	Fjöldi staðlaðra hleðslna $\geq 0,70$
Samvinnuþýði	10	0,68 (0,70/0,66/ 0,77)	0,41	5	2	2	0
Samviskusemi	10	0,71 (0,74/0,67/ 0,76)	0,45	7	3	1	0
Tilfinningasemi	10	0,76 (0,70/0,74/ 0,80)	0,49	8	6	2	0
Úthverfa	10	0,80 (0,82/0,81/ 0,80)	0,56	10	7	3	0
Heiðarleiki-auðmýkt	10	0,75 (0,73/0,70/ 0,76)	0,45	5	3	3	2
Víðsýni	10	0,79 (0,76/0,78/ 0,79)	0,53	9	7	3	0
				44	28	14	2

Gildi í svigum eru Cronbach's alpha gildi fengin úr B.Sc. rannsóknnum Rakelar Jónsdóttur Guðmann (2015) og Tinnu Hallsdóttur (2016), ásamt því að vera úr lýsitölum fyrir sjálfsgreiningu kanadískra stúdenta á HEXACO-60 persónuleika-prófinu (Ashton og Lee, e.d) tekin af hexaco.org (sótt 17.04.2021). Staðlaðar hleðslur núverandi rannsóknar koma frá staðfestandi þáttagreiningu á sex þátta líkani HEXACO.

sex þátta byggingu íslenskrar þýðingar prófsins. Sex þátta líkan HEXACO passaði ekki vel þegar miðað var við kí-kvaðrat, CFI og TLI (χ^2 (1682, $N=319$) = 3555,49, $p < 0,001$; CFI = 0,59; TLI = 0,57). Ásættanleg mátun kom hins vegar fram við RMSEA og SRMR (RMSEA = 0,059, 90% vikmörk = 0,056 til 0,062; SRMR = 0,082;). Byrjað var á að skoða þáttahleðslur $\geq 0,40$ út frá almennu viðmiði um skurðpunkt í leitandi þáttagreiningu (sjá Guadagnoli o.fl., 1988). Þáttahleðsla upp á 0,40 telst ásættanleg í leitandi þáttagreiningu en þó sýnir hún heldur veikt samband milli þáttar og atriðis, þar sem þáttur skýrir einungis 16% af dreifingu atriðisins. Hair og félagar (2014) hafa sett fram nokkuð strangari viðmið um þáttahleðslur í staðfestandi þáttagreiningu, sem eru frá 0,50 fyrir grunnrannsóknir upp í 0,70 sem þyki ákjósanlegust, enda gefi slíkur styrkur hleðslu til kynna að staðfestandi þáttagreiningin sé einmitt það, frekar en leitandi (Hair o.fl., 2014). Við notuðum viðmið Hair og félaga, og skoðuðum hleðslurnar með sífellt strangari skilyrðum (0,50, 0,60 og 0,70). Þetta var gert annars vegar með hliðsjón af áður-nefndri hugmynd um staðfestingu á líkaninu, en einnig til þess að fá ítarlegri hugmynd um hvaða einstöku atriði væru sterkust í núverandi útgáfu prófsins og hver þeirra væri tilefni til að endurskoða frekar en önnur. Innra samræmi þáttanna,

ásamt fjölda atriða í hverjum þætti fyrir sig við hvert skilyrði, má sjá í töflu 3.

Þegar þáttahleðsla var skorin við $\geq 0,40$ stóðu 44 atriði eftir. Þegar atriði voru skorin í burtu við $\geq 0,50$ stóðu 27 af 60 atriðum eftir, eða 45%. Samviskusemiþátturinn kom verst út með einungis 30% atriða sem náðu hleðslu yfir 0,50. Víðsýniþátturinn hélt flestum atriðum, með 80% atriða við þáttahleðslu $\geq 0,50$ og 14 atriði sem stóðu eftir við $\geq 0,60$. Einungis tvö atriði í heiðarleika-auðmýktarþættinum stóðu eftir þegar viðmiðið var sett við $\geq 0,70$. Þáttahleðslur þeirra atriða sem hafa $\geq 0,50$ hleðslu má sjá í töflu 5. Heilt yfir voru þáttahleðslur íslensku útgáfu HEXACO-60 í veikari kantinum ef viðmið Hair og félaga eru notuð, með meðalþáttahleðslu frá 0,41 fyrir samviskusemi til 0,56 fyrir úthverfu. Innra samræmi persónuleikaþáttanna fór yfir $\alpha=0,70$ fyrir alla þætti að samviskusemiþættinum undanskildum ($\alpha=0,68$), sem telst ásættanlegt (Nunnally, 1978). Innra samræmi fyrir prófið í heild var $\alpha=0,77$ sem er í samræmi við fyrri fyrirlagnir. Fylgni milli þátta má sjá í töflu 4. Tölfræðilega marktæk en mjög veik tengsl voru á milli heiðarleika-auðmýktar og samvinnuþýði ($r=0,18$), heiðarleika-auðmýktar og samviskusemi ($r=0,24$), úthverfu og samvinnuþýði ($r=0,15$), úthverfu og samviskusemi ($r=0,16$) og víðsýni og samvinnuþýði ($r=0,11$).

Tafla 4 Fylgni milli þátta HEXACO-60 (n=319).

Þáttur	Samvinnuþýði	Heiðarleiki- auðmýkt	Samviskusemi	Tilfinningasemi	Úthverfa
Samvinnuþýði	—	—	—	—	—
Heiðarleiki- auðmýkt	0,18*	—	—	—	—
Samviskusemi	0,06	0,24**	—	—	—
Tilfinningasemi	-0,80	-0,01	0,07	—	—
Úthverfa	0,15**	0,05	0,16**	-0,09	—
Víðsýni	0,11*	0,03	0,06	-0,07	0,07

* $p \geq 0,05$; ** $p \geq 0,01$

Í ljósi þess að niðurstaða kí-kvaðrats fyrir sex þátta líkanið var tölfræðilega marktæk voru breytingavísitölur (e. *modification indices*, MI) skoðaðar. Breytingavísitölur sýna hversu mikið kí-kvaðratið myndi lækka (aukin mátun) ef breytu sem er stillt á núll væri bætt við líkanið. Miðað við breytingavísitölurnar var fylgni milli villuþátta stór uppspretta slæmrar mátunar. Fylgni milli villuþátta prófatriða í staðfestandi þáttagreiningu getur gefið vísbendingu um að atriði sem eiga að mæla mismunandi hugs-míðir séu líkari hvort öðru en þeim er ætlað að vera, eða að atriðum sem ætlað er að mæla sama hlutinn geti verið ofaukið. Samtals voru kennsl borin á 251 atriðapör með fylgni á milli villuþátta þegar breytingavísitalan var stillt á höfnunargildið 4 ($p < 0,001$). Stærsta MI (65,44) var fylgni milli villna hjá tveimur atriðum í víðsýniþættinum sem tilheyra bæði undirflokknum sköpunargáfu (atriði 13, „Ég myndi njóta þess að skapa listaverk eins og að skrifa skáldsögu, búa til tónlist eða málverk“ og atriði 49, „Ég lit ekki á sjálfa(n) mig sem listræna eða skapandi manneskju“). Einnig fundust atriði sem hlóðu í kross, það er að þau hlóðu á einn eða fleiri þátt annan en líkanið gerir ráð fyrir, sem leiðir af sér verri mátun. Þar var stærsta MI (26,66) fyrir tilfinninga-semi-atriði 35 („Ég hef mun minni áhyggjur af hlutum en fólk almenn“ sem hleður líka á úthverfu. Þetta atriði hleður þar að auki á samvinnuþýði en er með mun lægra MI (4,20). Í það heila hlóðu 49 atriði á öðra þætti en þá sem þeim var ætlað að tákna.

Hugarferlaviðtöl

Hugarferlaviðtöl voru tekin við sex þátttakendur til að freista þess að fá aukna innsýn í tiltekin prófatriði, þáttahleðslur og mátunarmælitölur, sem gæti á móti dugað við slípun eða endurritun einstakra atriða eða prófsins í heild. Ef atriði fékk lága þáttahleðslu var skoðað hvort minnst hefði verið á tiltekið atriði í hugarferlaviðtölunum. Þær niðurstöður voru síðan settar í töflu sem getur nýst við að þróa íslensku gerð prófsins nánar (sjá Viðauka 1). Tulkun á sumum atriðum í HEXACO virtist vefjast fyrir flestum viðmælendum, en fimm af sex stoppuðu við atriði vegna þess að túlkun vafðist fyrir þeim. Ef prófatriði vafðist fyrir þátttakendum í viðtölunum var það í megindráttum annars vegar vegna þess að orðalag væri óskýrt, og hins vegar að erfitt væri að skilja málfarið. Nokkur dæmi eru gefin hér. Þrír stoppuðu til dæmis við spurningu 33 („Ég hef tilhneigingu með að vera mild(ur) í mati mínu á öðru fólki“) en hvernig ætti að túlka orðið „mildur“ vafðist fyrir þeim. Tveir viðmælendur lögðu þann skilning í orðið að þeir væru ekki dómharðir gagnvart öðru fólki, en sá þriðji skildi það sem svo að hann „gæfi fólki séns“.

Eldri viðmælendur áttu í erfiðleikum með að svara einstaka atriðum þar sem þeim fannst svarið velta á aðstæðum. Þátttakendur voru allir sammála um að svarið við atriði 27 („Afstaða mín gagnvart fólki sem hefur komið illa fram við mig er að „fyrirgefa þeim og gleyma““) væri aðstæðubundið. Einnig voru tveir viðmælendur sammála um að afstaða þeirra til atriða 36, 41 og 47 færi eftir atvikum (36: „Ég myndi aldrei

Tafla 5 Atriði íslensku útgáfu HEXACO-60 með þáttahleðslur $\geq 0,50$.

Þættir og atriði	Staðlaðar hleðslur
<i>Samvinnuþýði</i>	
21. Fólk telur mig vera frekar skapbráða(n)	0,68
45. Flestir reiðast fyrir en ég	0,64
<i>Samviskusemi</i>	
2. Ég skipulegg mig fyrir fram til að lenda ekki í vandræðum á síðustu stundu	0,53
26. Það hamlar mér stundum í starfi hversu óskipulögð/lagður ég er	0,61
44. Ég geri mörg mistök vegna þess að ég hugsa ekki áður en ég framkvæmi	0,57
<i>Tilfinningasemi</i>	
5. Ég yrði hrædd(ur) ef ég þyrfti að ferðast í slæmu veðri	0,50
29. Í hættulegum aðstæðum verð ég mjög óttaslegin(n)	0,62
53. Jafnvel í neyðartilfellum myndi ég ekki fyllast skelfingu	0,63
23. Ég klökkna þegar ég sé annað fólk gráta	0,52
47. Ég upplifi sterkar tilfinningar þegar einhver nákominn mér er að fara í burtu í langan tíma	0,53
59. Ég er ekki tilfinningasöm/samur jafnvel í aðstæðum þar sem flestir verða mjög snortnir	0,53
<i>Úthverfa</i>	
34. Ég sýni yfirleitt frumkvæði í mannlegum samskiptum	0,58
4. Í heildina litið er ég tiltölulega ánægð(ur) með sjálfa(n) mig	0,62
28. Ég held ég sé óvinsæl(l)	0,59
52. Stundum finnst mér ég vera einskis nýt(ur)	0,56
40. Það fyrsta sem ég geri á nýjum stað er að kynna nýju fólki	0,54
22. Ég er flesta daga bæði glaðvær og bjartsýn(n)	0,66
46. Flestir eru hressari og virkari en ég	0,67
<i>Heiðarleiki-auðmýkt</i>	
12. Ef ég vissi að ég kæmist upp með það þá væri ég til í að stela 100 milljónum króna	0,73
36. Ég myndi aldrei þiggja mútur jafnvel þó upphæðin væri mjög há	0,65
60. Mér þætti freistandi að nota falsaða peninga ef ég væri viss um að ég kæmist upp með það	0,77
<i>Víðsýni</i>	
1. Mér myndi leiðast frekar mikið að fara á listasafn	0,59
7. Ég hef áhuga á að fræðast um sögu og stjórnmál annarra landa	0,53
31. Ég hef aldrei haft gaman af því að fletta í alfræðiorðabókum	0,53
13. Ég myndi njóta þess að skapa listaverk eins og að skrifa skáldsögu, búa til tónlist eða málverk	0,63
49. Ég lýt ekki á sjálfa(n) mig sem listræna eða skapandi manneskju	0,63
19. Ég tel það tímasóun að veita róttækum hugmyndum athygli	0,52
55. Mér finnst leiðinlegt að ræða heimspekileg viðfangsefni	0,67

þiggja mútur jafnvel þó upphæðin væri mjög há“, 41: „Ég get tekist á við erfiðar aðstæður án þess að þurfa tilfinningalegan stuðning frá öðrum“, 47: „Ég upplifi sterkar tilfinningar þegar einhver nákominn mér er að fara í burtu í langan tíma“).

Sá viðmælandi sem var yngstur benti á að orðalag væri frekar gamaldags í nokkrum atriðum og átti erfitt með að skilja þau. Sem dæmi má

nefna atriði 42 („Ég myndi njóta þess að eiga dýra munaðarvöru“) þar sem viðkomandi skildi ekki orðið „munaðarvara“ eða atriði 3 („Ég er sjaldan langrækin(n), jafnvel þótt fólk hafi komið illa fram við mig“) þar sem spurt var út í merkingu þess að vera langrækin. Nánari útlistun á atriðum sem voru flögguð í viðtölunum vegna lágrar þáttahleðslu má sjá í viðauka 1.

Umræða

Þörfin fyrir þróun sálfræðilegra mælitækja er stöðugt fyrir hendi, enda hlýtur það að vera sjálf-sögð krafa allra sem reiða sig á mælitæki að þau sýni áreiðanlegar og réttmætar niðurstöður. Þótt gjarnan sé til einföldunar talað um áreiðanleika og réttmæti sem eiginleika mælitækjanna, þá má ekki gleyma að þessir eiginleikar eru ekki síður eiginleikar gagna og túlkana sem fást með tækjunum (AERA o.fl., 2014). Því er nauðsynlegt að taka tillit til þessara eiginleika í hvert skipti sem mælitækin eru notuð. Enn fremur er nauðsynlegt að uppfæra mælitæki reglulega út frá nýjum réttmætisathugunum eftir því sem tímans tönn vinnur á orðalagi og innihaldi þeirra. Í tilfelli HEXACO-60 hefur vantað upp á ítarlegar upplýsingar um þáttagerðarréttmæti (e. *factorial validity*) mælitækisins og því var þessari rannsókn ætlað að bæta úr.

Innra samræmi HEXACO-60-IS í heild var $\alpha=0,77$ og fór yfir $\alpha=0,70$ á öllum undirkvörðum, sem er í samræmi við fyrri rannsóknir og telst nothæft, í það minnsta fyrir grunnrannsóknir. Kí-kvaðrat, CFI og TLI studdu ekki vel við mátun gagna okkar við heildarlíkanið, en aðrar mælitölur sem eru ekki eins viðkvæmar fyrir úrtaksstærð (RMSEA og SRMR) sýndu betri mátun. Ítarlegri greining leiddi í ljós hvar skorts á mátun var helst að leita. Til dæmis kom í ljós að aðeins tæpur helmingur atriða á HEXACO-60 stóðst lágmarksviðmið Hair og félaga um staðlaða þáttahleðslu að lágmarki 0,50. Skort á mátun í heildarlíkaninu mátti líka rekja til talsverðs fjölda atriðapara með fylgni milli villu (e. *correlated errors*) og atriða með hleðslu á aðra þætti en þeim er ætlað. Lítið er um rannsóknir á HEXACO-60 sem byggja á staðfestandi þáttagreiningu, en þær rannsóknir litu til mátunar á undirþáttum líkansins. Því er erfitt þegar þetta er skrifað að fara í djúpan alþjóðlegan samanburð á sambærilegum niðurstöðum á bæði þáttabyggingu og krosshleðslu. Þessi rannsókn tók á mátun á atriðum prófsins í heild og undirþáttum, ásamt því að rýna í fylgni heildarskors á undirkvörðum við aldur og kyn. Sú greining getur gefið rannsakendum og klínísku starfsfólki upplýsingar til að mynda sér skoðun á hvort þeir kjósi að vinna með tækið eða

ekki, þar sem undirkravarðar prófsins koma mjög mismunandi út úr þáttagreiningunni.

Sálfræðileg mælitæki þurfa stöðuga endurskoðun og ritrýni með hliðsjón af raunvísnum gögnum sem byggja upp þekkingargrunn um mælitækið. HEXACO-60 er engin undantekning á því. Þótt ekki séu til aðrar staðfestandi þáttagreiningar á íslenskri gerð HEXACO-60 eru til önnur gögn sem gera beinan samanburð kleifan. Til dæmis sýndu niðurstöður t-prófs að tengsl þáttanna við kyn og aldur samræmdu fyrri rannsóknunum, en einnig komu fram tengsl sem ekki hafa sést annars staðar sem væri áhugavert að skoða nánar. Sömuleiðis er fylgni milli þáttanna sambærileg við fyrri rannsóknir. Við lítum svo á að tími sé til kominn að endurskoða íslenska útgáfu HEXACO-60. Við teljum þó ekki að prófið sé ónýtt í núverandi mynd, enda virðast niðurstöður staðfestandi þáttagreiningarinnar ekki vera umtalsvert verri en oft sést í rannsóknunum á próffræðilegum eiginleikum. Sömuleiðis var áreiðanleiki svaranna sambærilegur við það sem sést hefur í öðrum rannsóknum. Við bendum sérstaklega á að undirkravarðar prófsins komu misvel út, og sú sundurliðun getur gefið bæði rannsakendum og klínísku starfsfólki færi á að meta hvaða próffræðilegu viðmið eru ásættanleg fyrir þær túlkningar sem þau vilja draga af gögnum sínum í hverjum aðstæðum fyrir sig. Ef HEXACO-60 er notað í hagnýtum tilgangi teljum við að það lúti almennum kostum og takmörkunum persónuleikaprófa, það er að þau virki best til viðmiðunar með öðrum mælitækjum, og þá liggi beint við að hafa fyrirvara við undirkravarðana eða prófið í heild eftir því sem fyrirhuguð túlkun á gögnunum gerir ráð fyrir. Viðmið Hair og félaga (2014) gefa vísbendingu um að atriði ættu helst að ná hleðslu $\geq 0,70$ og ekki vera undir $\geq 0,50$, þó 0,50 gæti verið ásættanleg hleðsla fyrir grunnrannsóknir. Þegar byrjað er að endurskoða og ritrýna atriðin á HEXACO-60 geta þessi viðmið, þó ströng séu, gefið vísbendingu um á hvaða atriðum ætti að byrja. Önnur vísbending um hvar má byrja að laga atriði má finna í fylgni milli villu og hleðslu atriða á aðra þætti en líkanið gerir ráð fyrir. Fylgni milli villu gefur vísbendingu um að atriði sem eiga að vera ólík séu of lík, það er

að orðalag þeirra sé of svipað eða að þau tákni sama flöt á hugsmíðinni þó líkanið segi til um annað. Krosshleðslur gefa á móti vísbendingar um hversu skýrt atriðin tákna það sem þeim er ætlað að tákna. Hugarferlaviðtöl eru enn ein leið til að betrubæta mælitæki. Í rannsókn okkar var nokkuð um að viðmælendum fyndist málfar fornlegt, eða að þeir skildu það jafnvel ekki. Við áframhaldandi þróun mælitækisins er vert að taka tillit til fylgni milli villu, krosshleðslna og hugarferlaviðtala, til hliðsjónar við þáttahleðslurnar sjálfar.

Stór kostur við þessa rannsókn að mati höfunda er að þetta er fyrsta staðfestandi þáttagreining á mælitækinu á íslensku. Hugsanleg takmörkun á rannsókninni, sem þó er tilefni til frekari rannsókna, er að hér er ekki farið í skoðun á samhliða réttmæti við önnur persónuleikapróf sem hafa verið lengur í notkun hér á landi. Úrtak rannsóknarinnar var heldur í minna lagi, en þó yfir lágmarksviðmiðum staðfestandi þáttagreiningar sem leggja til að úrtaksstærð sé þrisvar til tuttugu sinnum fjölda breytna í líkaninu (Mundfrom o.fl., 2005). Einnig mætti bæta upplýsingar um forspárréttmæti HEXACO-60-IS með því að skoða forspá þess við klínísk og önnur hagnýt mælitæki, og bera það saman við til dæmis forspá greindarprófa við slík matstæki. Það er handan efnissviðs þessarar greinar að bjóða upp á nýja gerð af HEXACO-60. Hins vegar höfum við fundið nokkra fleti mælitækisins sem við teljum tímann hafa unnið á, eins og gengur og gerist með sálfræðileg próf. Eiginleikar prófsins hafa að sumu leyti haldið sér, en á öðrum sviðum er þörf á endurbótum. Bestu niðurstöðurnar munu fást með því að réttmætisgagna sé aflað úr sem flestum raunvísnum áttum.

Testing the psychometric properties of the Icelandic version of HEXACO-60

The HEXACO model assumes that personality can be explained with six personality factors. The present study focused on the psychometric qualities of the Icelandic version of the HEXACO-60 personality inventory. Confirmatory factor analysis was used to assess factorial validity of the HEXACO-60. Correlation between the personality factors of the HEXACO was also examined, and the relationship between age, gender, and the six factors was examined. The sample consisted of 319 participants, aged 18 years and up. Internal consistency was acceptable for each of the six factors of the HEXACO-60, and for the measure as a whole. RMSEA and SRMR showed acceptable goodness-of-fit, but the chi-square, CFI, and TLI showed a poor fit. Factor loadings were in general less than optimal, with fewer than half the items meeting the ≤ 0.50 criteria for standardized loadings in confirmatory factor analysis. Sources of misfit were found among several pairs of items with correlated errors, and among items with loadings on one or more factors. Our results indicate that at least a partial revision of the HEXACO-60-IS is due, but we do not recommend against using the measure, if the appropriate caveats are taken in interpretation of the results.

Keywords: *Personality, validity, confirmatory factor analysis, HEXACO, six factor model.*

Emma E. Evudóttir is a graduate student at the Faculty of Psychology, University of Akureyri. Guðmundur T. Heimisson is an Associate Professor at the Faculty of Psychology, University of Akureyri. Correspondance concerning this article should be addressed to Emma E. Evudóttir, graduate student, Faculty of Psychology, University of Akureyri, Sólborg, Norðurslóð 2, 600 Akureyri. Email: ha180386@unak.is.

Heimildir

- American Educational Research Association, American Psychological Association, and the National Council on Measurement in Education (2014). *Standards for educational and psychological testing*. APA.
- Arbuckle, J. L. (2020). Amos (Version 27.0) [Computer Program]. Chicago: IBM SPSS
- Ashton, M. C. og Lee, K. (2009). The HEXACO-60: A short measure of the major dimensions of personality. *Journal of Personality Assessment*, 91, 340-345.
- Ashton, M. C., Lee, K., de Vries, R. E., Perugini, M., Gnisci, A. og Sergi, I. (2006). The HEXACO model of personality structure and indigenous lexical personality dimensions in Italian, Dutch, and English. *Journal of Research in Personality*, 40(6), 851-875.
- Ashton, M. C., Lee, K., og Goldberg, L. R. (2004). A Hierarchical Analysis of 1,710 English Personality-Descriptive Adjectives. *Journal of Personality and Social Psychology*, 87(5), 707-721. <https://doi.org/10.1037/0022-3514.87.5.707>
- Ashton, M. C., Lee, K., Perugini, M., Szarota, P., de Vries, R. E., Di Blas, L. o.fl. (2004). A six-factor structure of personality-descriptive adjectives: solutions from psycholexical studies in seven languages. *Journal of Personality and Social Psychology*, 86(2), 356-366.
- Babarović, T. og Šverko, I. (2013). The Hexaco Personality Domains in the Croatian Sample. *Društvena istraživanja/Journal for General Social Issues*, 22(3), 397-411.
- Bashiri, H., Barahmand, U., Akabri, Z. S., Hossein Ghamari, G. og Vusugi, A. (2011a). A Study Of The Psychometric Properties And The Standardization Of HEXACO Personality Inventory. *Procedia - Social and Behavioral Sciences*, 30, 1173-1176. <https://doi.org/10.1016/j.sbspro.2011.10.228>
- Boies, K., Yoo, T. Y., Ebacher, A., Lee, K. og Ashton, M. C. (2004). Validity studies psychometric properties of scores on the French and Korean versions of the HEXACO personality inventory. *Educational and Psychological Measurement*, 64(6), 992-1006.
- Costa, P. T. og McCrae, R. R. (1992). The five-factor model of personality and its relevance to personality disorders. *Journal of Personality Disorders*, 6(4), 343-359. <https://doi.org/10.1521/pedi.1992.6.4.343>
- De Raad, B. (1992). The replicability of the Big Five personality dimensions in three word classes of the Dutch Language. *European Journal of Personality*, 6, 15-29.
- De Raad, B., Barelds, D. P. H., Levert, E., Ostendorf, F., Mlačić, B., Blas, L. D., Hřebíčková, M., Szirmák, Z., Szarota, P., Perugini, M., Church, A. T., og Katigbak, M. S. (2010). Only three factors of personality description are fully replicable across languages: A comparison of 14 trait taxonomies. *Journal of Personality and Social Psychology*, 98, 160-173. <https://doi.org/10.1037/a0017184>
- De Vries, R. E., Lee, K. og Ashton, M. C. (2008). The Dutch HEXACO Personality Inventory: Psychometric properties, self-other agreement, and relations with psychopathy among low and high acquaintanceship dyads. *Journal of Personality Assessment*, 90(2), 142-151.
- Di Blas, L., og Forzi, M. (1999). Refining a descriptive structure of personality attributes in the Italian language: The abridged Big Three circumplex structure. *Journal of Personality and Social Psychology*, 76(3), 451-481.
- García, L. F., Aluja, A., Rossier, J., Ostendorf, F., Glicksohn, J., Oumar, B., Bellaj, T., Ruch, W., Wang, W., Kövi, Z., Ścigala, D., Čekrlja, Đ., Stivers, A. W., Di Blas, L., Valdivia, M., Ben Jemaa, S., Atitsogbe, K. A., og Hansenne, M. (2021). Exploring the stability of HEXACO-60 structure and the association of gender, age, and social position with personality traits across 18 countries. *Journal of Personality*, 90(2), 256-276. <https://doi.org/10.1111/jopy.12664>
- Goldberg, L. R. (1982). From ace to zombie: Some explorations in the language of personality. Í C. Spielberger og J. N. Butcher (ritstjórar), *Advances in personality assessment: Vol. 1*. (bls. 203-234). Hillsdale, NJ: Erlbaum.
- Goldberg, L. R. (1990). An alternative "description of personality": The Big-Five factor structure. *Journal of Personality and Social Psychology*, 59(6), 1216-1229. <https://doi.org/10.1037//0022-3514.59.6.1216>
- Guadagnoli, E., og Velicer, W. F. (1988) Relation of sample size to the stability of component patterns. *Psychological Bulletin*, 103(2), pp. 265-275
- Hahn, D. W., Lee, K. og Ashton, M. C. (1999). A factor analysis of the most frequently used Korean personality trait adjectives. *European Journal of Personality*, 13(4), 261-282.
- Hair, J. F., Black, W. C., Babin, B. J., og Anderson, R. E. (2014). *Multivariate data analysis* (7th ed.). Pearson Education Limited.
- IBM Corp. Released 2021. IBM SPSS Statistics for Windows, version 26.0 Armonk, NY: IBM Corp.

- Ion, A., Iliescu, D., Aldhafri, S., Rana, N., Ratanadilok, K., Widyanti, A., og Nedelcea, C. (2017). A cross-cultural analysis of personality structure through the lens of the HEXACO model. *Journal of Personality Assessment*, 99(1), 25–34.
- Lee, K. og Ashton, M. C. (2004). Psychometric properties of the HEXACO personality inventory. *Multivariate Behavioral Research*, 39(2), 329–358. https://doi.org/10.11207/s15327906mbr3902_8
- Lee, K. og Ashton, M. C. (2009). Re-analysis of the Structure of the Greek Personality Lexicon. *Journal of Cross-Cultural Psychology*, 40(4), 693–700.
- Lee, K. og Ashton, M. C. (2009). *History*. The Hexaco Personality Inventory – Revised. <https://www.hexaco.org/history>
- Moshagen, M., Thielmann, I., og Hilbig, B. (2019). Meta-analytic investigations of the HEXACO personality inventory(-revised): Reliability, generalization, self-observer agreement, intercorrelations, and relations to demographic variables. *Zeitschrift Für Psychologie*, 227(3). <https://doi.org/10.1027/2151-2604/a000377>
- Mundfrom, D. J., Shaw, D. G., og Ke, T. L. (2005). Minimum Sample Size Recommendations for Conducting Factor Analyses. *International Journal of Testing*, 5(2), 159–168. https://doi.org/10.1207/s15327574ijt0502_4
- Nunnally, J. C. (1978). *Psychometric theory* (2. útgáfa). McGraw-Hill.
- Rakel Jónsdóttir Guðmann. (2015). *Próffræðilegir eiginleikar íslenskrar útgáfu HEXACO-60 persónuleikaþrófsins* (óutgefin BS-ritgerð). Háskóli Íslands, Reykjavík.
- Thielmann, I., Akrami, N., Babarović, T., Belloch, A., Bergh, R., Chirumbolo, A., Čolović, P., de Vries, R. E., Dostál, D., Egorova, M., Gnisci, A., Heydasch, T., Hilbig, B. E., Hsu, K.-Y., Izdebski, P., Leone, L., Marcus, B., Međedović, J., Nagy, J., og Parshikova, O. (2019). The HEXACO–100 Across 16 Languages: A Large-Scale Test of Measurement Invariance. *Journal of Personality Assessment*, 102(5), 714–726. <https://doi.org/10.1080/00223891.2019.1614011>
- Tinna Hallsdóttir. (2016). *Próffræðilegir eiginleikar persónuleikaþrófsins HEXACO-60-IS fyrir eldri aldurshópa* (óutgefin BS-ritgerð). Háskóli Íslands, Reykjavík.
- Wakabayashi, A. (2014). A sixth personality domain that is independent of the Big Five domains: The psychometric properties of the HEXACO Personality Inventory in a Japanese sample. *Japanese Psychological Research*, 56(3), 211–223.
- Wasti, S. A., Lee, K., Ashton, M. C. og Somer, O. (2008). Six Turkish personality factors and the HEXACO model of personality structure. *Journal of Cross-Cultural Psychology*, 39(6), 665–684.

Viðauki 1

Atriði íslensku útgáfu HEXACO-60 með þáttahleðslur <0,50

Þættir og atriði	Staðlaðar hleðslur
<i>Samvinnuþýði</i>	
3. Ég er sjaldan langrækin(n), jafnvel þótt fólk hafi komið illa fram við mig*	0,38
27. Afstaða mín gagnvart fólki sem hefur komið illa fram við mig er að fyrirgefa þeim og gleyma *	0,39
9. Fólk segir mér stundum að ég sé of gagnrýnin(n) á aðra	0,44
33. Ég hef tillhneigingu til að vera mild(ur) í mati á öðru fólki *	0,47
51. Jafnvel þegar fólk gerir mikið af mistökum þá segi ég sjaldan eitthvað neikvætt	0,33
15. Fólk segir mér stundum að ég sé of þrjósk(ur)	0,42
39. Ég á það til að hagræða skoðunum mínum þegar fólk er ósammála mér *	0,03
57. Þegar fólk segir mér að ég hafi rangt fyrir mér þá eru fyrstu viðbrögð mín að þræta fyrir það*	0,31
<i>Samviskusemi</i>	
8. Ég legg oft hart að mér þegar ég reyni að ná tilteknu markmiði	0,34
32. Ég vinn eins lítið og ég kemst upp með	0,44
14. Þegar ég er að vinna að einhverju þá veiti ég smáatriðum ekki mikla athygli *	0,36
38. Ég reyni að vera nákvæm(ur) í starfi mínu þó það taki lengri tíma	0,45
50. Fólk kallar mig oft fullkomnunarsinna	0,29
20. Ákvarðanir mínar byggja á líðan minni þá stundina frekar en mikilli umhugsun *	0,44
56. Ég kys að gera það sem mér dettur í hug hverju sinni en að fylgja ákveðinni áætlun*	0,47
<i>Tilfinningasemi</i>	
11. Ég kemst stundum ekki hjá því að hafa áhyggjur af smávægilegum hlutum *	0,40
35. Ég hef mun minni áhyggjur en fólk almennt *	0,38
17. Þegar ég tekst á við erfiða reynslu þarf ég á öðrum að halda til að líða betur *	0,34
41. Ég get tekist á við erfiðar aðstæður án þess að þurfa tilfinningalegan stuðning frá öðrum*	0,45
<i>Úthverfa</i>	
11. Ég kemst stundum ekki hjá því að hafa áhyggjur af smávægilegum hlutum *	0,40
35. Ég hef mun minni áhyggjur en fólk almennt *	0,38
17. Þegar ég tekst á við erfiða reynslu þarf ég á öðrum að halda til að líða betur *	0,34
41. Ég get tekist á við erfiðar aðstæður án þess að þurfa tilfinningalegan stuðning frá öðrum*	0,45
<i>Heiðarleiki-auðmýkt</i>	
6. Ég myndi ekki smjæðra til að fá launa- eða stöðuhækkun í starfi, jafnvel þó ég teldi að það myndi virka *	0,39
30. Ef ég vil eitthvað frá einhverjum, hlæ ég jafnvel að lélegustu bröndurum viðkomandi	0,40
54. Ég myndi ekki þykjast líka vel við einhvern eingöngu til að fá viðkomandi til að gera mér greiða*	0,41
18. Ég tel það ekki mikilvægt að eiga mikið af peningum*	0,33
42. Ég myndi njóta þess að eiga dýra munaðarvöru*	0,37
24. Ég á skilið að mér sé sýnd meiri virðing en fólki almennt	0,32
48. Ég vil að fólk viti að ég er mikilvæg og mikils metin(n) manneskja	0,09
<i>Víðsýni</i>	
25. Ef tækifæri byðist myndi ég fara á klassíska tónleika *	0,48
37. Mér hefur oft verið sagt að ég hafi frjótt ímyndunarafl*	0,42
43. Mér líkar vel við fólk sem hefur óhefðbundnar hugmyndir *	0,27

*Atriði sem komu upp í hugarferlaviðtölum.

Íslensk útgáfa Bergen kaupfíknivæðans og sálfélagslegar skýringar á kaupfíkn

Ragna B. Garðarsdóttir
Sálfræðideild Háskóla Íslands

Fjóla Huld Sigurðardóttir
Landspítali Háskólasjúkrahús

Fræðimenn hafa ekki komist að niðurstöðu um bestu flokkun óeðlilegrar kauphegðunar, en flestir eru sammála um að hún beri einkenni hegðunarfíknar. Þar til nýlega hefur óeðlileg kauphegðun þó aðallega verið skilgreind og mæld sem árátthegðun eða hvatastjórnunarvandi. BSAS listinn er hannaður til að bæta skort á mælitæki á kaupfíkn. Listinn er hugsaður sem skimunartæki, er stuttur og metur sjö kjarnaþætti fíknar. Rannsóknir sýna ítrekað að efnishygga - trúin á sálrænan ábata neysluvarnings - ásamt annmörkum í sjálfsmynd fólks hafa sterk tengsl við kaupvanda. Tilgangur þessarar rannsóknar var að a) kanna próffræðilega eiginleika og hugsmiðaréttmæti íslenskrar útgáfu BSAS kvarðans, b) meta umfang kaupfíknar í stúdentaþýði, c) meta áhættuþætti kaupfíknar og d) prófa tveggja þátta líkan Dittmar um kaupfíkn sem sameinar efnishyggu og misræmi í sjálfsmynd. Spurningalisti var sendur með tölvupósti og svöruðu 624 háskólanemar listanum. Niðurstöður sýndu að BSAS hefur góða próffræðilega eiginleika og fylgni við mælingar sem ætlað var að meta hugsmiðaréttmæti. Miðað við þau greiningarviðmið sem höfundar BSAS leggja til greinast 11,2% svarenda með kaupfíkn. Efnishygga var sterkur áhættuþáttur fyrir kaupfíkn og mótaði einnig samband sjálfsmisræmis við kaupfíkn, því efnishyggnara sem fólk var því betur spáði sjálfsmisræmi fyrir um kaupfíkn, sem rennir stoðum undir tveggja þátta líkanið. Höfundar álykta að BSAS kvarðinn gæti hentað vel til skimunar á kaupfíkn og ítreka mikilvægi þess að sálfræðingar hafi efnishyggu í huga þegar kaupfíkn er meðhöndluð.

Efnisorð: Sálsmælingar, kaupfíkn, kaupárátta, sjálfsmisræmi, efnishygga.

„Þetta var orðið þannig að ég þurfti að koma heim með poka á hverjum einasta degi því annars leið mér eins og það vantaði eitthvað í líf mitt. Ef það var ekki bolur, buxur, kjóll eða skór þá dugði mér að fara í Ikea og kaupa rúmföt, eitthvað sem mig vantaði ekki einu sinni. Þetta var orðið þannig að ég var með sér rúm inni í aukaherbergi og það var bara fullt af fötum. Það var ekki einu sinni pláss inni í fataherberginu fyrir dóti mitt. ... Þá spyr hún [mamma] mig að því hvort það sé ekki eitthvað að angri mig. Hvort þetta sé ekki komið út fyrir það sem er eðlilegt. Hún pantar tíma hjá sálfræðing (sic.) og ég fer í meðferð (Vísir, 2015... <https://www.visir.is/g/2015888169d>).“

Vegna þess hve samofin kaup neysluvarnings eru hversdagslífi nútímamannsins getur óeðlileg eða óæskileg kauphegðun birst sem einkenni margra geðrænna vandamála, eins og hver önnur hegðun. Til að mynda er þekkt að óhöfleg

kaup eru algengt einkenni í oflæti (e. *mania*) og í söfnunaráratu (e. *hoarding*). Öll þekkjum við að hafa keypt meira en góðu hófi gegnir, og margir kannast við hvatvísi í innkaupum, en mikilvægt er að gera greinarmun á þess háttar kauphegðun og þeirri sem er lýst hér að ofan. Þar segir 24 ára íslensk kona frá baráttu sinni við þá tegund óeðlilegrar kauphegðunar, sem ýmist er

Höfundar þakka Daniel Ólasyni, prófessor við Sálfræðideild Háskóla Íslands fyrir veitta aðstoð á fyrstu stigum þessarar rannsóknar. Greinin byggir á meistaraverkefni Fjólu Huldar Sigurðardóttur.

Ragna B. Garðarsdóttir, P.Dhil. er prófessor í félagssálfræði við Sálfræðideild Háskóla Íslands. Fjóla Huld Sigurðardóttir er með M.S. gráðu í sálfræði frá Háskóla Íslands og starfar við rannsóknir á Landspítala Háskólasjúkrahúsi. Fyrirspurnum um greinina skal beina til Rögnu B. Garðarsdóttur, Sálfræðideild Háskóla Íslands, Nýja Garði, Sæmundargötu 12, 102 Reykjavík. Netfang: rbg@hi.is.

kölluð kaupfíkn (e. *buying/shopping addiction*) eða kaupárátta (e. *compulsive buying/shopping*). Bæði heitin eru notuð í fræðunum og báðum hefur verið lýst sem síendurtekinni og stjórnlausri þörf til að kaupa hluti til að losna undan vanlíðan, sem svo leiðir til meiri vanlíðanar og virknivandamála (Müller o.fl., 2021; Müller, Mitchell og Swann, 2015). Í þessari grein verða bæði hugtökin notuð eftir því um hvers konar rannsóknir ræðir hverju sinni.

Þótt fjallað hafi verið um sjúklega (e. *pathological*) og óhóflega (e. *excessive*) kauphegðun sem geðrænan kvilla í meira en öld (Kraepelin, 1915 í Benson, 2000) er hún ekki skilgreind sem röskun í fimmtu útgáfu geðgreiningarkerfis bandaríska geðlæknafélagsins (e. *Diagnostic and Statistical Manual of Mental Disorders, DSM-IV*) (American Psychiatric Association, 2013). Það ku vera vegna þess að fræðimenn koma sér ekki saman um hvort vandann skyldi flokka sem árátthegðun, sem hegðunarfíkn (eins og t.d. spilafíkn) eða sem hvatastjórnuarvanda, sem eðli málsins samkvæmt gerir höfundum flokkunarkerfa erfitt um vik (Black, 2022). Kaupárátta var flokkuð sem hvatastjórnuarvandi, ekki nánar skilgreindur (e. *impulse control disorder, not otherwise specified*), í endurskoðaðri fjórðu útgáfu geðgreiningakerfisins, DSM-IV-TR og er flokkuð sem slík í ICD-11 (WHO, 2019).

Sérfræðingar á sviðinu hafa barist fyrir því að kvillinn verði viðurkenndur sem sjálfstæð röskun. Müller og félagar (2021) hafa gefið út nákvæm greiningarviðmið og viðmið um mismunagreiningu sem byggja á samantekt sérfræðinga á alþjóðavísu. Þau leggja til að kvillinn verði kallaður *Compulsive buying-shopping disorder* (CBSD, sem myndi útleggjast sem kaupárátturöskun á íslensku), til samræmis við það heiti sem notað er í ICD-11. Þrátt fyrir þá nafngift kemur fram í samantekt Müller og félaga (2021) að 74% þeirra sérfræðinga sem tóku þátt í rannsókninni telja vandann eiga heima með fíknisjúkdómum.

Hugtakið kaupárátta (e. *compulsive buying* eða *CB*) er enn sem komið er algengara í vísindagreinum um málið, enda einkennist vandinn meðal annars af áráttekendum kaupum. Sumir

(t.d. Frost, Steketee, og Williams, 2002) hafa flokkað vandann með árátthegðun og þráhyggjuröskunum, en í nýlegri samantekt Müller o.fl. (2021) segja nú aðeins 2,5% sérfræðinga vandann eiga heima þar. Enda líkist sú kauphegðun sem um ræðir ekki árátthegðun og þráhyggjuröskunum (t.d. Black, Shaw og Blum, 2010; Müller o.fl., 2015). Til að mynda einkennist kauphegðunin ekki af síendurteknum seremóníum (e. *ritual*). Að auki nær árátthegðun og þráhyggjuhugtakið illa yfir þá „vímu“ (e. *shopping high* eða *buzz*) sem kauphegðunin veitir þeim sem af kvillanum þjást, eða það þol, stigmögnun og fráhvörf sem myndast, sem bendir frekar í átt til fíknar.

Flestir fræðimenn hallast sem sagt núorðið að fíkniskýringunni (Müller, 2021; Lawrence, o.fl., 2014), vitandi að fíknisjúkdómum fylgja árátthugsanir, og því sameini fíknilíkan vel öll einkenni vandans. Enn þykir sumum þó skortur á rannsóknum sem styðja við lífeðlislegan grunn vandans sem hegðunarfíkn. Rannsóknir hafa til dæmis ekki enn getað sýnt fram á að dópamín aukist og verðlaunabrautir heilans virkjast við innkaup eða að vandinn valdi skaða á miðtaugakerfi. Þar af leiðandi þóttu ekki enn næg rök fyrir því að hafa kaupfíkn með annarri hegðunarfíkn í DSM-V (Piquet-Pessoa o.fl. 2014; Müller o.fl., 2015). Birtingarmynd vandans er þó svipuð annarri hegðunarfíkn. Þau sem þjást af kaupfíkn ráða ekki við löngun sína eða fýsn (e. *craving*) til að kaupa og finnst þau knúin til að kaupa hluti. Rannsóknir á fýsn og rafleiðni í húð hafa sýnt að fólk sem er með kaupfíkn bregst sterkar við áreiti sem sýnir kaupvarning og greinir frá meiri fýsn í kjölfarið (Starcke, Schlereth, Domass, Schöler og Brand, 2013). Kauphegðunin er síendurtekin, þrátt fyrir neikvæðar afleiðingar hennar, svo sem á fjárhag og samskipti við aðra. Til skamms tíma losa kaupin fólk undan neikvæðum tilfinningum og margir lýsa einskonar vímu í kjölfar kaupa. Kauplöngunin kviknar vegna vanlíðanar, svo sem einkenna depurðar, kvíða eða streitu sem magnast þegar hegðunin hefur ekki verið stunduð í einhvern tíma. Einstaklingurinn leitast þá eftir því að minnka þessa vanlíðan, í svokölluðum sjálfshjálpartilgangi (e. *self-medication*), með því að stunda hegðunina aftur. Hann fær þá

neikvæða styrkingu fyrir þessa hegðun þar sem henni fylgir tímabundin lausn frá einkennum depurðar, kvíða og streitu, þannig að atferlið verður að ávana (Trotzke, Starcke, Müller og Brand, 2015).

Fylgiraskanir

Rannsóknir hafa sýnt að allt að 90-96% einstaklinga með kaupfíkn ná greiningarviðmiðum fyrir aðrar raskanir einhvern tímann á lífsleiðinni (Müller o.fl., 2015; Nicoli de Mattos o.fl., 2016). Algengast er að fólk greini frá kvíða og þunglyndi, eða um 60% (Müller o.fl., 2015; Nicoli de Mattos o.fl., 2016). Fylgni á milli þunglyndis og kaupfíknar hefur verið að mælast á bilinu $r = 0,18$ til $0,46$ sem er svipað og fylgni kaupfíknar og streitu, $r = 0,26 - 0,51$, en rannsóknir gefa til kynna sterkari tengsl kaupfíknar við kvíða, $r = 0,31 - 0,63$ (Andreassen, o.fl., 2015; Lam og Lam, 2017). Fast á hæla lyndisraskana fylgir vímuefnafíkn sem hefur talsverðan samslætti við kaupfíkn, 21-46% (Grant o.fl., 2010; Zarate, Ball, Montag, Prokofieva og Starvropoulos, 2022). Rannsóknir hafa bent til talsverðrar fylgni á milli kaupfíknar og söfnunarárættu (e. *hoarding*) (Lawrence, Ciorciari og Kyrios, 2014). Auk þessara kvilla hefur einnig verið greint frá neikvæðum tengslum kaupfíknar við sjálfsálit en jákvæðum tengslum við fullkomnunarárættu og erfiðleikum við ákvarðanatöku. Kaupfíkn getur einnig birst sem skortur á sjálfsstjórn en mikil hvatvísi er einkennandi fyrir einstaklinga sem missa stjórn á kauphegðun sinni (Müller o.fl., 2015). Þá hefur verið greint frá samslætti við átröskun, spilafíkn, internetfíkn, persónuleikaraskanir, og geðrofssjúkdóma (Müller o.fl., 2015).

Fólk sem þjáist af kaupfíkn er oft komið í mikinn samskiptavanda við sína nánustu (Müller o.fl., 2015) og í alvarlegar skuldir (Zhang, Brook, Leukefeld og Brook, 2016). Neikvæð fylgni er á milli fjármálastjórnunar og kaupfíknar (Garðarsdóttir og Dittmar, 2012). Það þýðir að fólk með kaupfíkn er oft minna meðvitað um fjármál sín, er líklegri en aðrir til að eyða um efni fram, missa tök á eyðslunni og hugsa lítið um afleiðingar þess.

Upphaf kaupfíknar er yfirleitt á milli tvítugs

og þrítugs (Koran, Faber, Aboujaoude, Large og Serpe, 2006). Rannsóknir ber ekki saman um hvort yngri eða eldri þátttakendur séu líklegri til að greinast með kaupfíkn (Dittmar, 2005b; Koran o.fl., 2006; Müller o.fl., 2015). Þá hafa rannsóknir sýnt annarsvegar fram á nokkuð jafnt kynjahlutfall (Koran o.fl., 2006; Müller o.fl., 2015; Nicoli de Mattos o.fl., 2016) og hins vegar að konur séu um 80-95% þeirra sem glíma við kaupfíkn (Black, 2001).

Mælingar á kaupfíkn

Allnokkur mælitæki eru til sem mæla vandann sem áráttu- eða hvatastjórnunarfyrirbæri. Það á til að mynda við um það mælitæki sem vitað er að hafi verið notað áður á Íslandi *Compulsive Buying Scale* (CBS, d'Astous, Maltais og Roberge, 1990; sjá í Garðarsdóttir og Dittmar, 2012). Próffræðilegir eiginleikar CBS og samþætilegra mælitækja hafa þó verið gagnrýndir (Manolis, Roberts og Kashyap, 2008) og að auki þykja þau of löng og orðin úrelt þar sem þau ná ekki yfir netverslun og halda ekki í við nýjustu tækni (t.d. atriði sem spyrja út í ávísanahefti). Til þess að bæta úr þessu hönnuðu Andreassen og félagar (2015) mælitækið *Bergen Shopping Addiction Scale* (BSAS). Markmið listans er að meta kaupfíkn út frá þeim sjö þáttum fíknar sem Brown (1993) og síðar Griffiths (2005) segja vera kjarna-einkenni fíknar: þungamiðju (e. *salience*), skapstjórnun (e. *mood modification*), ágreiningi (e. *conflict*), þoli (e. *tolerance*), falli (e. *relapse*), fráhröfnum (e. *withdrawal*), og afleiðingum (e. *resulting problem*). Listinn er stuttur, aðeins sjö atriði, þar sem eitt atriði mælir hvert kjarna-einkenni og er því hentugur bæði sem skimunartæki og sem hluti af lengri rannsókn. Listinn getur bæði átt við um netverslun og kaup í verslunarhúsnæði.

Frá því að mælitækið var gefið út hefur það verið notað í allnokkrum rannsóknum (t.d. Brunelle og Grossman, 2022; Lam og Lam, 2017) og þýtt yfir á nokkur tungumál (t.d. pólsku Uzarska, Czerwiński, og Atroszko, 2021) þar sem próffræðilegir eiginleikar þess hafa verið góðir. Nýleg svarferlagreining (e. *Item Response Theory examination*; Zarate, Fullwood, Prokofieva,

Griffiths og Stavropoulos, 2022) sýnir að öll sjö atriði kvarðans, í enskri útgáfu, hafi næga aðgreiningu og að aðgreining hafi verið nákvæmest á atriði fjögur sem mælir þol (Tafla 1). Þá greindu atriðin yfirleitt eins hjá báðum kynjum með þeirri undantekningu að karlar þurftu hærra skor á atriði tvö (skapstjórnun) til að atriðið greindi á milli þeirra sem voru háir og lágir á kvarðanum í heild.

Til þess að meta kaupfíkn er, að auki við BSAS, til mælitækið *Modified Drug and Alcohol Questionnaire* (m-Daq, Starcke o.fl., 2013). Það hefur verið notað í rannsóknum á lífeðlislegum grunni kaupfíknar sem snúast um að meta núverandi fýsn (e. *current craving*) í kjölfar birtingar áreitis (e. *cue-reactive craving*). M-Daq er aðlöguð útgáfa lista sem upprunalega var hannaður til að mæla fýsn í vímuefni. Sá listi er ekki hugsaður sem almennt mat á algengi einkenna en gagnast best til að meta tímabundna löngun til þess að kaupa.

Algengi

Allsherjargreining á kaupáráttu (Maraz, Griffiths og Demetrovics, 2016) metur algengi hennar um 4,8% meðal fullorðinna, en í rannsóknum spannar algengi allt frá 1,8% (Faber og McGuinn, 1992) upp í 22% (MacLaren og Best, 2010), allt eftir mælingum og úrtaki. Þessar mælingar miða allar við þá skilgreiningu að vandinn sé áráttutengdur og mælingarnar taka mið af því.

Algengi kaupfíknar eins og það hefur verið mælt með BSAS spannar frá 3,5% í pólsku úrtaki (Uzarska o.fl., 2021) upp í 13,8% (Lam og Lam, 2017) í alþjóðlegu úrtaki.

Fullyrt hefur verið að algengi kaupáráttu/fíknar sé að aukast á Vesturlöndum (t.d. Müller o.fl., 2015; Niedermoser o.fl., 2021) þótt sú óreiða sem ríkir í mælingum leyfi tæplega slíkar fullyrðingar. Bæði Niedermoser og félagar (2021) og Müller og félagar (2015) segja ástæður meintrar aukningar liggja í ríkjandi samfélagsgerð þar sem sálrænum ávinningi neysluvarnings er haldið að fólki með markaðssetningu.


Sálfélagslegar skýringar á kaupfíkn

Bent hefur verið á að klínískar skýringar dugi skammt til þess að skilja kaupfíkn, að mjög

mikilvægt sé að setja vandann í samfélagslegt samhengi, enda sé kaupfíkn ekki vandamál í samfélögum þar sem ekki er vestrænt markaðshagkerfi með tilheyrandi einkaneyslu (Black, 2001).

Mörg þeirra sem þjást af kaupfíkn nota aldrei vörurnar og fela þær fyrir nákomnum til að forðast ágreining og af skömm. Algengt er að vörurnar séu aldrei teknar úr umbúðunum eða búðarpokunum. Þótt hlutir tapi mikilvægi sínu um leið og þeir hafa verið keyptir (Faber og McGuinn, 1992), er það alls ekki tilviljun háð hvaða hlutir verða fyrir valinu. Vörurnar sem fólk með kaupfíkn kaupir tengjast yfirleitt sjálfsmýnd eða samfélagslega samþykktari mynd útávið (svo sem fatnaður eða skart). Til dæmis kaupir fólk oft hluti sem tengjast þeirri manneskju sem það óskar sér að vera, eins og föt í of litlu númeri sem það vildi gjarnan passa í (Dittmar, 2000). Enda hefur Dittmar (2005b) sýnt að kaupárátta tengist sjálfsmisræmi (e. *self-discrepancy*), sem er það misræmi sem getur skapast á milli þess hvernig við erum (raunsjálfi) og þess hvernig við vildum óska að við værum (óska sjálfi) (Higgins, 1987).

Annmarkar á sjálfsmýnd eða auðkenni fólks (e. *identity deficit*) eru einmitt einkennandi fyrir kaupfíkn (Moulding, Kings og Knight, 2021). Sér í lagi hefur verið sýnt fram á að sjálfsálit sem er háð ytra mati (e. *contingent self-esteem*) tengist kaupfíkn (t.d. Bioclati, 2017). Það að meta eigið virði út frá álit annarra leiðir til þess að fólk með kaupfíkn reiðir sig á útlit og táknrænar eigur til að ganga í augun á öðru fólki. Markaðssetning í neyslusamfélögum gengur út á að ljá eignum þessa táknrænu merkingu með því að flétta saman varningi og meintum sálrænum ávinningi hans, svo sem hamingju, vinsældum, fegurð eða samsömun með tilteknum samfélagshópum. Kenning Meads (1934) um táknræn samskipti (e. *symbolic interactionism*) útskýrir vel hvernig fólk skilgreinir sig og skilur aðra í gegnum táknræna merkingu hluta, sem virka þá sem einskonar tungumál. Af henni leiðir kenningin um táknræna sjálfsfyllingu (e. *symbolic self-completion theory*) (Wicklund og Gollwitzer, 1982), sem fjallar um þörf fólks til þess að bæta sér upp annmarka á eigin sjálfsmýnd á táknrænan hátt. Fólk sem



Mynd 1 Tveggja þátta skýringarlíkan Dittmar (2005b).

er efnishyggjið (e. *materialistic*) er líklegra til þess að stunda slíka táknræna sjálfsfyllingu (Dittmar, 2000).

Því þarf ekki að koma á óvart að efnishyggja eða efnishygginn lífsgildi (e. *Materialistic Value Orientation*) eru mjög einkennandi fyrir kaupfíkn. Fjöldi rannsókna hefur sýnt fram á meðalsterk eða sterk tengsl kaupfíknar við efnishyggju (Dittmar o.fl., 2014; Garðarsdóttir og Dittmar, 2012; Islam, Wei, Sheikh, Hameed og Azam, 2017). Islam o.fl. (2017) ganga svo langt að segja efnishyggju vera eina helstu orsök kaupfíknar. Efnishyggja er sú trú að hlutir og peningar geti ekki bara gert fólk hamingjusamara heldur séu til marks um velgengni, samfélagsstöðu og persónu eða auðkenni fólks. Peningar og hlutir verða þungamiðja í lífi fólks sem er efnishyggjið og það er líklegra til að eltast við hamingjuna með kaupum á hlutum heldur en með öðrum leiðum (Dittmar, Bond, Hurst og Kasser, 2014; Richins og Dawson, 1992). Þessi kjarnatrú á mátt efnislegra eigna er þó óraunhæf, þar sem rannsóknir sýna ítrekað að efnishyggja hefur neikvæð tengsl við margskonar mælingar á vellíðan og geðheilsu, hvað sem

orsakasamhengi líður (sjá allsherjargreiningu Dittmar o.fl., 2014). Efnishyggja sem kjarnaviðhorf er því byggð á þeirri hugsanaskekkju, sem samfélagsgerð okkar elur á, að sálrænan ábata sé hægt að kaupa sér í formi neysluvarnings.

Þessa tvo einkennandi þætti kaupfíknar, annmarka á sjálfsmynd annars vegar og efnishyggju hins vegar, sameinaði Dittmar (2005b) í tveggja þátta skýringarlíkan (e. *two-factor social psychological model*). Mynd 1 er skýringarmynd af líkaninu sem gerir ráð fyrir því að þeir sem eru háir á efnishyggju og háir á sjálfsmisræmi séu líklegri til að vera með kaupfíkn. Þeir sem mælast lágir á efnishyggju en háir á sjálfsmisræmi, bæta sér upp annmarkana á annan hátt en með efnislegum eigum. Þeir sem mælast lágir á sjálfsmisræmi, hafa tæpast annmarka til að bæta. Niðurstöður rannsókna Dittmar (2005b) sýndu að líkanið gat útskýrt stóran hluta af dreifingu kaupárattu; tæp 50% hjá konum og tæp 30% hjá körlum. Aðrir hafa skipt út mælingu á sjálfsmisræmi fyrir aðrar mælingar á annmörkum á sjálfsmynd; sjálfsálit (t.d. Roberts, Pullig og David, 2015), sjálfs-óvissu (e. *self-uncertainty*, Liu,

o.fl., 2022), og tvíbent sjálf (e. *self-ambivalence*, Frost, Kyrios, McCarthy, og Matthews, 2007) og fengið sambærilegar niðurstöður.

Markmið og tilgátur

Markmið þessarar rannsóknar eru að a) kanna prófhræðilega eiginleika og hugsmíðaréttmæti íslenskrar útgáfu BSAS kvarðans, b) meta umfang kaupfíknar í stúdentaþýði, c) meta áhættuþætti kaupfíknar og d) prófa tveggja þátta líkan Dittmar um kaupfíkn sem sameinar efnishyggju og misræmi í sjálfsmynd.

Að því er höfundar best vita er ekki til hentugt mælitæki á íslensku sem er sérhannað til að skima fyrir kaupfíkn. Samkvæmt höfundum BSAS hefur mælitækið þann kost að vera stuttur skimunarlisti sem myndar einn áreiðanlegan þátt. Því er fyrsta markmið rannsóknarinnar að kanna hvort BSAS kvarðinn í íslenskri þýðingu myndi einn áreiðanlegan þátt. Til að meta samleitniréttmæti BSAS könnum við fylgni þess við sambærilegar mælingar. Í Tilgátu 1 er því spáð að BSAS hafi sterka jákvæða fylgni við fýsn og styrkingu sem eru undirþættir fíknar. Til að renna frekari stöðum undir hugsmíðaréttmæti kvarðans er reiknuð fylgni hans við þekktu fylgikvilla kaupfíknar. Í tilgátu 2 er því spáð að BSAS kvarðinn hafi jákvæða fylgni við söfnunaráráttu, depurð, kvíða, og streitu, en neikvæða fylgni við fjármálastjórn. Í tilgátu 3 er því spáð að BSAS kvarðinn hafi jákvæða fylgni við þætti sem taldir eru sálfélagsleg rót kaupfíknar; sjálfsmisræmi og efnishyggju.

Til þess að skilja betur áhættuþætti kaupfíknar eru gerðar tvær greiningar. Í hinni fyrri er spáð fyrir um hlutfallslíkur á því að greinast með kaupfíkn út frá þekktum 'klínískum' fylgiröskunum og sálfélagslegum þáttum. Því er spáð (Tilgáta 4) að sálfélagslegar breytur skýri betur kaupfíkn heldur en 'klínískar' mælingar, enda eigi kaupfíkn sér samfélagslega rót. Einnig er tveggja þátta skýringarlíkan Dittmar (2005b) prófað með aðhvarfsgreiningu. Tilgáta 5 er að marktæk samvirkniáhrif séu á milli sjálfsmisræmis og efnishyggju í þá átt því meiri sem efnishyggja fólks sé, því líklegra sé að sjálfsmisræmi þess spái fyrir um kaupfíkn.

Aðferð

Þátttakendur og framkvæmd

Þátttakendur voru 624 nemendur við Háskóla Íslands. Tölvupóstur var sendur á alla nemendur sem skráðir voru í grunnnám við Háskóla Íslands, alls 9.125 nemendur og var svarhlutfall því lágt, aðeins 6,8%, þrátt fyrir eina ítrekun. Í tölvupóstinum var stutt kynning á rannsókninni og hlekkur sem flutti nemendur á vefsíðu QuestionPro. Á upphafssíðu rannsóknarinnar var ítarlegri kynning á rannsókninni og nemandanum gefinn kostur á að samþykka eða afþakka þátttöku. Ef viðkomandi samþykkti að taka þátt hófst þá þátttaka sem fól í sér að svara þeim spurningalistum sem lýst er hér auk bakgrunnsspurninga. Það tók þátttakendur um það bil 10-15 mínútur að svara. Af þeim 426 þátttakendum sem gáfu upp aldur sinn var meðalaldur 29,7 ár, $Sf=10,19$; $Mg=26$; $Spönn=18-73$ ára. Konur voru í meirihluta, $n=345$; 80,8%, þeirra sem gáfu upp kyn sitt, en 19%, $n=81$ skilgreindu sig sem karlkyns. Aðeins einn svarandi skilgreindi sig sem annað kyn og svör þess þátttakanda eru því ekki tekin með í kynskiptum greiningum. Langflestir höfðu lokið námi á framhaldsskólastigi, 75,6%, tæpur fimmtungur grunnnámi á háskólastigi, 18,3%, og 6,1% höfðu lokið framhaldsmenntun á háskólastigi og eru nú skráð í annað nám. Þátttakendur voru sjálfboðaliðar í rannsókninni. Sótt var um leyfi fyrir framkvæmd rannsóknarinnar til Vísindasiðanefndar (umsókn nr. VSN-19-111) og hún tilkynnt til Persónuverndar (málsnr. 2019112212).

Mælitæki

Spurningalisti var útbúinn með kvörðum sem mæla kaupfíkn, kvíða, þunglyndi, streitu, söfnunaráráttu, sjálfsmisræmi, efnishyggju og fjármálastjórn. Kvarðarnir birtust þátttakendum handahófskennt, með þeirri undantekningu að BSAS var alltaf fremstur og bakgrunnsspurningar alltaf aftastar. Stök atriði innan hvers kvarða birtust einnig handahófskennt. Þetta var gert til þess að koma til móts við þreytuhrif og jafna gagnagöt (e. *missing values*) þvert á kvarða.

Kaupfíkn var metin með tveimur listum sem báðir fóru í gegnum sama þýðingarferli. Þýðingu listans var þannig háttað að rannsakandi þýddi listann á íslensku og bar undir leiðbeinanda sem lagði mat á þýðinguna með enska útgáfu listans til hliðsjónar. Hvert atriði mælitækisins var lesið vel yfir og þýðingin lagfærð til að tryggja að atriðin væru skýr, vel skiljanleg og á góðu íslensku máli. Eftir þessa yfirferð var listinn forprófaður á litlu úrtaki. Þátttakendur voru beðnir um athugasemdir varðandi skilning á einstaka atriðum. Allar athugasemdir voru teknar til greina og samræmdar í lokaútgáfu mælitækisins, af rannsakanda og leiðbeinanda.

Fyrri listinn er íslensk þýðing *Bergen Shopping Addiction Scale* (Andreassen o.fl., 2015, íslensk þýðing Fjóla Huld Sigurðardóttir, 2020). Mælitækið byggir á áður nefndum sjö þáttum fíknar. Dæmi um fullyrðingu úr listanum er „Mér finnst ég þurfa að kaupa meira og meira til að fá sömu nautn út úr því og áður“. Listinn hefur að geyma sjö fullyrðingar sem svarað er á fimm punkta Likert stiku frá „algjörlega ósammála“ (0) til „algjörlega sammála“ (4). Í erlendra útgáfu (Andreassen o.fl., 2015) reyndist áreiðanleiki listans góður ($\alpha = 0,87$) og atriðin sjö hlöðu á einn þátt. Höfundar listans hafa lagt til að svari einstaklingur fjórum sinnum eða oftar *frekar sammála* eða *algerlega sammála* teljist mæta greiningarviðmiðum um kaupfíkn (Andreassen o.fl., 2015). Sú aðferð verður notuð í útreikningum á algengi hér, en ítrekað er að þessi viðmið á eftir að rannsaka betur, meðal annars í klínísku úrtaki. Meðaltal atriða kvarðans var einnig reiknað (sbr. leiðbeiningar frá höfundum Andreassen o.fl. 2015) þar sem hærra skor gefur til kynna meiri einkenni kaupfíknar. Það meðaltal var notað við útreikninga á tengslum við aðrar hugsmíðar.

Seinni listinn er íslensk útgáfa af *Modified Craving Questionnaire* (m-DAQ; Starcke, o.fl., 2013, ísl. þýðing Fjóla Huld Sigurðardóttir, 2020). Þýðingu listans var eins háttað og að ofan greinir. Listinn var upphaflega hannaður til að meta fýsn í fíkniefni og áfengi (*Drug and Alcohol Questionnaire* (DAQ); Love, James og Willner, 1998) en síðar breytt til að meta löngunina til að kaupa veraldlega hluti (Starcke

o.fl., 2013; Trotzke o.fl., 2014). Í listanum eru 14 fullyrðingar sem afstaða er tekin til á sjö punkta Likert stiku frá „algjörlega ósammála“ (-3) til „algjörlega sammála“ (3). Þáttagerð erlendu útgáfunnar gerir ráð fyrir fjórum þáttum. Í þessari rannsókn voru einungis notuð átta atriði sem mæla tvo þætti: 1. fýsn í að kaupa og 2. neikvæða styrkingu sem afleiðing kaupar. Áreiðanleiki erlendu útgáfunnar er góður, $\alpha = 0,85$ (Starcke o.fl., 2013), en sá áreiðanleikastuðull miðar við um öll 14 atriðin. Listinn hefur ekki áður verið notaður í íslenskri þýðingu svo ekki eru til eldri hérlandar tölfræðilegar upplýsingar. Okkar þáttagreining staðfestir þessa tvo þætti og alpha var yfir ,90 (Tafla 2).

Söfnunarárátta var metin með einum þriggja atriða undirkravða úr íslenskri útgáfu af *Obsessive Compulsive Inventory – Revised* (OCI-R; Foa o.fl., 2002; ísl. þýðing Ásdís Eyþórsdóttir og Jakob Smári) M. J. Kozak, P. Salkovskis, M. E. Coles, & N. Amir, 1998. OCI-R í fullri lengd hefur að geyma 18 fullyrðingar sem mæla sex undirkravða sem meta mismunandi einkenni árátta- og þráhyggju. Þátttakendur svara að hve miklu leyti einkennin hafa þjakað þá eða valdið óþægindum síðastliðinn mánuð á fimm punkta tíðnistiku frá „alls ekki“ (0) til „mjög mikið“ (4). Dæmi um fullyrðingu er „Ég safna hlutum sem ég þarfnast ekki“. Meðaltal atriða gefur til kynna hversu mikil einkenni söfnunarárátta viðkomandi hefur en hærra skor gefur til kynna meiri einkenni. Próffræðilegir eiginleikar íslenskrar útgáfu listans eru góðir; innri áreiðanleiki er 0,87 og endurprófunaráreiðanleiki frá 0,69 til 0,86 (Jakob Smári, Daniel Þór Ólason, Ásdís Eyþórsdóttir og Maj-Britt FrøLunde, 2007). Áreiðanleiki erlendu útgáfunnar er einnig góður, $\alpha = 0,81$ og 0,93 (Overduin og Furnham, 2012) en miða þessir áreiðanleikastuðlar við öll 18 atriðin.

Þunglyndi, kvíði og streita voru mæld með íslenskri þýðingu listans *Depression Anxiety Stress Scale* (DASS; Lovibond og Lovibond, 1995, ísl. þýðing Pétur Tyrfinngsson). Notuð var styttri útgáfa listans sem inniheldur 21 fullyrðingu í stað 42. Kvarðinn byggir á þremur undirkravörðum þar sem spurt er um líðan

síðastliðna viku: þunglyndi (t.d. „Ég virtist alls ekki geta fundið fyrir neinum góðum tilfinningum”), kvíða (t.d. „Ég fann fyrir munnþurki”) og streitu (t.d. „Mér fannst erfitt að slappa af”). Sjö fullyrðingar eru fyrir hvern undirkvarða. Svarað er á fjögurra punkta tíðnistiku frá „átti alls ekki við mig“(0) til „átti mjög vel við mig eða mest allan tímann“(3). Summa atriða hvers undirkvarða gefur til kynna hve mikil kvíða-, þunglyndis-, og streitueinkenni einstaklingurinn hefur. Skor ná frá 0 upp í 12 fyrir hvern undirþátt, þar sem hærra skor gefur til kynna alvarlegri einkenni. Áreiðanleiki íslenskrar útgáfu listans hefur reynst ásættalegur (þunglyndi $\alpha = 0,85$, kvíði $\alpha = 0,73$ og streita $\alpha = 0,82$; Björgvin Ingimarsson, 2010).

Sjálfsmisræmi var mælt með íslenskri útgáfu sjálfsmisræmiskvarða *Self-Discrepancies Scale* (Dittmar og Garðarsdóttir, 2010; ísl. þýðing: Ragna B. Garðarsdóttir og Ösp Árnadóttir, 2010). Kvarðinn mælir bæði magn misræmis milli raunsjálfs og óskasjálfs „Ég er langt frá því að vera eins og ég helst vildi“ og mikilvægi misræmisins „Ég hugsa mikið um það að vera öðruvísi en ég er”. Kvarðinn samanstendur af átta jákvætt og neikvætt orðuðum fullyrðingum sem svarað er á sjö punkta Likert mælistiku frá „að öllu leyti ósammála“(1) til „að öllu leyti sammála“(7). Öll atriði listans hlaða á einn þátt. Meðaltal atriða kvarðans gefur til kynna heildarsjálfsmisræmi einstaklings en hærra skor bendir til meira misræmis. Samleitniréttmæti kvarðans við önnur mælitæki á sömu hugsmið er gott og innri áreiðanleiki listans góður, $\alpha = 0,93$ (Ragnheiður G. Guðnadóttir og Ragna B. Garðarsdóttir, 2013).

Efnishyggja var mæld með níu atriða útgáfu kvarðans *Material Values Scale* (MVS, Richins 2004, íslensk þýðing Ragna B. Garðarsdóttir 2006). Kvarðinn metur þrjá undirþætti efnishyggju: velgengni, þungamiðju og hamingju, en kvarðann má einnig nota sem heild. Staðhæfingum er svarað á 7 punkta Likert stiku frá 1 „Algerlega ósammála“ til 7 „Algerlega sammála“. Dæmi um atriði er: „Ég væri hamingjusamari ef ég hefði efni á að kaupa fleiri hluti“. Áreiðanleiki listans er góður í erlendri útgáfu, $\alpha = ,84$ (Richins, 2004) og íslenskri, α

$= ,80$ (Garðarsdóttir og Dittmar, 2012). Meðaltal atriða kvarðans gefur til kynna heildarefnishyggju einstaklings þar sem hærra skor bendir til meiri efnishyggju.

Fjármálastjórn var metin með íslenskri þýðingu af listanum *Money Management Scale* (MMS, Garðarsdóttir og Dittmar, 2012, ísl. þýðing Ragna B. Garðarsdóttir). Um er að ræða 9 atriða lista sem svarað er á sex punkta kvarða frá „alls ekki líkt mér“(1) til „mjög líkt mér“(6). Atriðin hlaða á einn þátt. Dæmi um fullyrðing er „Ég geri nákvæma áætlun yfir útgjöld mín”. Meðaltal atriðanna gefur til kynna fjármálastjórnun, þar sem hærra skor bendir til betri stjórnunar. Áreiðanleiki listans er góður bæði í erlendri, $\alpha = 0,86$, (Garðarsdóttir og Dittmar, 2012) og íslenskri útgáfu, $\alpha = 0,88$; (Garðarsdóttir, 2006).

Bakgrunnsspurningar voru um kyn, aldur og hæsta stig menntunar sem þátttakandi hafði lokið.

Tölfræðileg úrvinnsla

Tölfræðileg úrvinnsla fór fram í forritinu SPSS útg. 27 (*Statistical Package for the Social Sciences*). Mynd 2 var gerð með Jamovi útg. 1.6.16.

Þar sem spurningalistinn var langur var kvörðum innan hans raðað handahófskennt, til þess að þreytuáhrif dreifðust jafnt á listana. Gagnagöt dreifðust því nokkuð jafnt, svipaður fjöldi svarenda datt út á hverjum kvarða (frá 20,4% til 22,1%). Allir 624 svörðu BSAS. Frekar en að eyða út gögnum var FIML aðferð uppreiknaðra gagnasetta talin lágmarka skekkju í niðurstöðum (Cheema, 2014). Fimm uppreiknuð gagnasett (e. *imputations*) voru búin til í forritinu SPSS þar sem allar breytur nema bakgrunnsbreytur voru teknar inn. Aðferð Markov Chain Monte Carlo (MCMC) með 10 ítrekunum (e. *iterations*) var notuð til þess að fylla upp í gögnin. Greint er frá samanteknum (e. *pooled*) niðurstöðum fyrir gagnasettin fimm, þar sem það er mögulegt, í kíkvaðrat, fylgnireikningum og aðhvarfsgreiningum.

Svörum var snúið við þar sem það þurfti í hverju mælitæki fyrir sig. Gerð var meginásasþáttagreining (e. *principal axis factoring*) með hornskökkum snúningi (e. *direct oblimin*), að

undangenginni forsenduþrófun með KMO og Bartlett's prófum. Cronbach's alfa áreiðanleiki mælitækjanna var reiknaður ásamt leiðréttri fylgni milli atriða og kvarða fyrir BSAS. Meðaltöl og staðalfrávik voru var reiknuð fyrir hvern og einn kvarða. Til að meta hugsmíðaréttmæti var Pearsons fylgni BSAS kvarðans við aðrar hugsmíðar reiknuð.

Áhættuþættir þess að mæta greiningarviðmiðum fyrir kaupfíkn voru metnir með aðhvarfsgreiningu hlutfalla (*logistic regression*) þar sem allar mælingar voru settar inn í líkanið í tveimur skrefum, fyrst 'klínískum' mælingum og síðar sálfélagslegum mælingum, til þess að hægt væri að bera saman skrefin. Það var gert með því að bera saman mátgæði líkana tveggja með kíkvaðrat prófi. Hver og ein mæling var notuð til þess að meta hlutfallslíkur (OR) á því að ná greiningarviðmiðum kaupfíknar á BSAS.

Til þess að meta tveggja þátta líkan Dittmar um sálfélagslegar forsendur kaupfíknar var að lokum gerð fjölbreytuaðhvarfsgreining þar sem efnishyggi, sjálfsmisræmi og samvirkni þeirra á milli spáðu fyrir um kaupfíkn. Eðli samvirkniáhrifa var kannað með því að meta einföld hrif (*Simple Slope* aðferð). Athugað var hvort samband milli sjálfsmisræmis (frumbreyta) og kaupfíknar (fylgibreyta) væri mótað af styrkleika efnishyggi (mótunarbreyta). Í þeirri aðferð eru gerðar þrjár aðhvarfsgreiningar þar sem áhrif frumbreytu á fylgibreytu eru metin út frá háum ($M + 1Sf$), lágum ($M - 1Sf$) og miðlungsháum (M) gildum mótandi breytu (e. *moderating variable*). Allar mælingar voru miðjusettar fyrir þá greiningu.

Niðurstöður

Próffræðilegir eiginleikar BSAS kvarðans

Fyrsta markmið rannsóknarinnar var að skoða þáttabyggingu BSAS kvarðans í íslenski útgáfu. Gögnin uppfylltu skilyrði þáttagreiningar. Niðurstöður Bartlett prófsins (*Bartlett's test of sphericity*) var marktækt, $\chi^2(21) = 2092,55, p < ,0001$. Viðmið KMO prófsins (*Kaiser-Meyer-Olkin Measure of Sampling Adequacy*) var 0,91

sem er ásættanlegt. Fylgni milli atriða var $r = ,43 - ,65$. Niðurstöður prófanna benda því til að gögnin henti vel til þáttagreiningar.

Eins og búist var við sýndi þáttagreining að einn þáttur hafði eigingildi hærra en einn. Skriðupróf staðfesti það. Þáttabygging íslenskrar útgáfu listans er því sambærileg erlendu útgáfunni (Andreassen o.fl., 2015). Í Töflu 1 má sjá þáttahleðslur atriðanna en þær voru allar yfir 0,64 og skýrði þátturinn 53,7% af heildardreifingu.

Áreiðanleiki kvarðans var góður, $\alpha = 0,88$, og hækkaði ekki við það að fjarlægja atriði (Tafla 1). Sundurgreiningarhæfni atriða var sömuleiðis ásættanleg, en hún var metin með því að reikna leiðrétta fylgni atriða við heildarkvarða (e. *corrected item-total correlation*).

Í Töflu 2 má sjá lýsandi tölfræði fyrir alla kvarða sem notaðir eru í rannsókninni og fylgni Pearsons. Þar má sjá að kaupfíkn hefur marktæka fylgni ($p < ,001$) við alla aðra kvarða sem skoðaðir voru.

Samleitniréttmæti BSAS kvarðans var metið með því að reikna fylgni hans við undirkvarða m-Daq, -fýsn og styrkingu - og var fylgnin há við báða þætti eins og sjá má í Töflu 2. Tilgáta 1 er því studd.

Reiknuð var fylgni BSAS kvarðans við þætti sem sýnt hefur verið að hafi samslátt við kaupfíkn. Meðalsterk fylgni var á milli BSAS kvarðans og söfnunaráráttu. BSAS kvarðinn hafði lága en marktæka fylgni við depurð og kvíða en ívið hærri fylgni við streitu og fjármálastjórn. Tilgáta 2 er studd. Í tilgátu 3 er því spáð að sjálfsmisræmi og efnishyggi, sem talin eru vera orsakathættir kaupfíknar, hafi jákvæða fylgni við BSAS. Tilgátan er studd, sterk jákvæð fylgni var á milli efnishyggi og BSAS en meðalsterk jákvæð fylgni á milli BSAS og sjálfsmisræmis.

Algengi kaupfíknar meðal þátttakenda var reiknað samkvæmt tillögu höfunda (Anderssen o.fl., 2015) þannig að þeir sem svara *frekar sammála* eða *algerlega sammála* fjórum sinnum eða oftar teljist mæta greiningarviðmiðum um kaupfíkn. Í ljós kom að 11,2% svarenda ná þessum viðmiðum; þar af 11,9% kvenna og 8,6% karla. Kíkvaðrat próf sýnir að ekki eru

Tafla 1 Þáttahleðslur, dreifing og alfa áreiðanleiki BSAS kaupfíknikvarðans

Atriði	Þáttahleðsla	Leiðrétt fylgni atriða	α án atriðis	Kjarnaeinkenni
1. Ég hugsa stanslaust um að kaupa hluti	,81	,74	,85	Þungamiðja
2. Ég kaupi hluti til að láta mér líða betur	,64	,60	,87	Skapstjórnun
3. Ég kaupi svo mikið að það hefur neikvæð áhrif á mínar daglegu skyldur (t.d. skóla eða vinnu)	,74	,68	,86	Ágreiningur
4. Mér finnst ég þurfa að kaupa meira og meira til að fá sömu nautn út úr því og áður	,77	,72	,85	Þol
5. Ég hef áður ákveðið að kaupa minna en ekki tekist það	,77	,71	,86	Fall
6. Mér líður illa ef eitthvað kemur í veg fyrir að ég geti keypt mér nýja hluti	,70	,66	,87	Fráhrörf
7. Ég kaupi svo mikið að það hefur slæm áhrif á líðan mína	,69	,65	,86	Afleiðingar

Aths. Cronbach's alpha = ,88; skýrð dreifni = 53,7%; eiginildi = 4,21

Tafla 2 Lýsandi tölfraeði, innri áreiðanleiki og fylgni milli allra mælinga.

	Spönn	M	Sf	α	N	1.	2.	3.	4.	5.	6.	7.	8.	9.	10.
1. Kaupfíkn (BSAS)	0-4	1,16	0,83	,88	624	-									
2. Efnishyggja	1-7	3,66	1,11	,85	497	,67	-								
3. Streita	0-12	5,99	4,37	,86	476	,33	,25								
4. Depurð	0-12	5,84	5,17	,91	476	,24	,19	,72							
5. Kvíði	0-12	3,29	3,78	,84	476	,28	,26	,68	,61						
6. Sjálfsmisræmi	1-7	3,73	1,35	,94	486	,37	,37	,54	,63	,47					
7. Fýsn	-12-12	-8,50	4,97	,91	496	,73	,59	,28	,25	,29	,34				
8. Styrking	-12-12	-8,88	4,89	,92	496	,68	,57	,27	,24	,23	,30	,77			
9. Söfnunarárátta	0-4	1,20	0,96	,81	496	,42	,32	,38	,28	,31	,30	,36	,29		
10. Fjármálastjórn	1-6	4,58	0,94	,88	493	-,36	-,27	-,26	-,21	-,18	-,26	-,28	-,27	-,37	

Aths. Allir fylgnistuðlar eru marktækir við $p < 0,001$

Tafla 3 Fjölbreytuaðhvarfsgreining hlutfalla, spá fyrir um hlutfallslíkur á því að mæta greiningarviðmiðum kaupfíknar.

	<i>B (S.E.)</i>	<i>Exp(B)</i> [95% ÖB]	<i>p</i>
<i>Skref 1 χ^2 (4) = 62,76***</i>			
Fasti	-3,93 (0,34)	0,02 [0,01, 0,04]	,000
Streita (DASS)	0,09 (0,06)	1,09 [0,97, 1,22]	,139
Depurð (DASS)	0,04 (0,04)	1,04 [0,95, 1,12]	,391
Kvíði (DASS)	-0,03 (0,05)	0,97 [0,88, 1,07]	,553
Söfnunaráráttá (OCI-R)	0,74 (0,15)	2,10 [1,55, 2,85]	<,000
<i>Skref 2 χ^2 (6) = 138,27***</i>			
Fasti	-8,91 (1,01)	0,00 [0,00, 0,00]	<,000
Streita (DASS)	0,07 (0,06)	1,07 [0,94, 1,21]	,289
Depurð (DASS)	0,05 (0,05)	1,05 [0,95, 1,15]	,318
Kvíði (DASS)	-0,08 (0,06)	0,92 [0,81, 1,04]	,175
Söfnunaráráttá (OCI-R)	0,51 (0,18)	1,67 [1,18, 2,37]	,004
Efnishyggi (MVS)	1,29 (0,21)	3,62 [2,39, 5,50]	<,000
Sjálfsmisræmi (SDS)	0,02 (0,16)	1,03 [0,75, 1,41]	,878

*** $p < ,001$

marktæk tengsl milli kyns og þess að uppfylla greiningarviðmið kaupfíknar, χ^2 (1, $N = 426$) = 0,690, $p = 0,406$. Þó ber að geta þess að konur, $M = 1,17$; $Sf = 0,85$, voru með marktækt hærra meðalskor, $t(132,284) = 3,44$; $p < 0,001$ á BSAS kvarðanum en karlar, $M = 0,84$; $Sf = ,75$, og eru því mögulega berskjaldaðri fyrir kaupfíkn en þeir. Ekki var marktækur munur á aldri þeirra sem uppfylla, $M = 27,64$; $Sf = 7,03$, og uppfylla ekki, $M = 29,93$; $Sf = 10,51$, greiningarviðmið, $t(424) = 1.463$, $p = ,144$. Veik neikvæð fylgni var á milli aldurs og meðalskors á BSAS, $r = -,13$, $p < 0,01$.

Fjölbreytuaðhvarfsgreining hlutfalla var gerð til þess að bera saman þá þætti sem klínískar rannsóknir annars vegar og félagssálfræðilegar rannsóknir hins vegar hafa bent á sem áhrifaþætti kaupfíknar. Fylgibreyta var tvíkösta mæling á kaupfíkn þar sem 1 þýðir að greiningarviðmiðum sé náð og 0 þýðir að greiningarviðmiðum sé ekki náð. Frumbreytur voru settar

inn í tveimur skrefum. Í fyrsta skrefi (Tafla 3) voru streita, kvíði, depurð og söfnunaráráttá látin spá fyrir um líkindi á að mæta greiningarviðmiðum fyrir kaupfíkn. Líkanið var marktækt χ^2 (4) = 62,763, $p < 0,001$. Skýrð dreifing með þessum breytum er áætluð um 9,5% (Cox & Snell R^2) og 19% (Nagelkerke R^2). Líkanið flokkaði 89,3% tilfella rétt. Í öðru þrepi var efnishyggi og sjálfsmisræmi bætt við líkanið. Það líkan var marktækt betra en hið fyrra, χ^2 (2) = 75,507, $p < ,001$, og líkanið sjálft marktækt χ^2 (6) = 138,271, $p < ,001$. Þessar tvær breytur tvöfölduðu skýrða dreifingu sem jókst upp í 20% (Cox & Snell R^2) og 39% (Nagelkerke R^2) og það líkan flokkaði rétt 90% tilfella.

Tafla 3 sýnir hallastuðla og hlutfallslíkur beggja líkana og að hlutfallslíkur á að mæta greiningarviðmiðum rúmlega þrefaldast fyrir hverja einingu sem efnishyggi hækkar, $Exp(B) = 3,62$. Hlutfallslíkur á að mæta greiningarviðmiðum fyrir kaupfíkn aukast um 67% fyrir hverja

Tafla 4 Niðurstöður marghliða aðhvarfsgreiningar þar sem kaupfíkn er skýrð út frá efnishyggju, sjálfsmisræmi og samvirkni þeirra á milli.

	<i>B (SE)</i>	95% öryggisbil <i>B</i>	<i>t</i>	<i>p</i>
Fasti	-0,34 (0,23)	-0,79 - 0,10	-1,508	,132
Efnishyggja	0,32 (0,06)	0,19 - 0,44	5,074	< ,000
Sjálfsmisræmi	-0,08 (0,06)	-0,19 - 0,04	-1,261	,208
Sjálfsmisræmi * Efnishyggja	0,04 (0,02)	0,01 - 0,07	2,742	,006

Tafla 5 Tengsl sjálfsmisræmis við kaupfíkn eftir því hvort efnishyggja mælist lág, miðlungs eða há.

Efnishyggja	β	<i>B (SE)</i>	95% öryggisbil <i>B</i>	<i>t</i>	<i>p</i>
Lág (-1 <i>Sf</i>)	0,05	0,04 (0,04)	-0,03 – 0,11	1,10	,270
Meðal (<i>M</i>)	0,13	0,11 (0,03)	0,05 – 0,16	3,94	< ,001
Há (+1 <i>Sf</i>)	0,22	0,18 (0,04)	0,10 – 0,26	4,42	< ,001


einingu sem söfnunarárátta hækkar, $Exp(B) = 1,67$ Aðrir þættir spáðu ekki marktækt fyrir um líkindi á að greinast með kaupfíkn. Tilgáta 4 telst studd að því leiti að sálfélagslegar breytur skýrðu stærri hluta dreifingarinnar en þær klínísku gerðu samanlagt.

Til þess að prófa tveggja þátta skýringarlíkan Dittmar (Tilgáta 5) var gerð fjölbreytuaðhvarfsgreining þar sem sjálfsmisræmi og efnishyggja og samvirkni þeirra á milli spáðu fyrir um meðalskor á BSAS. Líkanið skýrir 48,4% í dreifingu BSAS og var marktækt, $F(3,620) = 193,61$, $p < 0,001$. Tafla 4 sýnir hallastuðla ásamt 95% öryggisbili. Kaupfíkn hefur meðalsterk jákvæð tengsl við efnishyggju. Sjálfsmisræmi og kaupfíkn hafa aftur á móti ekki marktæk bein tengsl. Samvirknistuðull er þó marktækur eins og tveggja þátta líkanið spáir fyrir um og samvirkni var því skoðuð nánar. Tafla 5 sýnir niðurstöður greiningar á einföldum hrifum þar sem tengsl kaupfíknar og sjálfsmisræmis eru metin við háa, miðlungs og lága efnishyggju. Þar má sjá að þegar efnishyggja er meðalsterk eða há eru tengsl sjálfsmisræmis og kaupfíknar marktæk, en þau eru ekki marktæk þegar efnishyggja er lág. Þetta er stuðningur við Tilgátu 5 og tveggja þátta líkan Dittmar. Mynd 2 sýnir aðhvarfslínu, ásamt öryggisbili,

milli sjálfsmisræmis og kaupfíknar fyrir þrjá styrkleika efnishyggju.

Umræða

Fyrsta markmið rannsóknarinnar var að kanna prófðilega eiginleika, sem og samleitni- og forspárréttmæti íslenskrar útgáfu BSAS kvarðans. Sýndu niðurstöður að íslensk útgáfa kvarðans hafði einn áreiðanlegan þátt líkt og í upprunalegri útgáfu (Andreassen o.fl., 2015) og í erlendum þýðingum (t.d. Uzarska o.fl., 2021). BSAS hafði sterk tengsl við tvo undirþætti m-Daq mælitækis sem metur fýsn og styrkingu, einkenni fíknar. Það rennir stöðum undir samleitniréttmæti kvarðans. BSAS hafði einnig marktæka fylgni við mælingar á þekktum fylgiröskunum, afleiðingum og mögulegum orsökum kaupfíknar, sem rennir stöðum undir hugsmíðaréttmæti kvarðans. Algengi kaupfíknar meðal svarenda mældist 11,2%, en varlega skal farið í að yfirfæra þá tölu yfir á þýðið, vegna dræmrar svörunar. Ekki var marktækur munur á algengi kaupfíknar á milli karla og kvenna, né eftir aldri. Stærsti áhættuþáttur kaupfíknar var efnishyggja, en söfnunarárátta jók einnig hlutfallslíkur á að greinast með kaupfíkn. Niðurstöður studdu tveggja þátta líkan Dittmar um



Mynd 2 Tengsl sjálfsmisræmis og kaupfíknar fyrir fólk sem mælist, lágt, meðalhátt og hátt á efnishyggju.

forsendur kaupfíknar. Efnishyggja hafði sterka forspá um kaupfíkn, en kaupfíkn og sjálfsmisræmi höfðu ekki bein tengsl þegar stjórnað var fyrir efnishyggju, enda er vitað að efnishyggja hefur fylgni við sjálfsmisræmi (sjá t.d. Dittmar o.fl., 2014). Tengsl milli sjálfsmisræmis og kaupfíknar voru háð styrkleika efnishyggju á þann hátt að því meiri sem efnishyggja fólks var, því líklegra var að sjálfsmisræmi þess spáði fyrir um kaupfíkn, eins og líkanið spáir.

Fylgnimælingar sýndu að BSAS hafði sterkari fylgni við fýsn og styrkingu heldur en við söfnunaráráttu, sem styður þá hugmynd að kaupfíkn eigi meira skylt við hegðunarfíkn en við raskanir á áráttu- og þráhyggjurófi, líkt og Lawrence og félagar (2014) hafa bent á. Fylgni kaupfíknar við söfnunaráráttu var þó meðalsterk, líkt og fyrri rannsóknir á söfnunaráráttu sem fylgiröskun kaupfíknar hafa sýnt.

Fjármálastjórn hafði neikvæða fylgni við kaupfíkn eins og búast mætti við. Fólk sem þjáist af kaupfíkn hefur oftast en ekki misst stjórn á fjármálum sínum, sem svo aftur getur til dæmis leitt til vanlíðanar og sambandsferiðleika. Kaupfíkn hafði einnig væga til meðalsterkra fylgni við kvíða, depurð, streitu og sjálfsmisræmi, sem gefur til kynna þá vanlíðan

og annmarka í sjálfsmynd sem sögð er fylgja kaupfíkn. Rannsóknir hafa ekki skorið úr um orsakasamhengi lyndisraskana og kaupfíknar. Mögulegt er að fólk með þunglyndi og kvíða leiti í kaup með það að leiðarljósi að minnka vanlíðan (Müller o.fl., 2015) þar sem þeir fá oft „kikk“ við að kaupa sér nýjan hlut. Á hinn bóginn getur verið að ávaninn sé farinn að valda streitu, kvíða og þunglyndi. Þegar stjórnað var fyrir áhrifum söfnunaráráttu, hurfu tengsl streitu, þunglyndis og kvíða við kaupfíkn, sem gæti gefið til kynna að ávaninn og sú áráttu sem honum fylgir valdi einkennum lyndisraskana, frekar en á hinn veginn.

Höfundar BSAS hafa lagt til greiningarviðmið fyrir kaupfíkn, en setja þann varnagla við tillögu sína að þau hafi ekki verið rannsökuð til hlítar. Miðað við þau greiningarviðmið kljást 11,2% okkar svarenda við kaupfíkn, en svarhlutfall í rannsókninni var of lítið til þess að hægt sé að alhæfa það hlutfall yfir á stærri hóp. Þetta er hátt hlutfall miðað við þau 4,8% sem allsherjargreining Maraz og féлага (2016) bendir til að sé meðalalgengi kaupfíknar. Karlar og konur voru jafn líkleg til þess að uppfylla greiningarviðmið í þessum svarendahópi. Það er í takt við rannsóknir sem benda til þess að ekki

sé lengur kynjamunur á algengi kaupfíknar (t.d. Nicoli de Mattos, o.fl., 2016). Aðrar rannsóknir hafa fundið yfirgnæfandi tíðni meðal kvenna. Eins og oft vill verða í rannsóknum sem reiða sig á sjálfboðaliða voru mun færri karlar meðal þátttakenda, sem gæti skekkt niðurstöður. Það er mögulegt að þeir karlar sem kusu að taka þátt hafi haft meiri áhyggjur af eigin kauphegðun en þeir sem ekki kusu að taka þátt, og það skýri meiri einkenni þeirra á meðal. Aftur á móti má segja það sama um konurnar. Svarhlutfall var mjög lágt og því alveg eins líklegt að aðeins þær konur sem höfðu áhyggjur af eigin kauphegðun hafi tekið þátt í rannsókninni en hinar ekki. Þó er ekki hjá því litið að konur voru með hærra meðalskor á BSAS sem gefa mögulega vísbendingu um að konur séu berskjaldaðri fyrir kaupfíkn.

Seinni markmið rannsóknarinnar voru að fá skilning á áhættuþáttum og mögulegum skýringum á kaupfíkn. Efnishyggja var langstærsti áhættuþátturinn fyrir því að greinast með kaupfíkn, þótt stjórnað hafi verið fyrir þekktar fylgiraskanir, svo sem kvíða, þunglyndi og söfnunaráráttu. Greining á tveggja þátta líkani Dittmar sýndi einnig að efnishyggja mótar samband sjálfsmisræmis og kaupfíknar. Sjálfsmisræmi hafði áhrif á kaupfíkn aðeins hjá þeim sem voru með miðlungssterka eða sterka efnishyggju. Þessi samvirknihrif eru stuðningur við líkan Dittmar (2005b). Í framtíðarrannsóknum gæti verið fróðlegt að hafa fleiri mælingar á annmörkum í sjálfsmynd og háðu sjálfsáliti eins og aðrar rannsóknir hafa gert (Bioclati, 2017; Liu, o.fl., 2022) til þess að skoða sjálfstæð tengsl sjálfsmyndar við kaupfíkn.

Sé það rétt að kaupfíkn sé vaxandi vandamál, bæði meðal karla og kvenna og óháð aldri, ber að taka henni alvarlega. Kaupfíkn getur haft alvarlegar afleiðingar fyrir fjárhag, sambönd og líðan fólks. Hagnýtur ávinningur rannsóknarinnar fyrir sálfræðinga er stutt, áreiðanlegt mælitæki sem nota má í rannsóknum og til að skima fyrir kaupfíkn meðal skjólstæðinga. Þar sem kaupfíkn hefur verið afgangsstærð í DSM er ekki víst að klínískir sálfræðingar geri sér að fullu grein fyrir alvarleika hennar og óvíst að þeim detti kaupfíkn í hug sem aðalvandamál

skjólstæðinga. Vakni grunur um kaupfíkn hjá skjólstæðingi mælum við með því að leggja BSAS skimunarprófið fyrir og fylgja svo viðmiðum Müller og féлага (2021) um greiningu og mismunagreiningu, til þess að útiloka aðrar skýringar á óeðlilegri kauphegðun, svo sem oflæti. Skimist skjólstæðingur fyrir kaupfíkn er mikilvægt að líta til sálfélagslegra þátta við meðhöndlun. Ekki er nægilegt að meðhöndla fylgiraskanir, til dæmis kvíða, þunglyndi eða söfnunaráráttu. Niðurstöður þessarar rannsóknar benda ótvírætt til þess að efnishyggja sé sterkur áhættuþáttur sem taka verði fullt tillit til við meðhöndlun á kaupfíkn. Mikilvægt er að takast á við óraunhæfar væntingar fólks um sálrænan ábata af því að kaupa sér fjöldaframleiddan varning, á sama hátt og tekist er á við aðrar hugsanaskekklur eða kjarnaviðhorf.

An Icelandic version the Bergen Shopping Addiction Scale and psychosocial determinants of shopping addiction

Scholars have not reached a consensus on the proper classification of problematic shopping behaviour, although most now agree that it can be best understood from an addiction perspective. Yet, until recently, problematic shopping has most commonly been defined and measured as a compulsion or impulse control disorder. To rectify the noticeable absence of a shopping addiction measurement the authors of The Bergen Shopping Addiction Scale, created a short diagnostic scale measuring seven core components of addiction. Materialism, a strong belief in the supposed psychological benefits of material possessions, has repeatedly been associated with problematic shopping, along with deficits in self or identity. The purpose of the present study is to a) test the psychometric properties and construct validity of the Icelandic translation of the BSAS, b) assess the prevalence of shopping addiction in a student population, c) to measure risk factors associated with shopping addiction and d) test Dittmar's social psychological model of shopping addiction comprising of identity deficits and materialism. A questionnaire was sent via email to undergraduate university students, resulting in 624 responses. The results showed that the Icelandic BSAS has good psychometric properties. Following the cut-off guidelines of BSAS authors, 11,2% of our sample met the criteria for buying addiction. Materialism was a strong risk factor for buying addiction and moderated the association between self-discrepancies and shopping addiction, providing support for Dittmar's two factor model.

The results demonstrate that the expected psychological benefits derived from buying consumer products were the best predictors of shopping addiction. Therefore, practicing psychologists would be ill advised to disregard psychosocial explanations when treating shopping addiction.

Keywords: psychometrics, shopping addiction, compulsive buying, self-discrepancy, materialism.

Ragna B. Garðarsdóttir is a Professor of Social Psychology at the Faculty of Psychology, University of Iceland. Fjola Huld Sigurðardóttir has an M.S. in psychology from the University of Iceland. Correspondence concerning this article should be addressed to Ragna B. Garðarsdóttir, Professor, Faculty of Psychology, University of Iceland, Nýi Garður, Sæmundargata 12, 102 Reykjavík, Iceland. E-mail: rbg@hi.is.

Heimildir

- Andreassen, C. S., Griffiths, M. D., Pallesen, S., Bilder, R. M., Torsheim, T. og Aboujaoude, E. (2015). The Bergen Shopping Addiction Scale: reliability and validity of a brief screening test. *Frontiers in Psychology*, 6. doi:10.3389/fpsyg.2015.01374
- American Psychiatric Association. (2013). Diagnostic and statistical manual of mental disorders (fimmta útgáfa). Washington: APA
- Benson, A. (2000). *I Shop, therefore I am*. Maryland, Rowman & Littlefield.
- Biolcati, R. (2017) The Role of Self-esteem and Fear of Negative Evaluation in Compulsive Buying. *Frontiers in Psychiatry*, 8(74). doi: 10.3389/fpsyg.2017.00074
- Björgvin Ingimarsson. (2010). Prófræðilegt mat á DASS sjálfsmataskvarðanum: þunglyndi, kvíði og streita. Óbirt Cand.Psych-ritgerð: Háskóli, Íslands, Sálfræðideild.
- Black D.W. (2001). Compulsive buying disorder: definition, assessment, epidemiology and clinical management. *CNS Drugs*, 15, 17–27. <https://doi.org/10.2165/00023210-200115010-00003>
- Black, D. W., Shaw, M. og Blum, N. (2010). Pathological gambling and compulsive buying: do they fall within an obsessive-compulsive spectrum? *Dialogues in Clinical Neuroscience*, 12(2), 175–185.
- Brown, R. I. F. (1993). Some contributions of the study of gambling to the study of other addictions. In W. R. Eadington & J. Cornelius (Eds.), *Gambling behavior and problem gambling* (pp. 341–372). University of Nevada Press.
- Brunelle, C., & Grossman, H. (2022). Predictors of online compulsive buying: The role of personality and mindfulness. *Personality and Individual Differences*, 185 doi:10.1016/j.paid.2021.111237
- Cheema, J. R. (2014). Some general guidelines for choosing missing data handling methods in educational research. *Journal of Modern Applied Statistical Methods*, 13(2), 3. <https://doi.org/10.22237/jmasm/1414814520>
- Dittmar, H. (2000). The role of self-image in excessive buying. In A. Benson (Ed.), *I shop, therefore I am: "Compulsive" buying and the search for self* (pp. 105–132). New York: Aronson.
- Dittmar, H. (2005a). Compulsive buying - a growing concern? An examination of gender, age, and endorsement of materialistic values as predictors. *British Journal of Psychology*, 96(4), 467–491. doi:10.1348/000712605X53533
- Dittmar, H. (2005b). A New Look at "Compulsive Buying": Self-Discrepancies and Materialistic Values as Predictors of Compulsive Buying Tendency. *Journal of Social and Clinical Psychology*, 24(6), 832–859. doi:10.1521/jscp.2005.24.6.832

- Dittmar, H. og Garðarsdóttir, R. B. (2010). *Self-Discrepancy Scale*. Óútgefið mælitæki.
- Faber, R. J., & O'Guinn, T. C. (1992). A clinical screener for compulsive buying. *Journal of Consumer Research*, 19(3), 459–469. <https://doi.org/10.1086/209315>
- Foa, E. B., Huppert, J. D., Leiberg, S., Langner, R., Kichic, R., Hajcak, G. og Salkovskis, P. M. (2002). The Obsessive-Compulsive Inventory: Development and validation of a short version. *Psychological Assessment*, 14(4), 485–496. doi:10.1037/1040-3590.14.4.485
- Frost, R. O., Steketee, G. og Williams, L. (2002). Compulsive buying, compulsive hoarding, and obsessive-compulsive disorder. *Behavior Therapy*, 33(2), 201–214. doi:10.1016/S0005-7894(02)80025-9
- Frost, R.O., Kyrios, M., McCarthy, K.D., Matthews, Y. (2007). Self-ambivalence and attachment to possessions. *Journal of Cognitive Psychotherapy*, 21(3), 232–42. DOI:10.1891/088983907781494582
- Garðarsdóttir, R. B. (2006). *Materialism, income and money motives as influences on subjective well-being: A comparison between the UK and Iceland*. Unpublished doctoral thesis, University of Sussex, United Kingdom.
- Garðarsdóttir, R. B. og Dittmar, H. (2012). The relationship of materialism to debt and financial well-being: The case of Iceland's perceived prosperity. *Journal of Economic Psychology*, 33(3), 471–481. doi:10.1016/j.joep.2011.12.008
- Grant, J. E., Potenza, M. N., Weinstein, A. og Gorelick, D. A. (2010). Introduction to Behavioral Addictions. *The American Journal of Drug and Alcohol Abuse*, 36(5), 233–241. doi:10.3109/00952990.2010.491884
- Griffiths, M. (2005). A 'components' model of addiction within a biopsychosocial framework. *Journal of Substance Use*, 10(4), 191–197. <https://doi.org/10.1080/14659890500114359>.
- Higgins, E. T. (1987). Self-discrepancy: a theory relating self and affect. *Psychological Review*, 94(3), 319–340.
- Islam, T., Wei, J., Sheikh, Z., Hameed, Z. og Azam, R. I. (2017). Determinants of compulsive buying behavior among young adults: The mediating role of materialism. *Journal of Adolescence*, 61, 117–130. doi:10.1016/j.adolescence.2017.10.004
- Jakob Smári, Daniel Þór Ólason, Ásdís Eypórsdóttir og Maj-Britt Frølund. (2007). Psychometric properties of the Obsessive Compulsive Inventory-Revised among Icelandic college students. *Scandinavian Journal of Psychology*, 48(2), 127–133. doi:10.1111/j.1467-9450.2007.00574.x
- Koran, L. M., Faber, R. J., Aboujaoude, E., Large, M. D. og Serpe, R. T. (2006). Estimated prevalence of compulsive buying behavior in the United States. *The American Journal of Psychiatry*, 163(10), 1806–1812. doi:10.1176/ajp.2006.163.10.1806
- Lam, L. T. og Lam, M. K. (2017). The association between financial literacy and Problematic Internet Shopping in a multinational sample. *Addictive Behaviors Reports*, 6, 123–127. doi:10.1016/j.abrep.2017.10.002
- Lawrence, L. M., Ciorciari, J., og Kyrios, M. (2014). Relationships that compulsive buying has with addiction, obsessive compulsiveness, hoarding, and depression. *Comprehensive Psychiatry*, 55(5), 1137–1145. doi:10.1101.016/j.comppsy. 2014.03.005
- Liu, Y., Unger, A., Bi, C., Papastamatelou, J., & Raab, G. (2022). Online Compulsive Buying as a Coping Strategy for Self-Uncertainty: The Moderating Role of Gender in China. *Journal of Internet Commerce*, 21(4), 418-437, DOI: [10.1080/15332861.2021.1988242](https://doi.org/10.1080/15332861.2021.1988242)
- Love, A., James, D. og Willner, P. (1998). A comparison of two alcohol craving questionnaires. *Addiction (Abingdon, England)*, 93(7), 1091–1102.
- Lovibond, P. F. og Lovibond, S. H. (1995). The structure of negative emotional states: Comparison of the depression anxiety stress scales (DASS) with the Beck depression and anxiety inventories. *Behaviour Research and Therapy*, 33(3), 335–343.
- Manolis, C., Roberts, J. A., & Kashyap, V. (2008). A critique and comparison of two scales from fifteen years of studying compulsive buying. *Psychological reports*, 102(1), 153–165. <https://doi.org/10.2466/pr0.102.1.153-165>
- MacLaren, V. V. og Best, L. A. (2010). Multiple addictive behaviors in young adults: Student norms for the Shorter PROMIS Questionnaire. *Addictive Behaviors*, 35(3), 252–255. doi:10.1016/j.addbeh.2009.09.023
- Maraz, A., Griffiths, M. D. og Demetrovics, Z. (2016). The prevalence of compulsive buying: a meta-analysis. *Addiction (Abingdon, England)*, 111(3), 408–419. doi:10.1111/add.13223
- Mead, G.H. (1934). *Mind, Self, and Society*. Chicago: University of Chicago Press
- Moulding, R., Kings, C., and Knight, T. (2021). The things that make us: self and object attachment in hoarding and compulsive buying-shopping disorder. *Current Opinion in Psychology*, 39, 100–104. doi:10.1016/j.copsyc.2020.08.016
- Müller, A., Mitchell, J. E. og Zwaan, M. de. (2015). Compulsive buying. *American Journal on Addictions*, 24(2), 132–137. doi:10.1111/ajad.12111

- Nicoli de Mattos, C., Kim, H. S., Requião, M. G., Marasaldi, R. F., Filomensky, T. Z., Hodgins, D. C. og Tavares, H. (2016). Gender Differences in Compulsive Buying Disorder: Assessment of Demographic and Psychiatric Co-Morbidities. *PLoS One*, 11(12), e0167365. doi:10.1371/journal.pone.0167365
- Overduin, M. og Furnham, A. (2012). Assessing obsessive-compulsive disorder (OCD): A review of self-report measures. *Journal of Obsessive-Compulsive and Related Disorders*, 1, 312–324. doi:10.1016/j.jocrd.2012.08.001
- Piquet-Pessôa, M., Ferreira, G.M., Melca, I.A. et al. (2014). DSM-5 and the Decision Not to Include Sex, Shopping or Stealing as Addictions. *Current Addiction Reports* 1, 172–176. <https://doi.org/10.1007/s40429-014-0027-6>
- Ragna B. Garðarsdóttir og Ösp Árnadóttir. (2010). *Sjálfsmisræmiskvarðinn*. Óbirt þýðing.
- Ragnheiður G. Guðnadóttir og Ragna B. Garðarsdóttir. (2013). Forspárréttmæti Sjálfsmisræmiskvarðans og tengsl sjálfsmisræmis við liðan.
- Richins, M. og Dawson, S. (1992). A Consumer Values Orientation for Materialism and Its Measurement. *Journal of Consumer Research*, 19, 303–16. doi:10.1086/209304
- Roberts, J. A., Pullig, C., & David, M. (2019). *Family conflict and adolescent compulsive buying behavior. Young Consumers*, 20(3), 208–218. doi:10.1108/yc-10-2018-0870
- Starcke, K., Schlereth, B., Domass, D., Schöler, T. og Brand, M. (2013). Cue reactivity towards shopping cues in female participants. *Journal of Behavioral Addictions*, 2(1), 17–22. doi:10.1556/JBA.1.2012.012
- Trotzke, P., Starcke, K., Müller, A. og Brand, M. (2015). Pathological Buying Online as a Specific Form of Internet Addiction: A Model-Based Experimental Investigation. *PLoS ONE*, 10(10), 1–17. doi:10.1371/journal.pone.0140296
- Uzarska, A., Czerwiński, S. K., & Atroszko, P. A. (2021). Measurement of shopping addiction and its relationship with personality traits and well-being among polish undergraduate students. *Current Psychology: A Journal for Diverse Perspectives on Diverse Psychological Issues*. Advance online publication. <https://doi.org/10.1007/s12144-021-01712-9>
- Vísir. (2015). Kaupfíknin fyllti tómarúm: „Þurfti að kaupa eitthvað nýtt á hverjum degi“. Sótt af <https://www.visir.is/g/2015888169d>
- Wicklund, R. A. og Gollwitzer, P. M. (1982). *Symbolic self-completion*. Lawrence Erlbaum Associates. Sótt 24. mars 2021 af <https://nyuscholars.nyu.edu/en/publications/symbolic-self-completion>
- WHO. (2019). *International classification of Diseases updated 09/2019* (11th revision). Sótt af <https://icd.who.int/en/>, 13 nóvember 2022.
- Zarate, D., Ball, M., Montag, C., Prokofieva, M., & Stavropoulos, V. (2022). Unravelling the web of addictions: A network analysis approach. *Addictive Behaviors Reports*, 15. doi:10.1016/j.abrep.2022.100406
- Zarate, D., Fullwood, L., Prokofieva, M., Griffiths, M. D., & Stavropoulos, V. (2022). Problematic shopping behavior: An item response theory examination of the seven-item bergen shopping addiction scale. *International Journal of Mental Health and Addiction*, doi:10.1007/s11469-022-00844-8
- Zhang, C., Brook, J. S., Leukefeld, C. G. og Brook, D. W. (2016). Associations between compulsive buying and substance dependence/abuse, major depressive episodes, and generalized anxiety disorder among men and women. *Journal of Addictive Diseases*, 35(4), 298–304. doi:10.1080/10550887.2016.11778

Eftirmæli um Pál Magnússon sem lést í september 2021

Páll fæddist í október 1952 og var því tæplega 69 ára þegar hann lést. Hann nam sálfræði við Sorbonne háskólann í París, lauk meistaraþráðu árið 1976 og diplómu í klínískri sálfræði árið eftir. Löggildingu til sálfræðistarfa á Íslandi fékk hann sama ár. Árið 1980 réð hann sig á Barna- og unglingageðdeild Landspítalans og vann þar til 2013 en þá færði hann sig yfir á göngudeild Geðsviðs LSH við Hringbraut. Páll var stundakennari við HÍ á árunum 1983-2000, aðjúnt frá 2010 og sinnti einnig stundakennslu við KHÍ. Hann rak eigin sálfræðistofu frá 1983 og var ráðgefandi sérfræðingur við Greiningarstöð. Páll var einn af frumkvöðlunum að stofnun Ofvirkniteymis BUGL við lok síðustu aldar. Hann var teymisstjóri þess teymis og brautryðjandi í faglegum vinnubrögðum við mat og meðferð ADHD þ.m.t. klínískar leiðbeiningar. Meðal annarra verkefna stóð Páll að þjálfun og handleiðslu sálfræðinga sem hann gerði af mikilli fagmennsku og áhuga. Hann handleiddi einnig stóran hóp nema og rannsakenda, auk þess að koma að og stýra fjölmörgum rannsóknum. Páll var einnig duglegur að birta greinar og var iðinn við að fræða annað fagfólk sem og almenning um ADHD og einhverfu. Páll hætti störfum á LSH 2016 eftir langt og farsælt starf í þágu sálfræðinnar.

Við Palli hittumst fyrst að vori á Hótel Borg í gegnum sameiginlegan vin. Þeir voru þá báðir við nám í París, Palli í sálfræði og hinn í mannfræði. Sjálfur var ég í sálfræðinámi sunnar í sama landi, þannig að ekki vantaði umræðuefnin. Í samræmi við árstíðina voru það þó ekki sálfræðilegar þælingar sem réðu ríkjum hjá okkur Palla heldur miklu frekar stangveiðar með flugu. Þarna voru lögð drög að vinskapi sem hélt alla ævi. En samskipti okkar takmörkuðust ekki aðeins við veiðiskap, heldur vorum við einnig fagmenn sem störfuðu á sama vettvangi og samstarfsmenn í fjölmörgum rannsóknum sem flestar snérust um raskanir í taugabroska, þá sérstaklega einhverfu.

Það var fljótlega uppúr 1980 að við fréttum af magnaðri silungsveiði í Laxá í Mývatnssveit sem varð okkur svo kær að við stunduðum hana samfelldu hátt í fjóra áratugi. Fyrstu árin bjuggum við í tjöldum á árbakkanum og þar urðu oft langir „vinnudagar“. Sem unnendur þessa landsvæðis gátum við ekki staðið hjá þegar vanhugsaðar áætlanir um að koma laxi í auknum mæli upp fyrir stíflu Laxár án þess að velta fyrir sé afleiðingunum fyrir hinn náttúrulega urriðastofn árinna. Andmæltum við þessum áformum í ítarlegri grein sem birtist í Mbl. 15. Júní 1989 og bar fyrirsögnina „Til varnar urriðanum“. Vorum við alltaf sannfærðir um að þetta framtak hafi skipt máli við að stöðva þessa vitleysu.

Þegar Palli kom heim frá námi réð hann sig fljótlega á BUGL og helgaði sig einhverfunni frá upphafi og varð fljótlega í framvarðarsveit á Íslandi fræðilega og faglega. Það var svo um 1990 að Greiningarstöðin fór að hasla sér völl í greiningu á einhverfu hjá börnum. Hélt það í hendur við mikla fjölgun tilvísana, ekki síst frá barnadeild Landakotsspítala. Þar sem Palli var óumdeildur sérfræðingur á þessum vettvangi, blasti við að Greiningarstöðin leitaði eftir aðgangi að þekkingu hans. Það var á svipuðum tíma sem við sátum saman á heimili hans og handsöluðum þá ákvörðun okkar, að þessi aukning á tíðni einhverfu, sem við skynjuðum og mældum, krefðist rannsókna af okkar hálfu.

Palli hafði fylgst mjög náið með því sem var að gerast á heimsvísu á þeim tíma en þá fór fram endurskoðun á fjölþjóðlegum greiningar- og flokkunarkerfum (ICD-10 og DSM-IV) sem leiddu til nýrra skilgreininga á einhverfu. En þetta varðaði ekki aðeins nýjar skilgreiningar heldur einnig ný greiningartæki. Þeirra mikilvægast var Autism Diagnostic Interview-Revised, eða greiningarviðtal fyrir einhverfu, skammstafað ADI-R. Palli var meðal þeirra fyrstu til að taka þátt í námskeiði um notkun ADI-R. En ekki nóg með það heldur snaraði hann því yfir á íslensku með góðri aðstoð frá samstarfsmönnum

og erlendum höfundum greiningartækisins, sem allt var fólk í fararbroddi í rannsóknum á einhverfu á heimsvísu. Það var svo fyrir tilstilli Páls sem ákveðið var síðla árs 1992, að í hvert sinn sem vísað væri barni með grun um einhverfu á BUGL eða Greiningarstöð, þá yrði stuðst við ADI-R. Með því að ADI-R varð hluti af stöðluðu greiningarferli sem var mjög líkt á milli BUGL og Greiningarstöðvar, urðu gögnin sem mynduðust við þjónustuna mun verðmætari en ella. Þetta kom strax í ljós og Íslensk erfðagreining leitaði eftir samstarfi við stofnanirnar um og upp úr aldamótum. Þá var þessi greiningarvinna metin af þeim gæðum að ekki þurfti neinu að bæta við til skilgreiningar á einhverfutilfelli og þannig gátu börn og fullorðnir orðið beinir þátttakandur í rannsóknum á erfðum einhverfu.

Til allrar lukku fyrir okkur hin, þá var Palli mikill málamaður. Það sést meðal annars á vönduðum þýðingum hans. Með þýðingum á skimunar- og greiningartækjum fyrir einhverfu og ADHD skapaði hann orðaforða á íslensku, sem lifir enn góðu lífi. Að því leyti á Palli það sameiginlegt með Bjarna Fel, hinum aldna íþróttafréttamanni, en sá skapaði orðfæri sem er notað til að lýsa knattspyrnuleikjum enn þann dag í dag. Lýkur þar með þessari samlíkingu við Bjarna Fel en Palli var engin áhugamaður um fótbolta. Ef síminn hringdi í miðri beinni útsendingu, þá vissi ég að það var hann.

Rannsóknarsamstarfið sem hófst í stofunni heima hjá honum á Bragagötunni mallaði stöðugt. Fyrsta formlega kynningin á því fór fram þegar hann hélt skörulega tölu á ráðstefnu í Barcelona árið 1996 um algengi einhverfu á Íslandi. Síðan bættist við samstarf við HÍ og Íslenska erfðagreiningu. Starfsmenn ÍE voru fljótir að átta sig á styrkleikum Palla og var hann eftirsóttur sem ráðgjafi varðandi svipgerðarmælingar bæði vegna einhverfu og ADHD. Tengslin við Háskóla Íslands voru til að byrja með fyrst og fremst við Jakob Smára heitinn, sem var okkur afar mikilvægur og á þeim skala var missir okkar jafnframt mikill þegar hans naut ekki lengur við.

Eftir aldamótin hafði Palli í mörg horn að líta. Hann var sérfræðingur og yfirsálfræðingur á BUGL, ráðgefandi á Greiningarstöð, með einn dag í viku á stofu, leiðbeindi, kenndi, hélt námskeið, var ráðgefandi við dómstóla og þátttakandi í rannsóknum o.fl. Það var á þessum tíma sem hann tók þátt í að setja á laggirnar sjálfseignarstofnun sem bar nafnið Barnarannsóknir. Var hún samsett af þverfaglegum hópi sem rannsakaði heilsu, hegðun og þroska 5 ára barna.

Í ársbyrjun 2017 hlotnaðist mér sú ánægja að taka við Heiðursverðlaunum Sálfræðingafélags Íslands fyrir hönd Palla, en hann var þá staddur í útlöndum. Árlega auglýsir félagið eftir tilnefningum til heiðursverðlauna sem veitt eru einstökum félagsmönnum. Verðlaunin eru ætluð sálfræðingum sem eiga skilið virðingarfyllt fyrir störf sín, hafa skarað fram úr og verið öðrum fyrirmynd í starfi. Þetta átti svo sannarlega við um Palla. Hann var óumdeildur frumkvöðull á vettvangi einhverfunnar og ADHD á Íslandi. Sem sérfræðingur á BUGL hafði hann skarpa sýn á mikilvægi víxlverkunar milli klíníks starfs og rannsókna. Fyrirmyndir hans komu m.a. frá Institute of Psychiatry, London, ekki síst Michael Rutter, mögnuðum fræðimanni og klíniker.

Þegar fór að hylla undir starfslok Palla samkvæmt svokallaðri 95 ára reglu, þá hætti hann á BUGL en varði nokkrum árum í að byggja upp sérþekkingu á einhverfu og ADHD hjá starfsmönnum geðdeildar LSH vegna fullorðinna skjólstæðinga. Skapaði hann ásamt félögum sínum verklag í kringum greiningu einhverfu og ADHD, sem byggði á gagnreyndum aðferðum, en á slíkri þjónustu er mikill hörgull hér á landi.

Þau sem til þekkja eru sammála um að eftir ótímabært andlát eiginkonu hans, Vallýjar Jóhannsdóttur, hafi Palli aldrei verið sami maður. Frumkvæði til samskipta minnkaði og stundum þurfti að hafa fyrir því að fá að koma í heimsókn. Fyrir nokkrum árum fór hann í mjaðmaraðgerð sem tókst ekki vel. Þetta mein hafði m.a. áhrif á hreyfanleika og endaði með því að hann treysti sér ekki til að veiða lengur.

Nú er Palli allur. Að lokum vil ég þakka honum samfylgdina og gefandi vinskapi. Ég sakna þess nú þegar að hafa ekki lengur aðgang að framsýninni, yfirveguninni, íhygliinni og réttsýninni sem voru hans leiðarljós.

Evald Sæmundsen

Titlar lokaritgerða í námi á meistara- og doktorsstigi í sálfræði við Háskóla Íslands haust 2021 til haust 2022

(Flestar ritgerðirnar má nálgast í heild á www.skemman.is)

MS-ritgerð í Hagnýtri sálfræði, kjörsvið: Klínísk sálfræði

Arnar Pálsson. *Tengsl áfallasögu í æsku við heilabrot á fullorðinsárum.*

Árný Árnadóttir. *Hugnæmi sem næmisþáttur í þunglyndi: Samanburður á mæliaðferðum í hópum fyrrum þunglyndra og heilbrigðra þátttakenda.*

Ástrós Elma Sigmarsdóttir. *Tíðni geð- og taugabroskaraskana í klínísku úrtaki: Aldurs- og kynjadreifing hjá börnum og unglingum á aldrinum 6 til 18 ára.*

Ásvaldur Sigmar Guðmundsson. *Dregið úr áleitnum áfallaminningum með sjónrýmdarverkefni í fjar meðferð: Slembirðuð frumrannsókn.*

Bergþóra Þórsdóttir. *Skimunarhæfni Fjölpáttakviðakvarða fyrir börn (Multidimensional Anxiety Scale for Children) í klínísku úrtaki.*

Edda Björk Þórðardóttir. *Áföll í æsku og áfallatengd svefnvandamál: Lýðgrunduð rannsókn á 29,496 konum.*

Elin Margrét Ólafsdóttir. *Samanburður á skimunarhæfni Tilfinningalistans (RCADS) á Litlu Kvíðameðferðarstöðinni og Barna- og unglingageðeild Landspítala (BUGL).*

Emilía Ásta Jacqueline Giess. *Áhrif ósérhæfðrar meðferðar á sjálfsmynd ungmenna með geðvanda.*

Ernir Númi Hrafnsson. *Tengsl samskipta við liðan á tímum COVID-19: Hlutverk sóttkvíar.*

Eygló Björnsdóttir. *Áhrif kvíða-, depurðar- og streitueinkenna foreldra á meðferðarárangur ósérhæfðrar meðferðar við tilfinningavanda unglinga.*

Guðmundur Sigurðsson. *Spá breytingar í grufli í núvitundarmiðaðri hugrænni meðferð fyrir um endurtekið þunglyndi í eins árs eftirfylgni.*

Gunnar Snorri Árnason. *Þáttagreining á íslensku útgáfunni af PCL-5: Ein vidd eða fjórar?*

Helen Marie Frigge. *Rannsókn á tengslum bakgrunns við tilvísana- og greiningarmynstur meðal barna með grun um taugabroskaröskun.*

Laufey Svafa Rúnarsdóttir. *Liðan og þjónustunýting einstaklinga með sögu um vanrækslu í æsku sem sækja geðheilbrigðisþjónustu.*

Lilja V. Segler Guðbjörnsdóttir. *Samræmi ungmenna og foreldra í mati á geðrænum vanda og áhrif þess á matmannaáreiðanleika.*

Margrét Nílsdóttir. *Tengsl hugræns sveigjanleika við vanabundið hugarjörtur.*

Ólöf Unnar Traustadóttir. *Breytingar á kvíðaeinkennum barna eftir Bragðlaukaþjálfun: Samanburður á börnum með og án taugabroskaraskana.*

Sara Teresa Jónsdóttir. *Hugræn færni og taugafræðilegir þættir í áráttu- og þráhyggjuröskun barna og unglinga, fyrir og eftir meðferð.*

Snæbjört Sif Jóhannesdóttir. *Áhrif áleitinna áfallaminnna á önnur geðræn einkenni meðal íslenskra kvenna: Slembirðuð samanburðarrannsókn.*

Sólrún Erlingsdóttir. *Forspárgildi SWAN spurningalistans um lesfimi barna í íslensku úrtaki.*

Unnur Benediktsdóttir. *Próffræðilegir eiginleikar íslenskrar þýðingar EmetQ-13 og SPOVI í klínísku úrtaki.*

MS-próf í hagnýtri sálfræði: Meginleg sálfræði

Bára Elísabet Dagsdóttir. *Task and Ego Orientation in Sport Questionnaire: Mokken greining.*

Guðrún Margrét Jóhannesdóttir. *Notkun tvenndarlikana í sálfræðilegum prófum - Talnalykill: Mælingar.*

Katrín Arndis B Magneudóttir. *Próffræðileg athugun á talnaðfærni í fyrsta bekk grunnskóla og breytingum á eiginleikum atriða yfir tíma.*

Sigurjón Guðjónsson. *Brottfall í stuttum þáttakendapanelum.*

Unnar Geirdal Arason. *Próffræðileg athugun matstækja á stærðfræði-kunnáttu grunnskólabarna í úrtaki foreldra og nemenda.*

Titlar lokaritgerða í námi á meistara- og doktorsstigi í sálfræði við Háskóla Íslands haust 2020 til haust 2021 (Flestar ritgerðirnar má nálgast í heild á www.skemman.is)

MS-próf í hagnýtri sálfræði: Samfélag og heilsa/samfélag og umhverfi

Heiðrún Una Unnsteinsdóttir. *Einmanaleiki og félagsleg einangrun meðal aldraðra: Tengsl við lífsfélagslega þætti, þörf á þjónustu og viðhorf.*

Kristín Edda Óskarsdóttir. *Á valdi neyslumennningar: Rannsókn á tengslum sálfélagslegra þátta og fataneyslu.*

Þórunn Björg Guðmundsdóttir. *Lystigarður möguleikanna: árangursprófun loftslagsfræðslu í sýndarveruleika.*

MS-próf í hagnýtri atferlisgreiningu

Alla María Heimisdóttir. *Atferlisíhlutun í umhverfisvanrækslu: Matslistinn CLEAN og söfnunarárátta.*

Erla Sif Sveinsdóttir. *Áhrif endurgjafar kennara á námsástundun: Athugun í öðrum grunnskóla.*

Helga Maggý Magnúsdóttir. *Áhrif endurgjafar kennara á námsástundun: Endurtekning í grunnskóla, fjórum árum síðar.*

Perla Ósk Young. *Matslistinn CLEAN og atferlisleg íhlutun í barnavernd vegna vanrækslu á aðbúnaði barna.*

MS-próf í Umhverfis- og auðlindafræði

Dóra Sóldís Ásmundardóttir. *Hnippingar sem stuðla að sjálfbærari matarinnkaupum í íslenskum matvöruverslunum.*

Doktorsvarnir Sálfræðideildar

Kristján Helgi Hjartarson. *Sjálfvirkni þunglyndisþanka í daglegu lífi. Rannsóknir á vanabundnu eðli þunglyndisþanka í úrtökum háskólanema og fólks með endurtekið þunglyndi. Innsýn úr snjallsímamælingum.*

Titlar lokaritgerða í námi á meistara- og doktorsstigi í sálfræði við Háskólann í Reykjavík haust 2021 til haust 2022

(Flestar ritgerðirnar má nálgast í heild á www.skemman.is)

MSc-ritgerð í klínískri Sálfræði, árið 2022

Anna Friðrikka Jónsdóttir. *The relationship between sleep-disordered breathing, sleep quality, and ADHD symptoms in children.*

Aron Freyr Kristjánsson. *Safety-seeking behaviours and functional impairment in excessive worry and Generalized Anxiety Disorder (GAD).*

Aron Haukur Hauksson. *Clinical evaluation of an Icelandic adaptation of Moving Forward - A post-treatment course offered to women who have completed treatment for breast cancer.*

Auður Ýr Sigurðardóttir. *Post-concussion symptoms in relation to sports-related concussions and neurocognitive performance.*

Bergþóra Kristín Ingvarsdóttir. *Suicide in Iceland in 2000-2019: A nationwide population-based study.*

Elisabet Charlotta Ásgeirsdóttir. *Examining parent's perception of children's sleep habits and the association between parental knowledge and sleep hygiene.*

Gylfi Hvannberg. *Feasibility and acceptability of CBT-based group therapy for male victims of child abuse.*

Hildur Baldvinsdóttir. *PTSD Symptom Clusters: The Relationship with Types of Traumas and Cognitive Ability.*

Ingibjörg Ragna Malmquist. *Social anxiety in adolescents: comparable treatment gains following cognitive behavioral group therapy and intensive cognitive behavioral therapy.*

Ívar Bjarklind. *Treatment providers' beliefs regarding contingency management interventions in addiction clinics in Iceland.*

Jakob Fannar Stefánsson. *Effectiveness of Brief Cognitive Behavioural Therapy for Non-Underweight Eating Disorders in Iceland.*

Jónína Sigrún Birgisdóttir. *Adverse Childhood Experiences (ACE) Pipeline to Prison? Prevalence of ACEs and Its Effects on Quality of Life in Icelandic Prison and Drug Rehabilitation Population.*

Karl Elí Karlsson. *What are the symptoms: Exploring depression, anxiety and concussion symptoms among Icelandic male athletes.*

Lilja Dögg Færseth Ólafsdóttir. *Long-COVID: emotional and behavioral responses.*

Malena Írisard. Þórisdóttir. *Does a Virtual Courtroom Elicit Distress among Victims of Sexual Assault?*

Margrét Hera Hauksdóttir. *Sex Education for Children with Intellectual Disability and Autism Spectrum Disorder.*

Margrét Tórshamar Georgsdóttir. *Sexual Violence Survivors' Response to a Virtual Reality Courtroom.*

Móeiður Pálsdóttir. *Inpatient Treatment for Eating Disorders; patients' experiences, demographics, and treatment characteristic.*

Sóley Baldursdóttir. *The Longitudinal and Bidirectional Association Between Irritability and Depressive Symptoms in Icelandic Adolescents.*

Sólveig Birna Júlíusdóttir. *Onset polarity in bipolar disorder: Differences in clinical features and course of illness.*

Sólveig Jónsdóttir. *Gender differences in comorbid disorders and quality of life of adults diagnosed with ADHD.*

Torfi Már Jónsson. *Well-being of your heart: Prevalence in depression, anxiety and psychological distress after percutaneous coronary intervention.*

Vigdís M. Jónsdóttir. *The Efficacy of Group Cognitive Behavioural Therapy (CBT) for Adults with a History of Childhood Abuse: A Single-Case Experimental Study.*

Vignir Fannar Valgeirsson. *The Psychometric Properties of the Covert and Overt Reassurance Seeking Inventory (CORSI) in an Icelandic Sample and the Relationship Between Worries and Reassurance Seeking.*

Viktor Örn Margeirsson. *Concussion Among Male Athletes in Iceland: Anxiety, Depression and Stress.*